

**SKOÐUN** Gyða Margrét Pétursdóttir skrifar um kynferðisbrot og skrímslavæðingu. 23



**MENNING** Íslensk indítónlist fellur í kramið hjá ferðamönnum sem heimsækja landið. 54



**SPORT** Helga Margrét hefur hafið æfingar að nýju eftir árshlé vegna meiðsla. Íhugaði að hætta keppni. 58





# FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

**Fimmtudagur**
5. september 2013
208. tölublað 13. árgangur
Sími: 512 5000

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012


**FRÉTTIR**



### Risavirkjun í hjarta Amazon-frumskógarins

Stjórnvöld í Brasilíu ætla að fórna stóru landsvæði í Amazon-regnskóginum þvert á kröfur þúsunda heimamanna og mótmæla úr öllum heimshornum. 16

**Ákærður fyrir innherjasvik** Fyrrverandi stjórnandi hjá Glitni hefur verið ákærður fyrir innherjasvik. 2

**Breyttar busavígslur** Niðurlægingin er á undanhaldi í busavígslum framhaldsskóla. 8

**Dýr kergja** Vatnajökulsþjóðgarður hyggst reisa skála við Öskju fyrir 53 milljónir fyrst ekki náðust samningar við Ferðafélag Akureyrar. 10




22

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Bolungarvík | 8° | | SV | 6 |
| Akureyri | 9° | | SV | 2 |
| Egilsstaðir | 10° | | NV | 3 |
| Kirkjubæjarkl. | 11° | | NA | 2 |
| Reykjavík | 10° | | NV | 3 |

**Bjart** eða bjart með köflum og hæg breytileg átt. Hiti á bilinu 5 til 14 stig hlýjast austanlands. 4

**SÉRBLAÐ**

Fólk




# Álverslína truflar Vallabúa

Pétur Pétursson segir íbúa Vallahverfis í Hafnarfirði þreytta á hávaða frá háspennulínum sem taka hefði átt niður fyrir 2011. Nú sé útlit fyrir að þær standi jafnvel til ársins 2020 vegna tillitsemi bæjarins við Landsnet.

**UMHVERFISMÁL** „Það getur verið erfitt að sofa við opinn glugga hér í hverfinu vegna hávaða frá tengivirkinu,“ segir Pétur Pétursson, íbúi í Vallahverfi í Hafnarfirði.

Háspennulínur liggja í jaðri Vallahverfis og að álverinu í Straumsvík. Pétur segir að samkvæmt samkomulagi Hafnarfjarðar og Landsnets hafi háspennulínurnar átt að vera horfnar í síðasta lagi árið 2011 og tengivirki við Hamranes nokkru síðar. Nú hafa bæjaryfirvöld hins vegar gefið Landsneti frest til ársins 2016 að hefja niðurrifið. Verkinu á að vera lokið í síðasta lagi á árinu 2020.

Í svari til Péturs segir skipulagsstjóri Hafnarfjarðar að tímasetningin sé háð framkvæmdum Landsnets við svokallaðar Suðvesturlínur, sem tengjast uppbyggingu stóriðju í Helguvík.

Pétur hefur reynt að fá bæjaryfirvöld til að standa með íbúunum en ekki raforkufyrirtækinu eins og honum finnst þau gera.

„Það er skýrt samkomulag um að þessar línur áttu að vera farnar árið 2011 og óþarfi af bænum að gefa það eftir bara af því að það hentar Landsneti að bíða,“ segir Pétur. Hann lét til sín taka á íbúafundi í júní.

„Ég benti á að við værum að tala um skert lífsgæði að búa við þetta og þá værum við ekki að tala eingöngu um sjónmengun. Það er stanslaus niður frá tengivirkinu og þegar það er raki eða rigning magnast suð frá línunum,“ rifjar Pétur upp umræður af íbúafundinum.

Guðrún Ágústa Guðmundsdóttir bæjarstjóri tók undir með Pétri á íbúafundinum um að frestunin á niðurrifi línanna væri ekki forsvaranleg. „Það eru hins vegar alls konar fyrirvarar sem Landsnet getur notað til að fresta því að taka niður línurnar,“ er haft eftir bæjarstjóranum í fundargerð.

> Er Landsnet algerlega með töglin og hagldirnar?
>
> *Pétur Pétursson, íbúi í Vallahverfi*

„Er Landsnet algerlega með töglin og hagldirnar?“ spyr Pétur. „Það er eins og ég búi í 500 en ekki 27 þúsund manna samfélagi því sveitarfélagið virðist algerlega bitlaust í málinu.“ - gar



**LÉTT YFIR LEIÐTOGUM** Þau Helle Thorning-Scmidt, forsætisráðherra Danmerkur, og Sauli Niinisto Finnlandsforseti slógu á létta strengi ásamt Barack Obama Bandaríkjaforseta fyrir leiðtogafund í Svíþjóð í gær. Á vinstri hönd Obama standa þeir Fredrik Reinfeldt, forsætisráðherra Svíþjóðar, og kollegar hans frá Noregi og Íslandi, Jens Stoltenberg og Sigmundur Davíð Gunnlaugsson. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Sigmundur Davíð ræddi um netöryggi, norðurslóðir og Sýrland við Obama:

# Tók vel í heimsókn til Íslands

**STJÓRNMÁL** Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra bauð Barack Obama Bandaríkjaforseta í opinbera heimsókn til Íslands þegar þeir hittust á fundi Obama með leiðtogum Norðurlandanna í Svíþjóð í gær. „Hann tók býsna vel í það og sagðist langa mjög mikið til að koma sem fyrst. Það er aldrei að vita nema af því verði,“ segir Sigmundur Davíð.

Hann segir að farið hafi verið yfir víðan völl á þriggja klukkustunda fundi leiðtoganna.

Netöryggismál og spurningar varðandi þau voru meðal þess sem kom til tals. „Það er að segja hvernig samtímis er hægt að tryggja persónuvernd, og gæta þess að glæpamenn og jafnvel ríki, misnoti ekki tæknina,“ segir Sigmundur. Þá var farið yfir norðurslóðamál og samspil umhverfisverndar og þróunaraðstoðar.

Ástandið í Sýrlandi bar einnig á góma. „Ég lagði áherslu á að menn ynnu þetta áfram í gegnum Sameinuðu þjóðirnar og að öryggisráðið færi líka að taka sér tak, ef svo má segja, í því að fjalla um stöðu mála í Sýrlandi.“ Í sameiginlegri yfirlýsingu eftir fundinn fordæmdu leiðtogarnir notkun efnavopna í Sýrlandi. - bl / sjá síðu 12

> Hann tók býsna vel í það og sagðist langa mjög mikið að koma til Íslands sem fyrst.
>
> *Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra*

740 börn kosta um milljarð:

# Vill ungbörnin fyrr í leikskóla

**SKÓLAMÁL** „Það er ótrúlegt að borgin skuli ekki hafa í 20 ár gert áætlun um að yngja upp í þessum hópi,“ segir Sóley Tómasdóttir, borgarfulltrúi Vinstri grænna, sem vill að borgarreknir leikskólar standi ungbörnum til boða eftir að fæðingarorlofi sleppir.



**SÓLEY TÓMASDÓTTIR**

Á fjórða hundrað ungbarna eru ekki í skráðri dagvistun í Reykjavík.

Talið er að það muni kosta borgina 1.250 milljónir á ári að vista 740 ungbörn.

Oddný Sturludóttir, formaður skóla- og frístundaráðs, segir börnum hafa fjölgað gríðarlega á leikskólum borgarinnar á síðustu fjórum árum. Hún segir það sína framtíðarsýn að þróa leikskólana í þá átt að taka á móti yngri börnum. Oddný segir að þjónustan sem nú er boðið uppá sé góð, en bætir við alltaf megi gera betur. - vg / sjá síðu 6









# Stöð 3 er ný sjónvarpsstöð.

## Hún kostar aðeins 2.990 kr. á mánuði

**FYLGIR**
áskrift
að Stöð 2



Útsendingar hefjast **7. september**
og er fyrsta vikan í opinni dagskrá

Með áskriftinni fylgir Krakkarásin
og þriggja mánaða aðgangur að Tónlist.is

Stöð 3 + krakkar +



Ferskir innlendir og erlendir þættir á nýrri og spennandi sjónvarpsstöð.
Eva Laufey
Graceland
Jamie's American Road Trip
Óli og Sverrir
Þórunn Antonía
Friðrik Dór
Hart of Dixie
Hunted
3
krakkar +
2.990 kr.
Gerðu verðsamanburð
4.990 kr.
SKJÁREINN
Amazing Race
X-Factor
Super Fun Night
Pretty Little Liars
Shameless

## SPURNING DAGSINS



Snæbjörn, er þetta ekki skítleg aðstaða?

**„Skítt með það, ætli lyktin drukkni ekki í táfýlu hvort eð er.“**

Snæbjörn Ragnarsson og aðrir meðlimir í hljómsveitinni Skálmöld eru á leið í tónleikaferð um Evrópu í rútu án salernis.

Aðilar vinnumarkaðarins bíða eftir að ríkisstjórnin móti peningastefnu næstu missera:

# Kröfugerð seinkar vegna tafa á fjárlögum

**KJARAMÁL** Engin formleg samvinna er hafin milli stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins vegna komandi kjarasamninga. Þorsteinn Víglundsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins, segir að samtökin hafi á síðustu vikum þrýst á stjórnvöld að hefja þessa samvinnu.

Gylfi Arnbjörnsson, forseti Alþýðusambands Íslands, segir að megináherslan verði á að auka kaupmátt í komandi samningum. „Óvissuþátturinn er hins vegar að menn vita ekki hvað ríkisstjórnin ætlar sér eða hvers konar peningastefnu hún ætlar að móta.“ Gylfi segir að það tefji vinnu verkalýðsfélaganna varðandi kröfugerðina að ríkisstjórnin leggur fjárlög ekki fram fyrr en 1. október. „Á meðan menn vita ekki hvað verður í þeim seinkar það allri vinnu varðandi kröfugerð félaganna.“



ÞORSTEINN VÍGLUNDSSON



GYLFI ARNBJÖRNSSON

Bæði verkalýðshreyfingin og atvinnurekendur hafa það að markmiði að ná tökum á verðbólgunni.

„Við höfum bent á að ein megin orsök verðbólgunnar eru miklar launabreytingar á síðustu árum. Laun á Íslandi hafa hækkað um 100 prósent frá síðustu aldamótum, kaupmáttur hefur á sama tíma aukist um 9 prósent. Á hinum Norðurlöndunum hafa laun að meðaltali hækkað um 40 prósent á sama tíma en kaupmáttur hefur aukist um 18 prósent. Hófstilltar launabreytingar á Norðurlöndum hafa leitt af sér mun lægri verðbólgu og meiri gengisstöðugleika en við höfum búið við,“ segir Þorsteinn. - jme



**MÁ DOTTA** Ekki er skylda að lesa í stólnum heldur er mikill skilningur því sýndur ef menn eru þreyttir og vilja loka augunum og láta amstur dagsins líða úr sér. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Eymundsson og Bókmenntahátíð standa fyrir Lestrarspretti:

# Styðja gott málefni með lestri

**MENNING Eymundsson hefur tekið höndum saman við Bókmenntahátíð í Reykjavík og skipulagt Lestrarsprett dagana 5. til 8. september til styrktar Ljósinu, endurhæfingar- og stuðningsmiðstöð fyrir fólk sem hefur fengið krabbamein og aðstandendur þeirra.**

**„Á opnunartíma verslunarinnar frá morgni til kvölds verður einn í einu að lesa í æðislega þægilegum og huggulegum hægindastól,“ segir Stella Soffía Jóhannesdóttir, framkvæmdastjóri Bókmenntahátíðar í Reykjavík. „Maður má lesa hvaða bók sem er að eigin vali, skiptir engu máli hvort hún er skáldsaga, ljóð eða leikrit.“ Stella segir ekki alla geta tekið þátt í maraþonhlaupi en hins vegar séu Íslendingar afskaplega góðir í að lesa bækur.** - nej

Kannabis í heimahúsi:

# Götuverðmætið er 36 milljónir

**LÖGREGLUMÁL** Fimm menn voru handteknir í gær eftir að 460 kannabisplöntur og 12 kíló af kannabisefnum, sem var verið að undirbúa fyrir sölu, fundust í heimahúsi í vesturborginni í gær.

Samkvæmt upplýsingum frá lögreglu telst málið upplýst og eru þeir frjálsir ferða sinna. Þetta er einn stærsti fíkniefnafundur í heimahúsi um nokkurt skeið.

Efnin sem fundust í gær tilbúin til sölu eru að minnsta kosti 36 milljóna króna virði, samkvæmt verðskrá SÁÁ frá því í júlí. - bl

Forsetinn náðaði svikahrapp:

# Sveik stórfé af sextán manns

**DÓMSMÁL** Karlmaður á sextugsaldri sveik út 117 milljónir króna af 16 manns á árunum 2006 til 2010 í stórfelldu fjársvikamáli sem verður tekið fyrir í Héraðsdómi Reykjavíkur í dag. Í fréttum RÚV í gær sagði að brotin væru flest vegna gjaldeyrisviðskipta. Fólkið greiddi honum allt frá tæplega 2 milljónum upp í rúmar 16 milljónir króna.

Fram kom að hann hafi áður verið dæmdur í fangelsi fyrir að féfletta aldraða ekkju, en forsetinn hafi náðað hann áður en hann sat af sér allan dóminn. - bl

# „Suður-Íslendingar“ vilja rækta tengslin

Afkomendur Íslendinga sem fluttu búferlum til Brasilíu fyrir um 150 árum skipta hundruðum. Mario Reikdal Dos Santos, formaður Íslendingafélags Brasilíu, vill hlúa að rótunum og vinnur að því að koma á vinabæjarsambandi við Akureyri.

**FÓLK** Afkomendur Íslendinga sem fluttu til Brasilíu á seinni helmingi nítjándu aldar hafa mikinn hug á því að hlúa að rótum sínum á Íslandi og vinna nú að því að koma á vinabæjarsambandi milli Akureyrar og Curitiba.

Mario Reikdal Dos Santos er formaður AISBRA, Íslendingafélagsins í Brasilíu, en móðurafi hans var alíslenskur.

„Afi minn hét Karl Magnús Albertsson og fæddist í Brasilíu, en foreldrar hans voru íslenskir innflytjendur. Hann tók síðar upp nafnið Reikdal þar sem þau komu frá Reykjadal,“ segir Mario í samtali við Fréttablaðið.

Hann bætir því við að hann hafi alltaf verið meðvitaður um rætur sínar.

„Ég held mikið upp á minningu frá því að ég var fimm eða sex ára. Þar sitjum við systkinin með móður okkar uppi í rúmi þar sem hún sýnir okkur National Geographic-tímarit og segir okkur frá landi íss og elda. Hún sagði að þar lægju rætur okkar og rifjaði upp sögurnar sem amma hennar og faðir sögðu henni.“

Mario hefur komið þrisvar til Íslands, fyrst árið 1997. Hann segist hafa verið fyrstur afkomenda Brasilíufaranna til að koma til Íslands og að ferðin hafi verið tilfinningaþrungin.

„Ég er ekki mjög viðkvæmur tilfinningalega en þegar ég opnaði bók um sögu Íslands, eftir Jón Hjálmarsson, í bókabúð og fletti upp á kaflanum um flutninga Íslendinga til Brasilíu fór ég að gráta. Það snerti mig afar djúpt.“

Nú stendur yfir vinna við að koma á vinabæjarsambandi milli Akureyrar og Curitiba. Það er vel við hæfi þar sem Íslendingarnir sem fluttu til Brasilíu voru flestir Norðlendingar og sigldu frá Akureyri, og settust svo að í Curitiba í suðurhluta Brasilíu.

Curitiba hefur samþykkt málið fyrir sitt leyti. Eiríkur Björgvinsson, bæjarstjóri Akureyrar, segir að þarna séu sameiginlegir hagsmunir sem gaman væri að byggja frekari tengsl á, en ganga þurfi betur frá ýmsum formlegheitum í kringum þessar hugmyndir.

„Þetta er skemmtileg þróun og vonandi verða meiri samskipti þarna á milli því að þessi 150 ára saga er mjög merkileg.“

thorgils@frettabladid.is



**RÆKTA RÆTURNAR** Íslendingafélagið í Brasilíu er nokkuð virkt og Mario, sem er hér fyrir miðri mynd, segir hóp Suður-Íslendinga nú stefna að því að koma til Íslands haustið 2014.

## Tóku upp ættarnöfn frá heimaslóðum

- Alls héldu 37 Íslendingar til Brasilíu; fimm karlar árið 1863, þar af einn sem lést á leiðinni, og 32 réttum áratug síðar. Þeir settust flestir að í borginni Curitiba. Þar búa nú enn flestir afkomendur Íslendinganna.
- Árið 2000 var torg eitt í Curitiba nefnt Íslandstorg, Praça República da Islândia.
- Ekki er vitað nákvæmlega hversu margir Brasilíumenn eiga ættir að rekja til Íslands en það er að öllum líkindum á annað þúsund manns.
- Íslendingarnir tóku margir upp ættarnöfn sem minntu á heimaslóðir og haldast enn í dag. Þar má nefna Barddal (Bárðardalur), Söhndal (Sunnudalur) og Reikdal (Reykjadalur).






Fyrrverandi yfirmaður hjá Glitni seldi bréf fyrir tíu milljónir í mars 2008:

# Ákærður fyrir innherjasvik

**DÓMSMÁL** Sérstakur saksóknari hefur gefið út ákæru á hendur fyrrverandi framkvæmdastjóra hjá Glitni fyrir innherjasvik.



ERLENDUR MAGNÚSSON

Maðurinn, Erlendur Magnússon, var framkvæmdastjóri deildar sem sá um skuldsetta fjármögnun hjá Glitni fyrir hrun.

Í ákærunni er honum gefið að sök að hafa nýtt sér innherjaupplýsingar sem hann komst yfir við störf sín í bankanum þegar hann seldi hluti félagsins Fjársjóðs ehf. í Glitni fyrir tíu milljónir króna 26. mars 2008. Fjársjóður ehf. var í eigu Erlendar og konu hans.

Erlendur var ekki á skrá yfir innherja í bankanum en sérstakur saksóknari telur að hann hafi uppfyllt skilyrði þess að teljast tímabundinn innherji þegar hann seldi bréfin, enda hafi hann á tímabilinu frá 27. febrúar 2008 til 26. mars 2008 fengið sendar í tölvupósti margvíslegar upplýsingar um slæma lausafjárstöðu bankans í erlendum gjaldeyri.

Sjálfur skrifaði Erlendur í tölvupósti til forstjórans Lárusar Welding 14. mars að ef bankinn leitaði ekki aðstoðar Seðlabankans vegna lausafjárstöðunnar yrðu „hlutabréf bankans svo gott sem verðlaus um páskana“.

Í ákærunni, sem gefin var út 2. ágúst og verður þingfest á mánudaginn kemur, segir að sex milljónir króna á bankareikningi Fjársjóðs ehf. hafi verið kyrrsettar 19. júlí síðastliðinn. Gerð er krafa um upptöku þeirra. - sh

## Tveir dómar fallið vegna innherjasvika

Tvisvar hafa menn verið sakfelldir á Íslandi fyrir innherjasvik.

Sá fyrsti var Baldur Guðlaugsson, fyrrverandi ráðuneytisstjóri, sem var dæmdur í tveggja ára fangelsi árið 2011 fyrir að selja bréf sín í Landsbankanum fyrir 192 milljónir í september 2008.

Hinn var Friðfinnur Ragnar Sigurðsson, fyrrverandi framkvæmdastjóri millibankamarkaða hjá Glitni, sem hlaut í vor eins árs dóm fyrir að selja bréf sín í bankanum fyrir 20 milljónir í mars, apríl og september 2008.

ALLT AÐ 70% AFSLÁTTUR!

# ÚTSALA

## LAGERHREINSUN

## hefst í dag kl 9:00

Inni- og útimálning 20% • Viðarvörn 20% • Mottur og dreglar 30%
Flísar 30% • Rafmagnsverkfæri 20-30% • Handverkfæri 20-40%
Eldavélar 30% • Verkfæratöskur 20-40% • Loftpressur 20-30%
Straujárn 30% • Blöndunartæki 20-25% • Parket 20%
Ryksugur 25% • Handlaugar 20-25% • Baðfylgihlutir 25-30%
Vorverkfæri 20% • Pottaplöntur 20-50% • Búsáhöld 30-50%
Vinnufatnaður 30-50% • Útivistarfatnaður 30-50% • Ljós 25%
Kæliskápar 25% • Frystikistur og -skápar 25% • Ofnar 30%
Þvottavélar og þurrkarar 20% • Uppþvottavélar 20%
Klósett 20% • Örbylgjuofnar 30% • Smáraftæki 20% •
Loftaþiljur 30% • Blómaval ýmsar vörur 20-50%
og margt fleira...

**Lagerhreinsun markaður í Skútuvogi allt að 70% afsláttur**

Flísar • Parket • Fatnaður• Málningarvörur
Festingarvara • Handverkfæri • Hreinlætistæki
Baðfylgihlutir og margt fleira.

HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA
ALLT FRÁ GRUNNI AÐ GÓÐU HEIMILI
SÍÐAN 1956

## SVONA ERUM VIÐ



**164** **bera nafnið Tristan sem fyrsta eiginnafn.**

**39 bera það sem annað nafn samkvæmt tölum frá Hagstofu**

Fangaverðir komu að mannræningjanum Ariel Castro látnum:

# Castro hengdi sig í klefanum

**BANDARÍKIN, AP** Mannræninginn og níðingurinn Ariel Castro, sem rændi þremur unglingsstúlkum og hélt þeim föngnum í áratug, fannst í fyrradag hengdur í fangaklefa sínum í Ohio.

Hann játaði brot sín og var í síðasta mánuði dæmdur í ævilangt fangelsi, og þúsund ár að auki.

„Ég er ekkert skrímsli, ég er sjúkur,“ sagði hann við réttarhöldin.

Fangaverðir komu að honum í klefa sínum þar sem hann hékk í snörunni og var hann strax fluttur á sjúkrahús, en úrskurðaður látinn þar.

Vitað var að hann var í sjálfsvígsáhættu og var hann hafður í sérstöku eftirliti þess vegna. Fangaverðir litu til hans á hálftíma fresti, en nú er hafin rannsókn á því hvernig honum tókst að binda enda á líf sitt.

Konunum þremur rændi hann á árunum 2002 til 2004, en þær voru 14, 16 og 20 ára gamlar þegar hann svipti þær frelsinu. - gb



**ARIEL CASTRO** Rændi þremur konum og hélt þeim föngnum á heimili sínu í Ohio í áratug. NORDICPHOTOS/AFP

Samráðshópur ríkisstjórnar:

# Vilja losna við kennitöluflakk

**STJÓRNMÁL** Ríkisstjórnin ætlar að segja kennitöluflökkurum stríð á hendur. Í því skyni verður settur á fót samráðsvettvangur þriggja ráðuneyta.

Ekki liggur fyrir lagaleg skilgreining á „kennitöluflakki“ en með því er oftast átt við misnotkun eigenda í skjóli takmarkaðrar ábyrgðar, til dæmis að nýtt félag sé stofnað í sama atvinnurekstri og gjaldþrota félag til að losa reksturinn undan skuldbindingum en halda eignum gamla félasins.- jme



**Í FYLGD FANGAVARÐA** Einn sakborninganna rak fingurinn framan í ljósmyndara í héraðsdómi í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Þrír dæmdir í fangelsi:

# Byssuræningjar játuðu allir sök

**DÓMSMÁL** Þrír menn hlutu sex til átján mánaða fangelsisdóma í gær fyrir rán, frelsissviptingu og hylmingu.

Tveir af mönnunum, sem eru fæddir árið 1993, ruddust inn á heimili karlmanns á sjötugsaldri í Grafarvogi, veittu honum hnefahögg og ógnuðu með hnífi. Þeir spörkuðu síðan í líkama hans, bundu hendur hans og neyddu hann til að afhenda sér lykil að skotvopnaskáp í íbúðinni.

Því næst höfðu þeir átta byssur á brott með sér, auk skotfæra. Þriðji maðurinn faldi svo skotfærin í íbúð unnustu sinnar. Þremenningarnir játuðu sök. - bl

Met slegið í umferð flugvéla:

# Jafngildir um 48 tunglferðum

**SAMGÖNGUMÁL** Alls flugu 13.039 flugvélar samtals 18,6 milljónir kílómetra um íslenska flugstjórnarsvæðið í ágúst. Það er nýtt met. Þetta kemur fram á vefsíðu Isavia.

Um fjórar milljónir farþega voru fluttar með flugvélunum en vegalengdin sem flogin var jafngildir 48 ferðum til tunglsins.

Fyrra mánaðarmet var 12.400 flugvélar og það átti júlímánuður árið 2011. - nej

# Yfir 300 ungbörn eru án dagvistunar í Reykjavík

**Fjöldi ungbarna er ekki í dagvistun hjá Reykjavíkurborg. Vinstri grænir vilja að borgin taki að sér ungbarnagæslu en kostnaður við það er rúmur milljarður. Borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins segir kostnaðinn mun hærri.**

**SKÓLAMÁL** Á fjórða hundrað ungbarna eru ekki í skráðri dagvistun hjá Reykjavíkurborg. Árið 2011 var þessi fjöldi 340 börn samkvæmt greiningu skóla- og frístundasviðs. Formaður skóla- og frístundaráðs segir ekkert benda til að þessi tala hafi lækkað síðan þá. Þessi ungbörn eru þá líklega hjá foreldrum sínum yfir daginn eða öðrum ættingjum.

„Það er ótrúlegt að borgin skuli ekki hafa í 20 ár gert áætlun um að yngja upp í þessum hópi,“ segir Sóley Tómasdóttir, borgarfulltrúi Vinstri grænna, sem bókaði á fundi borgarstjórnar í gær að hún vildi að borgarreknir leikskólar stæðu ungbörnum frá tólf mánaða aldri til boða eftir að fæðingarorlofi sleppir. Búið er að greina kostnaðinn við þetta úrræði og er búist við að það muni kosta borgina 1.250 milljónir á ári að vista 740 ungbörn.

Sóley segir að það þurfi að gera áætlun um að yngja upp í leikskólunum „og við gætum til að mynda stefnt að því að brúa bilið fyrir árið 2016,“ bætir hún við.

Á síðasta ári lagði hún fram tillögu þess efnis að borgarstjórinn ræddi við menntamálaráðherra um að brúa bilið frá fæðingarorlofi fram að leikskóla. Borgin óskaði eftir viðræðum við menntamálaráðherra í gær.

„Kerfið hefur sína galla en þjónustan er góð,“ segir Oddný Sturludóttir, formaður skóla- og frístundaráðs. Hún bætir við að



**SÓLEY TÓMASDÓTTIR**



**ODDNÝ STURLUDÓTTIR**

alltaf megi gera betur. Hún segir börnum hafa fjölgað gríðarlega á leikskólum borgarinnar á síðustu fjórum árum. Þannig hafi 400 börn bæst við þann stóra hóp barna sem fyrir er „með tilheyrandi álagi, sem við ráðum þó vel við“. Hún leggur áherslu á fjölbreytt úrræði í dagvistunarmálum ungbarna „en mín framtíðarsýn er sú að við eigum smátt og smátt að þróa leikskólana í þá átt að taka á móti yngri börnum“.

Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins, segist frekar vilja styrkja þá þjónustu sem fyrir er. Hún segir kostnaðinn við hvert barn undir tveggja ára aldri vera tvær milljónir króna á ári. Spurð hvort það sé raunsætt mat að borgin geti þjónustað svo mörg börn fyrir 1.250 milljónir á ári segist Þorbjörg telja upphæðina frekar nær þremur milljörðum.

Til samanburðar segir hún að barn hjá dagforeldri kosti borgina á bilinu 600-700 þúsund og pláss á ungbarnaleikskóla fyrir eitt barn kosti 1,2 milljónir á ári.

valurg@365.is



**DAGFORELDRAR** Samkvæmt núverandi skipulagi sjá dagforeldrar og ungbarnaleikskólar um dagvistun ungbarna. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Mæður komast fyrr út á vinnumarkað

Skóla- og frístundasvið kannaði áhrif þess að börn væru tekin ári fyrr í leikskóla. Meðal annars kom í ljós að breytingin gæti haft jákvæð áhrif fyrir foreldra og jafnvel gert foreldrum, og þá sérstaklega mæðrum, auðveldara fyrir að fara fyrr út á vinnumarkaðinn eftir fæðingarorlof.

Það hefði hins vegar mikil áhrif á þá 200 dagforeldra sem starfa nú við daggæslu ef forsendur fyrir slíkum rekstri væru brostnar. Búist er við helmingsfækkun dagforeldra verði slíkt að veruleika.



**ÞORBJÖRG HELGA VIGFÚSDÓTTIR**


# Start 16-25 ára

Hentar ungu fólki sem vill komast í gott form.
Regluleg vigtun og aðhald. Kennsla á líkamsræktartæki í sal og frjáls aðgangur að tækjasal.

- Mán., mið. og fös. kl. 15:30 eða 18.30
- Þjálfari: Judit Rán
- Aðgangur að fjölbreyttum fræðslufyrirlestrum innifalinn
- Verð kr. 15.900, 4 vikur (13.900 í áskrift, 3ja mán. binditími)



Skráning í síma 560 1010
eða á mottaka@heilsuborg.is

HEILSUBORG
Heilsuborg ehf. • Faxafeni 14 • 108 Reykjavík
Sími 560 1010 • www.heilsuborg.is


## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi




**BÆTIR Í VIND** norðvestanlands í kvöld og verður strekkingsvindur þar á morgun og um allt vestanvert landið á laugardag með rigningu. Síðdegis á laugardag bætir svo í vind austan til. Hlýnar heldur á landinu á morgun og verður fremur milt næstu daga.




**Á morgun**
Strekkingur norðvestanlands en annars hægari vindur.




**Laugardagur**
Strekkingsvindur vestanlands en hægari austan til.

| | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Alicante | 28° | Berlín | 23° | Friedrichshafen | 28° | Las Palmas | 26° | New York | 24° | París | 31° |
| Aþena | 29° | Billund | 22° | Gautaborg | 20° | London | 28° | Orlando | 32° | San Francisco | 22° |
| Basel | 29° | Frankfurt | 28° | Kaupmannahöfn | 20° | Mallorca | 29° | Ósló | 21° | Stokkhólmur | 20° |



**Ingibjörg Karlsdóttir**
veðurfréttamaður

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS–AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal jonl@frettabladid.is **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Guðmundur Steinsson gudmundurs@365.is, Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@365.is, Laila Awad laila@365.is, Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir sigridurdagny@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Ívar Örn Hansen ivarorn@365.is, Kolbeinn Kolbeinsson kolli@365.is, Sigurður Helgi Grímsson sigurdurhg@365.is, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is
**FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarsdóttir vera@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is




**Verið hjartanlega velkomin í verzlanir okkar.** Geysir Skólavörðustíg, Akureyri og Haukadal. Sími 519 6000

## VEISTU SVARIÐ?



**1.** Hvaða söngkonur skipta á milli sín titilhlutverki óperunnar Carmen, sem frumsýnd verður í Hörpu í október?
**2.** Hve marga milljarða vill slitastjórn Landsbankans fá í skaðabætur frá Sigurjóni Þ. Árnasyni, fyrrverandi bankastjóra?
**3.** Hvers vegna lokaði sýslumaðurinn á Selfossi veitingastaðnum í Þrastarlundi um helgina?

**SVÖR:**

1. Hanna Dóra Sturludóttir og Sesselja Kristjánsdóttir. 2. 65 milljarða. 3. Rekstraraðilar höfðu aldrei sótt um leyfi.

Þrír af fjórum sakborningum í BK-máli sérstaks saksóknara neituðu sök við þingfestingu þess í gær:

# Birkir vill fá ákæru gegn sér vísað frá dómi

**DÓMSMÁL** Birkir Kristinsson, fyrrverandi landsliðsmarkvörður í knattspyrnu og yfirmaður í einkabankaþjónustu Glitnis, hefur farið fram á að máli sérstaks saksóknara gegn honum verði vísað frá dómi. Hann vildi því ekki taka afstöðu til ákærunnar við þingfestingu hennar í gær, heldur bíða úrskurðar um frávísunarkröfuna. Hinir þrír sakborningarnir í málinu, Elmar Svavarsson, Jóhannes Baldursson og Magnús Arngrímsson, lýstu sig allir saklausa. Þeir störfuðu allir hjá Glitni fyrir hrun.

Fjórmenningarnir eru ákærðir fyrir umboðssvik, markaðsmisnotkun og brot á lögum um ársreikninga.

Málið tengist 3,8 milljarða lánveitingu Glitnis til félags í eigu Birkis í nóvember árið 2007. Félagið, BK-44, keypti hlut í Glitni fyrir andvirði lánsins. Í ákærunni kemur fram að bréfin hafi verið keypt aftur sumarið 2008 á yfirverði og er tjón bankans af þessum viðskiptum metið á 1,9 milljarða króna. Birkir er ákærður fyrir hlutdeild í umboðssvikunum en til vara fyrir hylmingu og peningaþvætti.

Málflutningur um frávísunarkröfu Birkis fer fram 18. október. **- bl, eh**



**Í HÉRAÐSDÓMI Í GÆR** Sakborningarnir Jóhannes, Elmar, Magnús og Birkir sjást hér á bak við verjendur sína. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA




**Á MÓTI FRUMVARPINU** Kennarar og nemendur mótmæltu ákaft í gær við þinghúsið í Mexíkóborg. Mótmæli hafa staðið yfir í um þrjár vikur. MYND/AFP

Ný löggjöf sem leggur skyldubundið mat á störf kennara:

## Mexíkóskir kennarar mótmæla

**MEXÍKÓ, AFP Mótmæli kennara í Mexíkóborg hafa lamað samgöngur í borginni en þau hafa nú staðið yfir í um þrjár vikur. Ástæðan fyrir mótmælunum er sú að forseti Mexíkó, Enrique Peña Nieto, hefur lagt fram frumvarp sem innleiðir skyldubundið mat á verkum kennara til þess að þeir geti haldið vinnunni og hlotið stöðuhækkanir. Núverandi kerfi gerir það mögulegt að kennarar erfi stöðu sína.**

**Mótmælendurnir, sem eru þúsundir kennara og nemenda, halda til á hinu sögufræga Zocalo-torgi. Komið hafa upp átök á milli hópsins og lögreglumanna þegar andstæðingar ríkisstjórnarinnar köstuðu steinum og bensínsprengjum við upphaf löggjafarþings.** **- nej**

Eining í peningastefnunefnd:

## Allir sammála um stýrivexti

**EFNAHAGSMÁL** Eining var innan peningastefnunefndar Seðlabankans fyrir síðasta vaxtaákvörðunarfund um að stýrivextir ættu að vera óbreyttir. Fundargerð nefndarinnar var birt í gær, hálfum mánuði eftir vaxtaákvörðun.

Þá voru nefndarmenn sammála um að einn helsti óvissuþáttur verðbólguspárinnar væru kjarasamningarnir fram undan.

Launaforsendur í spánni væru umfram það sem samrýmdist verðbólgumarkmiði. Hins vegar segir að aðrir þættir vegi á móti sem valdi því að spáin geri ráð fyrir að verðbólga hjaðni í markmið. **- óká**

Lögregluþjónar í Ósló:

## Fundu skriðdýr í hundruða vís

**NOREGUR** Lögregluþjónar í Ósló ráku upp stór augu í gærmorgun þegar þeir komu inn í íbúð og fundu þar á bilinu 150 og 200 lifandi skriðdýr, aðallega kyrkislöngur. Aftenposten segir frá.

Lögreglan fékk ábendingu um að eitthvað gruggugt gengi á eftir að pakki frá Noregi með nítján lifandi slöngum var stoppaður í tollinum í Ástralíu. Því var látið til skarar skríða og maður á fertugsaldri er í haldi vegna málsins.

Verðmæti dýranna er talið hlaupa á milljónum norskra króna og bíður mannsins allt að sex ára fangelsi. **- þj**

# Niðurlægingu úthýst úr busavígslum

Busavígslur í framhaldsskólum landsins eru komnar í umræðuna á ný. Margir skólar hafa gripið til aðgerða til að stemma stigu við ofbeldi og niðurlægingu sem fylgt hefur slíku. Samráð við nemendur er lykillinn, að sögn fræðimanns.

**FRÉTTASKÝRING**
Eru busavígslur á undanhaldi?

Sífellt fleiri framhaldsskólar leggja nú af hefðbundnar busavígslur, sem í gegnum árin hafa einkennst af því að eldri nemendur láta nýnema ganga í gegnum margs konar raunir. Í verstu tilfellum hafa þessar uppákomur haft á sér yfirbragð ógnunar og niðurlægingar, sem nú er reynt að sporna við.

Ólafur H. Sigurjónsson, formaður Félags stjórnenda í framhaldsskólum, segir stjórnendur í flestum skólum reyna að losna við verstu dæmin í þessum málum.

„Við erum enn að tempra þetta niður. Nemendaráðin og nýnemarnir virðast hafa eitthvað svona [árlegar nýnemavígslur], en við höfum sagt að ef einhver einn fer skælandi heim, þá hefur þeim mistekist."

Ólafur segir að ekki sé hægt að koma í veg fyrir allt slíkt þar sem í sumum tilfellum séu nýnemar teknir út fyrir skólalóðina.

„Eins og er alltaf í tengslum við svona koma fram ofbeldisseggir sem reyna að nota tækifærið og það er nokkuð sem við viljum alls ekki."

Þetta haustið hafa fjölmargir skólar boðað stefnubreytingu í þessum efnum. Meðal annars verða nýnemar í Fjölbrautaskóla Suðurlands ekki busaðir, frekar en jafnaldrar þeirra í Fjölbrautaskóla Suðurnesja, og í vikunni tilkynnti skólameistari Fjölbrautaskóla Garðabæjar að ekki yrðu fleiri busavígslur á vegum skólans.

Busavígslan í Verkmenntaskóla Austurlands komst í fréttir í fyrrahaust þar sem nýnemar voru meðal annars látnir velta sér upp úr slori og drullu. Elvar Jónsson skólameistari segir hins vegar að skólinn hafi nú snúið við blaðinu.

„Stór hluti af því sem við erum að gera nú er að bjóða nýnemum í kökuboð og bíó og þess háttar. Við leyfum eldri nemendum að vísu aðeins að vígja þau nýju, en við erum búin að skera úr allt sem gæti kallast niðurlæging og enginn einn verður tekinn út fyrir."

**thorgils@frettabladid.is**



**LIÐIN TÍÐ?** Eðlisbreyting hefur orðið á busavígslum í mörgum framhaldsskólum. Meira er lagt upp úr því að gera daginn skemmtilegan og eftirminnilegan en að niðurlægja busa. Þessi mynd er frá busavígslu Kvennaskólans árið 2010. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

### Vígslur fylgja aldrinum

Cilia Úlfsdóttir þjóðfræðingur skrifaði meistararitgerð um siði í mennta- og framhaldsskólum á Íslandi. Aðspurð um það hvort busavígslur eins og hafa tíðkast í gegnum árin séu á undanhaldi, segir hún að það sé óvíst.

„Alls staðar í heiminum eru innvígslur á svipuðum aldri. Þetta fylgir aldrinum og því að koma inn í nýjan hóp. Ég er hrædd um að ef lokað er alveg fyrir busavígslur eins og FG gerir, þá muni bara færast meiri harka í busanir fyrir utan skólann."

Aðspurð um framtíðina segir hún að samráð við nemendur sé lykillinn.

„Það hefur verið reynt að breyta þessu í gegnum árin, en það þarf að vera í samráði við krakkana til þess að breytingarnar gangi upp. Það ætti ekkert að standa í vegi fyrir því að koma þessum málum í annað form ef allir eru sáttir."

### Snýst um hefðir og stemningu

Laufey María Jóhannsdóttir, formaður Sambands íslenskra framhaldsskólanema, segir nemendur sjá málið öðrum augum. Þeir eru ósáttir við að skólastjórnendur hlutist til um nýnemavígslurnar.

„Skólarnir vilja auðvitað sjá til þess að ekki sé of langt gengið í vígslunum, en nemendum finnst mörgum sem verið sé að herða reglurnar of mikið."

Laufey segir að nýnemavígslur snúist fyrst og fremst um hefðir og stemningu. „Það ætti því að vera hægt að halda busavígslum áfram svo lengi sem enginn meiðist og allir njóta dagsins, bæði böðlar og busar, og að borin sé virðing fyrir mörkum hvers og eins."


Nú er að stökkva!



Chevrolet Spark | Árgerð 2012
Beinskiptur | bensín | verksmiðjuábyrgð
**Verð kr. 1.590 þús.**



Chevrolet Aveo | Árgerð 2012
Beinskiptur | bensín | verksmiðjuábyrgð
**Verð kr. 1.990 þús.**



Chevrolet Cruze | Árgerð 2012
Beinskiptur | bensín | verksmiðjuábyrgð
**Verð kr. 2.190 þús.**



Chevrolet Orlando | Árgerð 2012
Sjálfskiptur | bensín | verksmiðjuábyrgð
**Verð kr. 3.390 þús.**

**Notaðir bílar hjá Bílabúð Benna:**

# Bílaleigubílar í ábyrgð

Frábært tækifæri til að eignast nýlegan bíl sem er ennþá í verksmiðjuábyrgð. Kíktu í heimsókn og veldu bíl sem hentar þér.

**Bílabúð Benna Reykjavík**
Notaðir bílar • Bíldshöfða 10
Sími: 590 2035 • notadir@benni.is

**Bílabúð Benna Reykjanesbær**
Nýir og notaðir bílar • Njarðarbraut 9
Sími: 420 3330 • notadir@benni.is

Bílabúð Benna
Sérfræðingar í bílum

# TAX FREE DAGAR

AFNEMUM VIRÐISAUKASKATT*
AF **ÖLLUM FATNAÐI**
5.- 8. SEPTEMBER.

*Jafngildir 20,32% verðlækkun. Að sjálfsögðu fær ríkissjóður 25,5% virðisaukaskatt af þessari sölu. Verðlækkunin 20,32% er alfarið á kostnað Hagkaups. Tilboðin gilda út sunnudaginn 8. september.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

## KÓRSTJÓRI

**Breiðfirðingakórinn í Reykjavík sem er að hefja sitt 17. starfsár óskar eftir stjórnanda. Í kórnum eru 40-50 manns og hefur starfið verið öflugt undanfarin ár. Nýr stjórnandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.**

**Upplýsingar fást hjá Halldóru í síma 895 6607 eða í netfangi halldorakg@simnet.is fyrir sunnudaginn 8. september.**












# Eyða 53 milljónum í skála vegna kergju

Kergja er hlaupin í samskipti Ferðafélags Akureyrar og forsvarsmanna Vatnajökulsþjóðgarðs. Ríkið hyggst reisa skála fyrir 53 milljónir króna við hlið skála ferðafélagsins af þessum ástæðum. Á meðan gista landverðir í hjólhýsi.

**FERÐAÞJÓNUSTA** „Þetta er fáránlega þröngt og ekki hægt að bjóða fólki upp á svona til lengdar," segir Hjörleifur Finnsson, þjóðgarðsvörður á norðursvæði Vatnajökulsþjóðgarðs. Starfsmenn hans hafa þurft að halda til í hjólhýsi við skála Ferðafélags Akureyrar í Öskju nærri Drekagili í Vatnajökulsþjóðgarði.



HJÖRLEIFUR FINNSSON

Þetta hefur orðið til þess að ríkið hyggst reisa 100 fermetra skála á svæðinu en lægsta boð var 53 milljónir króna. Vonir standa til að framkvæmdir hefjist í haust og ljúki næsta sumar.

Töluverð kergja er hlaupin í samskipti þjóðgarðsins og Ferðafélags Akureyrar, sem á og rekur skála við hlið hjólhýsisins. Að sögn Hjörleifs sleit ferðafélagið samningum við þjóðgarðinn í janúar síðastliðnum en þá hafði verið samstarfssamningur milli þessara tveggja aðila um skála- og landvörslu. Þjóðgarðurinn leigði svo skála af ferðafélaginu fyrir tæpa eina og hálfa milljón yfir sumarið.

Upphaf deilunnar má meðal annars rekja til þess að ríkið var ósátt við að ferðafélagið héldi ekki úti verkbókhaldi eða vaktakerfi. „Það var að mínu frumkvæði að það var komið á vaktakerfi og verkbókhaldi svo það væri hægt að fylgja því eftir að hvor aðili væri að fá það sem þeir borguðu fyrir," útskýrir Hjörleifur. Hann segir að eftir að samningum var slitið hafi hann óskað eftir því að skálinn yrði leigður fyrir landverði. Því var hafnað.

„Mér finnst þetta bara dálítið leiðinlegt," svarar Hjörleifur spurður út í hans álit á málinu og bætir við: „Ferðafélagið hefur gert margt gott en ég átta mig ekki á þessum viðbrögðum."

Hilmar Antonsson, formaður Ferðafélags Akureyrar, segir að það væri ákjósanlegra að samstarf væri þarna á milli. „En það voru praktísk atriði sem gengu ekki upp," segir Hilmar. Honum líst ekki á hugmyndina um byggingu nýs skála við hlið þess gamla.

„Þetta er bara sóun á almannafé," segir Hilmar en áréttar að honum finnist bygging skálans ekki aðalatriði. „Stærsta málið er viðhald og þjónusta. Við höfum rekið okkar hús með óhemjumikilli sjálfboðavinnu," segir Hilmar og bætir við að hluti af deilunni hafi verið vinnutími. Hilmar segir sitt starfsfólk vinna langt fram eftir en að ríkisstarfsmenn hætti fyrr á daginn. Það er meðal annars ástæðan fyrir því að landverðirnir hafi ekki fengið inn í skálann: „Það yrði bara vont fyrir móralinn. Það passar ekkert að okkar fólk, sem er að vinna langt fram eftir, sé í sama húsi og þeir sem eru að klára klukkan fimm eða sex á daginn."

valurg@365.is



**DREKI** Skálar Ferðafélags Akureyrar. Ríkið hyggst reisa skála við hlið þeirra.

## Yfir 20 þúsund ferðamenn

Yfir tuttugu þúsund ferðamenn sækja Vatnajökulsþjóðgarð á Norðurlandi en þar spilar skálinn við Drekagil lykilhlutverk. Nú eru fjögur hús með gistirými fyrir 55 manns á vegum Ferðafélags Akureyrar. Áætlað er að nýi skálinn verði 100 fermetrar.

> **Þetta er bara sóun á almannafé**
>
> *Hilmar Antonsson, formaður Ferðafélags Akureyrar*



**ÚR AUGLÝSINGA-HERFERÐINNI** Inspired by Iceland kostaði íslenska ríkið 700 milljónir en talið er að það hafi skilað sér allt að fimmtíufalt til baka.

Íslenska ríkið féllst á kröfu auglýsingastofa:

# Ríkið greiðir tíu milljónir í bætur

**STJÓRNSÝSLA** Íslenska ríkið hefur fallist á að greiða auglýsingastofunum ENNEMM og Hvíta-húsinu tíu milljónir króna í skaðabætur vegna tilboðsgerðar í herferð sem síðar varð Inspired by Iceland.

Alls voru fimm auglýsingastofur sem gerðu tilboð í verkið en þegar þær höfðu skilað inn tilboðum sínum hætti iðnaðarráðuneytið við útboðið og fór í staðinn í markaðsátakið Inspired by Iceland.

Ein af þessum auglýsingastofum, Jónsson & Le‘macks, fór þá í mál við íslenska ríkið eftir að það neitaði að greiða útlagðan kostnað vegna tilboðsgerðarinnar. Málið vannst í Hæstarétti og var íslenska ríkinu gert að greiða auglýsingastofunni skaðabætur.

ENNEMM og Hvíta húsið sendu þá sams konar reikninga á ráðuneytið með vísan í dóm Hæstaréttar. Ráðuneytið neitaði að greiða þeim reikningana, meðal annars á þeim forsendum að auglýsingastofurnar tvær hefðu ekki átt raunhæfa möguleika á að vera valdar.

Auglýsingastofurnar mótmæltu þessu og sögðu meðal annars að allar auglýsingastofurnar hefðu átt raunhæfan möguleika á að vera valdar til að sinna verkefninu – líkt og kom fram í nýföllnum dómi Hæstaréttar.

Í ágúst síðastliðnum féllst ráðuneytið á að greiða kröfur ENNEMM og Hvíta hússins að fullu, ásamt vöxtum, dráttarvöxtum og kostnaði. Krafan hefur nú verið greidd af íslenska ríkinu, yfir tíu milljónir króna.

Búast má við því að hinar tvær auglýsingastofurnar, Fíton og Íslenska auglýsingastofan, sem sendu einnig tilboð í verkið krefji ríkið um sams konar skaðabætur.

- bl




# DEBENHAMS

## ESPRIT




**20% AFSLÁTTUR**

af af öllum ESPRIT vörum

Gildir út sunnudag

**Opið í kvöld til 21:00**

Gerðu lífið skemmtilegra





Finndu okkur á facebook

DEBENHAMS SMÁRALIND

KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR

## LEIÐTOGAFUNDUR G20-RÍKJANNA

Í dag hefst í Sankti Pétursborg leiðtogafundur 20 stærstu iðnríkja heims. Fundurinn stendur í tvo daga og snýst um fleira en áform Bandaríkjanna um hernað gegn Sýrlandsstjórn.

Horfur í efnahagsmálum eru bjartari en leiðtogar þessara ríkja hafa átt að venjast árum saman. Hagvöxtur mælist nú í fyrsta sinn í langan tíma samtímis í Bandaríkjunum, Evrópusambandinu og Japan og áhyggjur af því að efnahagskreppan fari aftur á kreik eru hverfandi.

Þegar sú sameiginlega ógn er ekki lengur fyrir hendi virðist áhuginn á því að taka höndum saman um erfið verkefni jafnframt minnka.



**BLÓÐKIRKJAN Í PÉTURSBORG** G20-fundurinn hefst í dag.

KONI

DEMPARAR

STILLANLEGIR DEMPARAR FYRIR ÓSTILLTA VEGI

GÆÐAVÖRUR FYRIR BÍLINN



EXPO - www.expo.is

**REYKJAVÍK,** Bíldshöfða 9, Funahöfða 13
**KÓPAVOGUR,** Smiðjuvegi 4a, græn gata
**HAFNARFJÖRÐUR,** Dalshrauni 17
**REYKJANESBÆR,** Krossmóa 4, **SELFOSS,** Hrísmýri 7
**AKUREYRI,** Furuvöllum 15, **EGILSSTAÐIR,** Lyngás 13
**www.bilanaust.is**

Bílanaust

Gæði, reynsla og gott verð!

# Obama vonast til að Pútín snúist hugur

Bandaríkjaforseti segir sinn eigin trúverðugleika ekki í húfi gagnvart Sýrlandi, heldur trúverðugleika Bandaríkjaþings og heimsbyggðarinnar allrar. Hann hittir Vladimír Pútín Rússlandsforseta á leiðtogafundi G20-ríkjanna í Rússlandi í dag.

**SVÍÞJÓÐ** „Trúverðugleiki minn er ekki í húfi,“ sagði Barack Obama Bandaríkjaforseti á blaðamannafundi í Stokkhólmi í gær þegar talið barst að refsiaðgerðum gegn Sýrlandi.

Obama hefur áður sagt að noti Sýrlandsstjórn efnavopn fari hún yfir strikið. Eftir það sé réttlætanlegt að grípa til hernaðar í refsingarskyni fyrir slíkt framferði.

Á blaðamannafundinum vísaði Obama til alþjóðlegra samninga gegn efnavopnanotkun, sem flest ríki heims hafa staðfest.

„Þetta var ekki eitthvað sem ég bjó til,“ sagði hann. „Það er trúverðugleiki alþjóðasamfélagsins sem er í húfi og trúverðugleiki Bandaríkjaþings, vegna þess að við segjum það í orði að þessar alþjóðareglur skipta einhverju máli.“

Stjórnvöld í Bandaríkjunum, Bretlandi, Frakklandi og Þýskalandi segja öll að leyniþjónustur þeirra hafi upplýsingar sem staðfesta að efnavopnaárás hafi verið gerð þann 21. ágúst í úthverfum Damaskusborgar. Allt bendi til þess að þar hafi sýrlenski stjórnarherinn verið á ferðinni.

Rússar hafa miklar efasemdir um gildi þessara yfirlýsinga.



**BARACK OBAMA OG FREDRIK REINFELDT** Forseti Bandaríkjanna ásamt forsætisráðherra Svíþjóðar á blaðamannafundi í Stokkhólmi í gær. NORDICPHOTOS/AFP

Vladimír Pútín Rússlandsforseti sagði í viðtali í gær að Rússar útilokuðu ekki hugsanlega aðild að hernaði gegn Sýrlandsstjórn en fyrst þyrftu að liggja fyrir óyggjandi sannanir þess að stjórn Assads Sýrlandsforseta hefði í raun notað efnavopn gegn fólki.

Hann réð hins vegar Vesturlöndum eindregið frá því að taka til eigin ráða í þessu efni.

Obama sagði á blaðamannafundinum að hann hefði enn ekki gefið upp vonina um að Rússum snerist hugur og samþykktu aðgerðir á vettvangi Öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna.

„Ég er alltaf vongóður og ég mun halda áfram að fást við hann því ég tel að alþjóðlegar aðgerðir yrðu miklu áhrifaríkari og á endanum getum við stöðvað dauðsföllin mun hraðar ef Rússland tekur annan pól í hæðina varðandi þennan vanda,“ sagði Obama. gudsteinn@frettabladid.is

GRÍPTU TÆKIFÆRIÐ

500 ÞÚS. KR. KAUPAUKI FYLGIR QASHQAI

NISSAN

Innovation that excites

NISSAN QASHQAI




NISSAN QASHQAI DÍSIL 4WD
VERÐ FRÁ 4.990 ÞÚS. KR.

Þeir sem kaupa Qashqai eru að leita að fallegum fjórhjóladrifnum bíl sem er hagkvæmur í rekstri og góður í endursölu.

Qashqai eyðir einungis frá 4,6 l/100 km

Qashqai 1,6 dCi beinsk.
**Verð: 4.990 þús. kr.**

Qashqai+2 1,6 dCi beinsk. 7 manna
**Verð: 5.390 þús. kr.**

Qashqai 2,0 bensín, sjálfsk.
**Verð: 5.790 þús. kr.**

Qashqai 2,0 dCi sjálfsk.
**Verð: 6.090 þús. kr.**

KAUPAUKI AÐ ANDVIRÐI
500 ÞÚS. KR.

· Vetrardekk
· Dráttarbeisli
· iPad 32 GB

ENNEMM / SÍA / NM58914

B|L
**BL ehf**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

**GE bílar** Reykjanesbæ www.bilahusid.is 421 8808

**Bílasalan Bílás** Akranesi www.bilas.is 431 2622

**Bílasala Akureyrar** Akureyri www.bilak.is 461 2533

**Bílaverkstæði Austurlands** Egilsstöðum www.bva.is 470 5070

**IB ehf.** Selfossi www.ib.is 480 8080

# HEILSA Í HAGKAUP



Valin vítamín á tilboði

15% AFSLÁTTUR Á KASSA



kynning!

15% AFSLÁTTUR Á KASSA



ARNAR OG ÍVAR KYNNA
Í dag í Skeifunni
kl. 15-19

Fjölvítamín

kynning!



TILBOÐ
1.299kr/stk
verð áður 1.349

VIA-HEALTH STEVIUDROPAR
Kynning föstudag 6. september kl. 15-19 í Skeifunni

kynning!



KYNNING
Í dag í Smáralind
og Kringlunni

AKTÍV PRÓTEINBITAR
Með 20% hágæða mysupróteini,
hjúpaðir með dökku súkkulaði



SUKRIN GOLD
Öðruvísi púðursykur



TILBOÐ
3.999kr/stk
verð áður 4299

AMINO ENERGY
Frábær orkudrykkur sem hægt er að drekka
hvenær sem er yfir daginn til að fá auka orku.

15% AFSLÁTTUR Á KASSA



100% WHEY GOLD STANDARD
Jarðarberja, súkkulaði-mintu og vanillu. 900g.

GOTT VERÐ
289kr/stk



RAW REVOLUTION
Lífrænar næringarstangir. Hráfæði.
Glútenlaust. 6 tegundir.



TILBOÐ
299kr/stk
verð áður 349

FROOSH ÁVAXTA-SMOOTHIE
Stútfullur af ávöxtum. Geggjaður milli mála. Inniheldur
engin litarefni eða rotvarnarefni.

15% AFSLÁTTUR Á KASSA



WALDEN FARMS
Kaloríulausar sósur og sýróp.
Enginn sykur og engin fita.

NÝTT



RED POWER JUICE
Hann er samsettur úr rauðrófusafa, eplasafa,
gulrótum, sætum kartöflum, hindberjum og
acerola berjum og er náttúrulegur og án
viðbætts sykurs.

Gildir til 15. september á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð




Eftirtalin fyrirtæki kostuðu verkefnið og höfðu frumkvæði að því.

Bílaleiga Akureyrar Höldur Europcar · Blue Lagoon Iceland · Icelandair Group · Isavia

**Á undanförnum misserum hefur alþjóðlega ráðgjafafyrirtækið The Boston Consulting Group unnið viðamiklar rannsóknir á íslenskri ferðaþjónustu og þróað tillögur til að efla alþjóðlega samkeppnishæfni hennar.**

**Tillögur BCG eiga erindi við alla sem starfa í ferðaþjónustu og opinberri stjórnsýslu og eru innlegg í umræðuna um framtíðarstefnumótun íslenskrar ferðaþjónustu.**

**BCG hefur á undanförnum árum meðal annars unnið svipaða greiningu á framtíðarstefnumörkun fyrir stjórnvöld í Frakklandi og á Ítalíu.**



*Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, forsætisráðherra, setur ráðstefnuna.*



*Ragnheiður Elín Árnadóttir, iðnaðar- og viðskiptaráðherra, ávarpar ráðstefnuna.*



## UPPBYGGING ÁFANGASTAÐAR Á HEIMSMÆLIKVARÐA: TÆKIFÆRI, ÁSKORANIR OG ÁRANGUR

***Pedro Esquivias, framkvæmdastjóri hjá The Boston Consulting Group***

Pedro er framkvæmdastjóri hjá BCG í Lundúnum og hefur yfir 15 ára reynslu af alþjóðlegri ráðgjöf í ferðaþjónustu.

Í erindi sínu fer hann ítarlega yfir greiningu BCG á þeim áskorunum og gríðarlegu tækifærum sem Ísland stendur frammi fyrir við að taka á móti ríflega milljón ferðamönnum árlega. Hann setur fram tillögu að framtíðarsýn íslenskrar ferðaþjónustu og hvaða þjónustuþætti við þurfum að leggja aukna áherslu á.

Hann mun jafnframt kynna nýja greiningu á framlagi ferðaþjónustunnar til landsframleiðslu næsta áratuginn og fjalla um þann mikla fjölda starfa sem verður til í greininni á næstu árum.

Pedro er með meistaragráðu í rekstrarhagfræði frá Harvard Business School.



## STJÓRNSKIPULAG, GJALDTAKA OG MARKHÓPAR FRAMTÍÐARINNAR

***Adam Swersky, ráðgjafi hjá The Boston Consulting Group***

Adam vann um árabil hjá The Clinton Foundation við stefnumótun í opinberum rekstri og mun fjalla um tillögur BCG að einföldun stjórnskipulags ferðaþjónustunnar. Hann mun jafnframt fjalla ítarlega um þau markmið sem íslensk ferðaþjónusta á að sammælast um næsta áratuginn til að tryggja jákvæða upplifun ferðamanna og áframhaldandi arðbæran vöxt ferðaþjónustufyrirtækja.

Hann fer yfir markhópa framtíðarinnar og hvernig Ísland eigi að höfða til þeirra og hvaða áhrif rétt markaðssetning mun hafa á arðbærni íslenskrar ferðaþjónustu næsta áratuginn.

Að sama skapi mun hann fjalla um ítarlega greiningu á gjaldtökumöguleikum við íslenskar náttúruperlur og draga upp mynd af því hvernig gjaldtöku er háttað víðsvegar um heiminn.

Adam er menntaður hagfræðingur frá Cambridge háskóla og er með MBA gráðu frá INSEAD í Frakklandi.



## FJÁRMÖGNUN FERÐAMANNASTAÐA – AUKIN HAGSÆLD OG ARÐBÆRNI

***Joe Grundy, ráðgjafi hjá The Boston Consulting Group***

Joe stýrði þróun tekjustýringarlíkans Ólympíuleikanna í Lundúnum árið 2012 og hefur unnið við þróun slíkra líkana undanfarin átta ár hjá BCG.

Í fyrirlestri sínum ber hann saman áskoranir skipuleggjenda Ólympíuleikanna í Lundúnum við þær áskoranir sem íslensk ferðaþjónusta stendur frammi fyrir til að vera sem best í stakk búin til að taka við miklum fjölda ferðamanna næsta áratug.

Hann fjallar um útfærslur annarra þjóða af gjaldtöku við ferðamannastaði og hvaða lærdóm íslensk ferðaþjónusta getur dregið af skipulagningu Ólympíuleikanna í Lundúnum.

Joe er með meistaragráðu í eðlisfræði frá Cambridge háskóla og MBA gráðu frá INSEAD í Frakklandi.

***Fundarstjóri er Bogi Ágústsson, frétta- og dagskrárgerðarmaður hjá RÚV.***

Ráðstefnan fer fram á íslensku og ensku.

BCG

THE BOSTON CONSULTING GROUP

UMHVERFISMÁL Í BRASILÍU

# Rafmagnið ofar regnskóginum

**Belo Monte, þriðja stærsta vatnsaflsvirkjun heims, er á teikniborði stjórnvalda í Brasilíu. Verkefnið er gagnrýnt úr öllum heimshlutum. Undir mannvirkið fer risastór hluti Amason-regnskógarins og þúsundir frumbyggja missa land sitt undir vatn. Framtíð þeirra er umlukin óvissu sem og þúsunda dýrategunda sem fullyrt er að deyi út við missi heimkynna sinna.**

Svavar Hávarðsson
svavar@frettabladid.is



Brasilísk stjórnvöld munu, ef fram fer sem horfir, byggja á næstu árum þriðju stærstu vatnsaflsvirkjun heims í hjarta Amason-regnskógarins. Með framkvæmdinni verður stærri hluta skógarins eytt en áður eru fordæmi fyrir. Framkvæmdin er gagnrýnd úr öllum áttum, ekki síst af alþýðu manna í Brasilíu, auk fjölda umhverfisverndarsamtaka um heim allan. Mótrök stjórnvalda eru hins vegar þau að framkvæmdin sé landinu lífsnauðsynleg til að viðhalda hagvexti undangenginna ára og að hún sé í reynd umhverfisvæn.

**Ekki nýtt af nálinni**

Verkefnið gengur undir nafninu Belo Monte og kom fyrst fram síðla á áttunda áratugnum. Á þeim tíma féll það í afar grýttan jarðveg og var lagt til hliðar eftir harðvítug mótmæli náttúruverndar- og mannréttindahreyfinga. Sú gagnrýni byggðist meðal annars á því að með framkvæmdinni væru bæði lög og stjórnarskrá Brasilíu þverbrotin. Tveimur áratugum síðar, eða árið 2011, var verkefnið kynnt aftur til sögunnar. Á þeim tíma hefur margt breyst í brasilísku samfélagi, til að mynda hefur eftirspurn eftir orku innan landsins margfaldast. Ástæðan er einföld. Þegar fyrstu hugmyndir um verkefnið voru reifaðar var Brasilía í kaldakoli frá efnahagslegu sjónarmiði. Má reyndar fullyrða að Brasilía hafi verið á barmi þjóðargjaldþrots. Nú stendur Brasilía keik sem eitt öflugasta efnahagsveldi heims og skákar í skjóli þess að vera einn mesti hrávörurisi heimsins og hefur malað gull á meðan verð á mörkuðum hefur haldist hátt. Með efnahagsaðgerðum eftir 1990, til dæmis einkavæðingu á óarðbærum ríkisfyrirtækjum, lokkuðu Brasilíumenn til sín gríðarlegt fjármagn erlendra stórfyrirtækja með tilheyrandi uppbyggingu. Ekki skemmdi fyrir að finna olíulindir á hafsbotni til viðbótar við að vera með stærstu útflytjendum á málmi, steinefnum, viði og landbúnaðarvörum.

**Þúsundir og milljónir**

Belo Monte-verkefnið er risavaxið, hvernig sem á það er litið, en Belo Monte er nýjasta útgáfa þessara virkjanahugmynda og kom fram árið 2002. Fyrri hugmyndir [nefndar Kararao] voru kæfðar í fæðingu, eins og áður sagði, en þær voru enn stórkarlalegri en þær sem nú eru í undirbúningi.

Mannvirkin verða staðsett í Xingu-fljótinu í Norðvestur-Brasilíu, sem er tæplega tvö þúsund kílómetra langt og rennur til óshólma Amason-fljótsins. Til stendur að beina 80% af vatni fljótsins úr farvegi sínum með fjölmörgum mannvirkjum af ýmsum toga. Fyrst er að telja tvær stórar stíflur. Tvö uppistöðulón myndast og net áveituskurða sem hver og einn er á við stór stíflumannvirki. Vatni Xingu-fljótsins verður veitt um „skurð“ sem er 500 metra breiður. Þegar allt er talið mun meira magn jarðvegs verða flutt úr stað en þegar Panama-skipaskurðurinn var byggður, en hann er yfir 80 kílómetrar að lengd og tengir Atlantshaf og Kyrrahaf í gegnum Panama.

Við þetta munu um 1.500 ferkílómetrar gróins lands í Amason-regnskóginum verða lagðir undir framkvæmdina, þar af fara yfir 500 ferkílómetrar lands undir vatn. Þegar fullbyggð mun uppsett afl virkjunarinnar verða um tólf þúsund megavött (MW) á fullum afköstum, eða um fimmtán sinnum meira en Kárahnjúkavirkjun, svo samanburðar sé gætt. Það er þó aðeins hluta úr ári þar sem þurrkatíminn á svæðinu mun sjá til þess að í fjóra til sex mánuði fellur framleiðsla Belo Monte tífalt. Byggja þarf frekar ofar í árkerfinu ef halda á óbreyttum afköstum allt árið um kring [þegar á teikniborði stjórnvalda].

Má geta þess í því samhengi að Belo Monte er aðeins eitt af 40 stórum virkjunarmannvirkjum sem eru í undirbúningi í hinu víðfeðma vatnakerfi skógarins, og allar stærðir Belo Monte má margfalda ef þær verða allar að veruleika.

**Fólkið**

Framkvæmdin er talin hafa bein áhrif á búsetu um 20.000 manna sem búa á svæðinu, þótt svartsýnustu spár segi 40.000. Flestir eru búsettir í borginni Altamira [rúmlega 100.000 íbúar] en mannvirkin munu valda þar flóðum á regntímanum. Þótt færri séu líta menn ekki síður til fjölda frumbyggja sem hafa búið við Xingu-fljótið í árþúsundir. Framkvæmdin þýðir að stór hluti fljótsins mun þorna að mestu upp, en þar búa tugþúsundir frumbyggja í fjölmörgum sjálfstæðum samfélögum. Lífshættir þessa fólks hafa lítið sem ekkert breyst í gegnum aldirnar en fljótið er, og hefur alltaf verið, þungamiðja lífsviðurværis þeirra, siða og trúar.

**Umhverfisáhrifin**

Vísindamenn hafa komist að þeirri niðurstöðu í rannsóknum á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar að sá hluti Xingu sem nefnist „Stóra beygja“ muni þorna upp að mestu. Afleiðing þessa er að fiskistofnar hverfa. Án fljótsins eru frumbyggjarnir fastir, því þeir komast ekki til borgarinnar Altamira til að selja afurðir sínar og kaupa búpening. Vatnsleysið mun eyða landbúnaðaruppskeru á stórum svæðum, sem mun snerta bæði frumbyggjana og bændur. Regnskógurinn sjálfur, allt um kring, mun líklegast ekki þola breytingarnar. Til að bæta gráu ofan á svart er talið að svæðið verði gróðrarstía sjúkdóma eins og malaríu.

Við þetta má bæta að gangi verkefnið eftir munu allt að 100 þúsund manns flytjast til svæðisins í leit að vinnu. Innviðir samfélaganna á svæðinu eru frumstæðir og þola ekki fólksfjölgun af þessari stærðargráðu. Fyrir það fyrsta er ekkert húsnæði handa öllu því fólki sem ætlar að maka krókinn og því óttast menn að mikill fjöldi þurfi að ryðja land til að byggja kofa með enn meira álagi á náttúruna. Áhyggjur af vistkerfi svæðisins snúast um að því verði raskað af áður óþekktri stærðargráðu. Allt að þúsund sjálfstæðar tegundir skriðdýra, fugla og fiska eru taldar í mikilli hættu. Sumar þeirra finnast hvergi annars staðar og munu deyja út. Má geta þess að líffræðileg fjölbreytni vatnasvæðis Xingu-fljótsins er meiri en Evrópu allrar, eins og segir í grein í stórblaðinu Le Monde.

**Hagsmunir**

Þegar Dilma Rousseff, núverandi forseti Brasilíu og fyrrverandi iðnaðarráðherra, tók við sagði hún í innsetningarræðu sinni að „Brasilía hefði þá heilögu skyldu að sýna heiminum að mikill hagvöxtur er mögulegur án þess að ganga á umhverfið“. Mánuði síðar hafði Dilma losað sig við lykilmenn umhverfismála innan stjórnkerfisins og gefið grænt ljós á Belo Monte-verkefnið fyrir sitt leyti. Reyndar hefur hún hótað því að ef undirbúningsframkvæmdir verða truflaðar af frumbyggjum, eins og Kayapo-ættbálkurinn hefur látið í veðri vaka, muni hernum verða falið að sjá um öryggismál verkamanna.

Þegar allt er talið mun Belo Monte kosta á milli átta til sautján milljarða dollara, allt eftir því hver heldur á reiknistokknum. Þrátt fyrir að vinna þurfi úr fjölmörgum álitamálum, þar á meðal fyrir dómstólum, þá breytir það ekki þeirri staðreynd að stjórnvöld buðu Norte Energia-samsteypunni verkefnið árið 2010. Samsteypan samanstendur af ríkisfyrirtækinu Eletrobras og dótturfyrirtækjum þess; Eletronorte og Chesf, lífeyrissjóðum og alþjóðanámurisanum Vale, sem á mikilla hagsmuna að gæta á svæðinu vegna námahagsmuna.

Stjórnvöld halda því fram að þrátt fyrir allt sé verkefnið umhverfisvænt og sjálfbært og vísa til losunar gróðurhúsalofttegunda. Meginrökin eru að orkuþörfin, og hagsæld þjóðarinnar, sé undir en ekki síður skuldbindingar Brasilíu um að draga úr útblæstri.

Á sama tíma telja umhverfissamtök að framkvæmdin sé óþörf. Mögulegt sé að ná mun meiri orku úr þeim orkugjöfum sem fyrir eru með því að innleiða nýjustu tækni; reyndar fjórtánfalt það magn sem Belo Monte mun gefa, fyrir brotabrot af byggingarkostnaðinum.



**SVARA KRAFIST** Frumbyggjar Brasilíu hafa um árabil barist gegn virkjunarhugmyndum í regnskóginum. Ættbálkurinn Kayapo er einn þeirra og hefur lýst því yfir að hann muni lýsa stríði á hendur stjórnvöldum fái Belo Monte-verkefnið framgang. NORDICPHOTOS/AFP



**XINGU-FLJÓTIÐ Í NORÐVESTUR-BRASILÍU** Fljótið verður til úr þremur ám á norðurhluta hásléttu Mato Grosso. Það er u.þ.b. 1.980 kílómetra langt og streymir norður í gegnum fylkin Mato Grosso og Pará, alla leið til óshólma Amasonfljótsins. Miðhluti fljótsins er ekki skipgengur vegna fjölda fossa og flúða en hægt er að sigla u.þ.b. 100 kílómetra upp eftir henni frá ósunum.

## RISAFRAMKVÆMD Í SKUGGA MÓTMÆLA

**Umhverfissinnar hafa mótmælt af krafti þeim áformum brasilískra stjórnvalda að byggja risavaxna vatnsaflsvirkjun í hjarta Amason regnskógarins. Belo Monte-verkefnið mun spilla um 1.500 ferkílómetrum lands og þar af fara 500 ferkílómetrar undir vatn. Vegna þessa munu þúsundir manna þurfa að flýja heimili sín, þar af frumbyggjar sem hafa búið á landinu í árþúsundir. Vistkerfið mun einnig verða fyrir stórskaða.**



www.bauhaus.is

# BAUHAUS®

Allt fyrir hús, heimili og garða

# HAUSTTILBOÐ





Sidney gasgrill með 3 brennurum

~~Áður 43.995~~

**Nú 32.995**



Canberra gasgrill með 4 brennurum

~~Áður 54.990~~

**Nú 39.995**





Mikið úrval af útiljósum

Frábært verð







Lillaville 12, 12.3 fm.

Áður ~~419.995~~

**Nú 279.995**

## Tilboð gilda frá 5. til 8. september

## Er endurskinsmerkið í lagi?



Neytendastofa hvetur fólk til að kanna vel hvort allar upplýsingar og merkingar séu til staðar á endurskinsmerkjum áður en þau eru notuð. Á vef Neytendastofu er bent á að það hafi oft komið fyrir að merki séu seld eða gefin sem endurskinsmerki en séu það í raun ekki. Oft sé ekki hægt að sjá mun á endurskinsmerki sem er í lagi og öðru merki sem lítur eins út, með sama lit, form og áferð. Á merkingum endurskinsmerkja sést hvort það hafi verið prófað og virki eins og það á að virka. Endurskinsmerki sem standast kröfur verða að vera meðal annars með CE-merki og merkt með númerinu EN 13356 eða ÍST EN 13356. Samkvæmt frétt Neytendastofu táknar slík merking að framleiðandinn hafi látið prófa vöruna og staðfest sé að hún sé í lagi.

Niðurstöður verðkönnunar Túrista á flugferðum til London:

# Hærra verð þótt ferðum fjölgi

Flugfélögin Easy Jet, Icelandair og Wow Air hafa öll fjölgað ferðum sínum frá Keflavík til London. Þrátt fyrir það hafa ódýrustu fargjöld til borgarinnar í haust hækkað töluvert frá því í fyrra, að því er kemur fram á vefsíðunni turisti.is

Ódýrasta farið til London fram og tilbaka fyrstu vikuna í október í fyrra kostaði 31.900 kr. Það var Iceland Express sem bauð best samkvæmt verðkönnun Túrista 5. september 2012. Þann 3. september síðastliðinn bauð Wow Air lægsta verðið. Farmiðinn, að viðbættum innrituðum farangri, kostar 36.268 kr.

Icelandair er með lægsta fargjaldið til Kaupmannahafnar og Óslóar eftir fjórar vikur samkvæmt könnun Túrista en Wow Air og Norwegian ef farið er út í lok nóvember.



**Í LONDON** Ódýrustu fargjöldin í haust hafa hækkað frá því í fyrra. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

**NEYTANDINN** Silja Dögg Gunnarsdóttir

## Vélmennið hætti að hreyfa sig

Silja Dögg Gunnarsdóttir alþingismaður taldi að skúringavélmenni kæmi sér vel á heimili þar sem eru hundur, köttur og þrjú börn. „Ég er yfirleitt ánægð með allt sem ég kaupi en skúringaróbótinn er undantekning. Það eru flísar á gólfunum og hiti undir þeim. Róbótinn hætti hins vegar að hreyfa sig. Gúmmíhjól undir honum hitnar af gólfhitanum og þá virkar það ekki. Ég hefði alveg getað sparað mér þennan pening,“ segir Silja Dögg þegar hún er spurð um verstu kaupin sem hún hefur gert. Nú er það þingmaðurinn sem skúrar sjálfur í stað róbótans. „Mér finnst það bara gaman og slakandi.“

Tvennt kemur upp í huga Silju Daggar þegar hún er spurð um bestu kaupin. „Ég keypti Toyota Prius Hybrid í vor sem gengur bæði fyrir rafmagni og bensíni. Hann er rúmgóður og eyðir litlu. Ég sting honum í samband í bílageymslunni þegar ég er komin í vinnuna og keyri á rafmagni að stórum hluta á leiðinni heim til Reykjanesbæjar. Bíllinn fer svo yfir á bensín þegar rafmagnið er búið. Heima sting ég snúru út um þvottahúsgluggann til að hlaða bílinn.“

Silja Dögg er jafnframt afar ánægð með gamalt gróðurhús sem hún keypti fyrir tveimur árum. „Ég keypti það á Blandinu og þetta voru rosalega góð kaup. Þar rækta ég baunir, jarðarber og kryddjurtir.“








**NESTI Í SKÓLANN EÐA VINNUNA** Tilvalið er að setja afgang af kvöldmat í vefjur. MYND/ÚR BÓKINNI NÝIR HEILSURÉTTIR FJÖLSKYLDUNNAR

# Auðvelt að útbúa hollt og gott nesti

Venja þarf börn við að borða hollt nesti, segir Berglind Sigmarsdóttir, höfundur bókanna um heilsurétti fjölskyldunnar. Hér eru nokkrar hugmyndir.

„Það þarf að fara hægt í sakirnar þegar venja á börn við að borða hollt nesti. Annars endar nestið bara í ruslakörfunni í skólanum. Ef börn eru vön að borða ostaslaufur, pitsur og hvítt brauð þarf að byrja heima á að skipta hvíta brauðinu út fyrir gróft brauð með hollu áleggi. Þegar börn hafa vanist því er hægt að fara að senda þau með hollt nesti í skólann,“ segir Berglind Sigmarsdóttir, höfundur bókanna um heilsurétti fjölskyldunnar.

Hún bendir einnig á til þess að breyta til sé hægt að setja afganga af kvöldmatnum í vefjur. „Það gerir nestið meira spennandi. Til þess að eiga afgang er hægt að elda ríflega að kvöldi til úr því að maður er að elda á annað borð.“

Berglind kveðst hafa heyrt dæmi þess að yngstu börnunum komi í sumum tilfellum með of mikið nesti í skólann og þá fari afgangurinn í ruslið. „Foreldrar vilja náttúrlega ekki að börnin verði svöng en þeir ættu kannski að huga að þessu. Ég hef einnig heyrt að mikið sé um að börn komi með sykraðar mjólkurvörur og ávaxtasafa með viðbættum sykri í skólann. Vatn er auðvitað besti drykkurinn. Mér finnst sniðugt þegar börnin eru látin koma með merkt glas að hausti undir vatn sem þau geta fyllt á í stað þess að koma með vatnsbrúsa að heiman.“

Berglind segir ekkert mál að gera súkkulaðijógúrt án sykurs eða annars sætuefnis. „Banani kemur þá í stað þess. Ef fjölskyldan þolir mjólkurvörur þá er slík jógúrt betri en sú sem keypt er úti í búð með miklum viðbættum sykri.“

**Súkkulaðijógúrt/skyr**

*fyrir tvo*

340 g hrein jógúrt eða 2 litlar dósir lífrænt skyr
1 msk. lífrænt kakó
1 banani, vel þroskaður

*Allt sett í blandara og blandað vel saman. Setja má múslí ofan á áður en borðað er.*

**Jógúrt með ávaxtakrapi**

*passar í a.m.k. 4 krukkur*

5 frosin jarðarber
1 pera, afhýdd og kjarni skorinn frá og fleygt. Skerið rest í teninga.
1 banani
1 dl vatn

*Allt sett í blandara og maukað vel. Hellið í krukkur, um 1/3 og setjið í frysti.*
*Hellið að morgni ab-mjólk eða hreinni jógúrt ofan á. Ef barnið er vant sætu má setja nokkra dropa af hunangi út í eða aðra sætu. Svo er ágætt að trappa þetta niður og gefa kannski minni sætu næst. Setjið lokið á krukkuna og beint í nestispokann. Þegar komið er að nestistímanum er jógúrtin enn köld og hressandi.*

**Jarðarberjajógúrt**

Jógúrt án mjólkur fyrir einn
1/2 dós kókosmjólk, án aukefna
2 msk. chiafræ
4-5 jarðarber, frosin
Smá fljótandi sætuefni ef vill, t.d. örfáir dropar stevia, 1 tsk. hunang eða agavesíróp

*Setjið kókosmjólk í blandara ásamt jarðarberjum og sætuefni. Látið vélina vinna þar til jarðarberin eru orðin vel maukuð og blönduð kókosmjólkinni.*
*Setjið chiafræ saman við og hrærið. Bæta má við skornum jarðarberjum til þess að finna líka fyrir bitum. Hellið í glas, krukku eða nestisdollu og setjið í kæli.*
*Látið standa í a.m.k. 30 mínútur áður en borið er fram. Ágætt að gera kvöldið áður.*
*Auðvelt er að búa til ýmsar bragðtegundir af þessari jógúrt með því að nota til dæmis 1 dl af frosnum mangóávexti í stað jarðarberja eða örlítið af lífrænu kakói.*
*Tilvalið er að gera að minnsta kosti tvöfalda uppskrift í einu.*



**BERGLIND SIGMARSDÓTTIR** Berglind segir ekkert mál að útbúa nesti án viðbætts sykurs eða annarra sætuefna. MYND/LIND HRAFNSDÓTTIR

ibs@frettabladid.is

# LAGERSALA MÚRBÚÐARINNAR

**5.-13. september eða á meðan birgðir endast!**

Opið virka daga kl. 8-18
Opið laugard. kl. 10-16

## Bakkabraut 9, Kópavogi

- Birki & Furukrossviður
- Mótakrossviður, brúnn og hvítur
- Spónaplötur
- Veggplötur nótaðar
- Heflað timbur og lektur
- Stálstoðir – ótrúlegt verð!
- Sturtuhorn & Klefar
  verð frá kr. 16.100
- 36 tegundir af flísum,
  verð frá kr. 900 pr. m$^2$
- Hreinlætistæki:
  handlaugar, WC og baðkör
  – ótrúlegt verð á gæðavöru!
- Stálvaskar
- Tyrex Gasbyssur
- Og margt fleira




*Mikið úrval.*



*Grínverð á stálstoðum og leiðurum.*



*Ótrúlegt úrval af flísum.*



*50 tegundir af handlaugum.*

## Gerðu góð kaup, frábært tækifæri – allt á að seljast!




*Við erum að Bakkabraut 9, Kópavogi*

Meiri gæði
Lægra verð
MÚRBÚÐIN

**MÚRBÚÐIN**
– Afslátt eða gott verð?

Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is

Neytendur athugið! Múrbúðin selur allar vörur sínar á lágmarksverði fyrir alla, alltaf. Gerið verð- og gæðasamanburð!




Stjórnendur bjartsýnir á aukna arðsemi, veltu og eftirspurn eftir vöru:

# Aukin bjartsýni meðal stjórnenda

Stjórnendur íslenskra fyrirtækja eru talsvert bjartsýnni á horfur íslensks hagkerfis til næstu tólf mánaða en í mælingum síðustu ára.

Um þriðjungur þeirra telur að starfsmönnum fyrirtækja eigi eftir að fjölga og um 60% að launakostnaður muni aukast. Þetta kemur fram í könnun MMR sem framkvæmd var á tímabilinu 19. júní til 2. júlí og náði til 571 einstaklings.

Af þeim stjórnendum sem tóku afstöðu segjast 70,5% telja að íslenska hagkerfið muni vaxa á næstu tólf mánuðum, samanborið við 39,9% í mars 2012 og 32,4% í september 2011. Stjórnendur eru að auki bjartsýnni en áður á aukna arðsemi, veltu og eftirspurn eftir vöru eða þjónustu.

Einnig fjölgar hlutfallslega þeim stjórnendum sem telja að samkeppnishæfni síns fyrirtækis muni aukast á næstu tólf mánuðum, eða um 44,3% stjórnenda, samanborið við 36,9% í september 2011. - hg



**BJARTSÝNIR STJÓRNENDUR** Flestir stjórnendur eru bjartsýnir á horfur íslensks hagkerfis til næstu tólf mánaða. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Afkoma bankanna skiptir ríkið miklu

Hagnaður stóru viðskiptabankanna þriggja er í grófum dráttum í samræmi við ávöxtunarkröfu ríkisins. Íslenska ríkið á hlutfallslega meira undir gengi bankaeigna sinna en Bretar og Hollendingar. Óvissuþættir lita umhverfi banka hér.

Afkomutölur bankanna í nýbirtum árshlutauppgjörum eru í grófum dráttum í samræmi við ávöxtunarkröfu ríkisins, segir Jón Gunnar Jónsson, forstjóri Bankasýslu ríkisins.



**JÓN GUNNAR JÓNSSON**

Bankasýslan leggur eigið mat á rekstur bankanna og leitast við að greina frá fjármagnsliði sem ekki eiga eftir að endurtaka sig, svo sem hluti sem varða uppgjör vegna hrunsins.

Þannig hefur bókhaldsleg arðsemi viðskiptabankanna þriggja alla jafna verið yfir því sem nefnist arðsemi reglulegs rekstrar. Þannig var arðsemi reglulegs rekstrar bankanna um síðustu áramót 7,6 prósent á meðan bókhaldsleg arðsemi var nálægt fjórtán prósentum. Þessi hlutföll breyttust lítið í síðustu uppgjörum.

Hagnaður bankanna er hins vegar enn litaður af einskiptisliðum og enn sér ekki fyrir endann á málum sem tengjast hruninu. Þannig eru enn þá rekin fyrir dómstólum mál vegna uppgjörs gengistryggðra lána sem áttu að fá þar forgangsmeðferð, en sér ekki fyrir endann á hvenær kunni að ljúka.

Þá eru aðrir óvissuþættir í rekstri þeirra sem þrýsta á um að afkoma þeirra sé góð, svo sem óvissa um hækkaða eiginfjárkröfu þeirra frá Fjármálaeftirlitinu og svo auknar lausafjárkröfur sem á þá kunna að vera lagðar í tengslum við innleiðingu Basel III-regluverksins.

Jón Gunnar áréttar hins vegar að gríðarlega mikilvægt sé fyrir þjóðarbúið að eðlilegur arður sé af starfsemi bankanna, sér í lagi í ljósi þess hversu stór hlutur ríkissjóðs sé í innra virði þeirra. Það skipti máli, bæði hvað varði ávöxtun þeirra fjármuna og hvernig gangi svo fyrir ríkið að selja á endanum eignarhlut sinn í bönkunum.

Í kynningu Bankasýslunnar á ársskýrslu stofnunarinnar í sumar kemur fram að hlutur ríkissjóðs Íslands í innra virði viðskiptabanka sé mun meiri en til dæmis ríkissjóðs Bretlands og Hollands.

Á meðan hlutur íslenska ríkisins í bönkum nam um síðustu áramót 14,3 prósentum af vergri landsframleiðslu var sama hlutfall 4,7 prósent í Bretlandi og 2,3 prósent í Hollandi. olikr@frettabladid.is




## Eignir Íslendinga, Breta og Hollendinga

Hér fer ríkið með 97,9 prósenta hlut í Landsbankanum, 13,0 prósent í Arion og 5,0 prósenta hlut í Íslandsbanka. Þá á ríkið í Sparisjóði Vestmannaeyja (55,3%), Bolungarvíkur (76,8%), Svarfdæla (86,3%), Norðfjarðar (49,5%) og Sparisjóði Þórshafnar og nágrennis (75,9%)

Hollenska ríkið á, í gegnum fjárvörslusjóð bankanna, ABN Amro og ASR Netherlands að fullu og smáræði í RFS Holdings og Bretar eiga í gegnum sérfélag 81,1 prósent í Royal Bank of Scotland, 39,2 prósent í Lloyds Banking Group og að fullu slitafélag sem á bankana Northern Rock og Bradford & Bingley.

Hrein undirliggjandi erlend staða þjóðarbúsins svipuð og var árið 2004:

# Fyrsti afgangurinn síðan 2009

Afgangur var af undirliggjandi viðskiptajöfnuði við útlönd á öðrum ársfjórðungi. Fram kemur í umfjöllun Greiningar Íslandsbanka að þetta sé í fyrsta sinn frá árinu 2009 sem afgangur mælist á þessum árstíma.

„Undirliggjandi hrein erlend staða þjóðarbúsins virðist viðráðanleg, þótt hún sé vissulega við efri mörk þess sem getur talist sjálfbær staða," segir í umfjöllun greiningardeildar bankans um nýbirtar tölur Seðlabankans.

„Undirliggjandi viðskiptajöfnuður var hagstæður um 0,5 milljarða króna á öðrum ársfjórðungi," segir í umfjöllun Greiningar, en það er breyting til hins verra frá fyrsta ársfjórðungi þegar undirliggjandi afgangur var 15,4 milljarðar. Afkoman er hins vegar sögð töluvert betri en í fyrra þegar 22,6 milljarða króna undirliggjandi halli mældist á sama fjórðungi.

Með undirliggjandi viðskiptajöfnuði er átt við viðskiptajöfnuð að undanskildum reiknuðum þáttatekjum og þáttagjöldum gömlu bankanna „en þar er um að ræða stærðir [sem] að mestu verða afskrifaðar við uppgjör þeirra," segir í umfjöllun Greiningar.

Undirliggjandi erlend staða þjóðarbúsins er sögð svipuð og 2004. - óká



**FERÐAMENN** Afgang á viðskiptajöfnuði má að hluta rekja til jákvæðrar þróunar í ferðaþjónustu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# VERKFÆRI SEM HÆGT ER AÐ TREYSTA !

TOPTUL®

IBTGCAI2802

## TOPPLYKLASETT 28 STK.

1/2" 8 - 32 mm
Framlenging með LED ljósi
Sterk plasttaska

TILBOÐ



**9.900** m/vsk
Fullt verð 15.520

IBTGCAI4601

## TOPPLYKLA, OG BITASETT 46 STK.

1/4" 4 - 14mm
Bitar og toppar
Framlengingar
Sterk plasttaska



**6.900** m/vsk
Frábært verð

IBTGCAI130B

## TOPP, BITA OG FASTLYKLASETT 130 STK.

1/4" - 3/8" - 1/2"
Toppar 4 - 32 mm | 5/32" - 1 1/4"
Lyklar 8 - 22 mm
E toppar, sexkantbitar og fl.
Sterk plasttaska



**26.900** m/vsk
Fullt verð 37.900

IBTGCAI094R

## TOPPA, OG BITASETT 94 STK.

1/4" 4 - 14 mm
1/2" 10 - 32 mm
Bitar og fl.
Sterk plasttaska

TILBOÐ



**14.900** m/vsk
Fullt verð 25.230

IBTGAAI5801

## SKRÚFJÁRN, OG BITASETT 58 STK.

Stjörnu og slétt.
Bitar, bitahaldarar, hosuklemmujárn og fl.
Sterk plasttaska



**9.900** m/vsk
Fullt verð 14.685

TILBOÐ

IBTGCAI9601

## VERKFÆRASETT 96 STK.

Toppar 1/4" - 1/2" 4 - 32 mm
Toppar, lyklar, skrúfjárn, töng
Nippillyklar og fl.
Sterk plasttaska



**22.900** m/vsk
Fullt verð 37.200

## 283 STK - VERKFÆRAVAGN Á HJÓLUM

7 Skúffur
1/4", 3/8" og 1/2" topplyklasett
Fastir lyklar, sexkantar og skrúfjárn,
djúpir toppar, höggskrúfjárn, öfuguggasett, slaghamar,
splittatangir, tangir, bitar og fl.
Sterkur vagn með lás




**179.900** m/vsk
Okkar besta verð

IBTDJAC0106

## 6" SKRÚFSTYKKI MEÐ SNÚNINGI 180°.

6" Opnun



**16.900** m/vsk
Fullt verð 29.299

TILBOÐ

IBTGAAI2101

## SKRÚFJÁRNASETT 21 STK.

Handfang + járn
Bitahaldari
Með smellu fyrir belti
Sterk plasttaska



**3.900** m/vsk
Fullt verð 5.602

Hundrað daga stjórnartíð og lítið gerist:

# Vanrækt millistéttarfylgi?

Ríkisstjórnin hefur setið að völdum í rúmlega hundrað daga. Stundum er talað um þann dagafjölda sem tímann sem ríkisstjórnir hafa til að sanna sig og ýta stærstu málum sínum úr vör. Mörgum sem voru bjartsýnir fyrir hönd efnahags- og athafnalífs í upphafi stjórnarsamstarfsins þykir klárlega lítið hafa gerzt á fyrstu hundrað dögunum. Í viðskiptalífinu eru vonbrigði manna augljós.

Annar og miklu stærri hópur hefur líka orðið fyrir vonbrigðum – eða bíður alltént eftir efndum á mikilvægum kosningaloforðum. Þetta er hinn stóri hópur millitekjufólks sem kalla má hryggjarstykkið í fylgi stjórnarflokkanna; fólkið sem kaus Framsóknarflokkinn út á loforð um lækkun skulda eða Sjálfstæðisflokkinn út á fyrirheit um lægri skatta.



Ólafur Þ. Stephensen

olafur@frettabladid.is

Millistéttin hefur tekið á sig umtalsverða kjaraskerðingu á undanförnum fjórum árum. Síðasta ríkisstjórn lagði áherzlu á að verja kjör þeirra lægst launuðu, með ágætum árangri. Kaupmáttur þess tíunda hluta þjóðarinnar sem lægst launin hafa rýrnaði lítið þrátt fyrir hrunið. Kaupgeta þeirra tíu prósenta sem hæst hafa launin hrundi um tugi prósenta. Þeir máttu við því. Millitekjufólkið hefur hins vegar í mörgum tilvikum orðið fyrir launaskerðingu, auk þess sem vinstristjórnin kom á „tekjujafnandi" skattkerfi sem refsar fólki fyrir að reyna að bæta sér hana upp. Stór hluti skattahækkana lenti á baki millistéttarinnar, sem átti nógu erfitt fyrir með að ná endum saman.

Þetta fólk hefur eins og allir orðið fyrir því að lánin snarhækkuðu við hrun krónunnar, sem skerðir líka ráðstöfunartekjurnar. Millitekjufólkið átti margt einhvern sparnað og hefur reynt að brúa bilið með því að taka út af bankareikningum eða nota séreignarsparnaðinn. Hjá flestum eru þeir sjóðir uppurnir; fólk dregur saman neyzluna og þá hægist líka á hjólum hagkerfisins.

Hvað hefur ríkisstjórnin gert á fyrstu hundrað dögunum fyrir þessa kjósendur sína? Hún hefur vissulega lækkað skatta eða tilkynnt um áform þar um; lækkað veiðileyfagjald, hætt við skattahækkun á ferðaþjónustu og boðað að auðlegðarskattur verði ekki framlengdur. Fyrir þessu öllu eru góð rök, en það hjálpar fjölskyldufólki í millitekjuhópunum ekki neitt.

Efndir loforðanna um skuldalækkun, sem eru fyrirferðarmest í stjórnarsáttmálanum, eru enn í þoku. Enginn veit hvenær þær skila sér og útfærslan virðist óljós og flókin, eins og sést til dæmis á deilunum um frumvarp forsætisráðherra, sem felur í sér brot á trúnaði um fjármál fólks svo hægt sé að rétta því hjálparhönd.

Sú aðgerð sem stjórnin gæti ráðizt í strax og myndi gagnast millitekjufólki hvað bezt væri afnám hinnar „tekjujafnandi" þrepaskiptingar tekjuskattsins, sem refsar fólki fyrir að reyna að bjarga sér. Fyrirheit um þá breytingu eru hins vegar loðin í stjórnarsáttmálanum.

Ríkisstjórnin er byrjuð að missa tiltrú kjósenda, eins og kannanir sýna. Eigi hún að halda trausti fólksins sem kaus hana þarf millistéttin að sjá einhverjar aðgerðir í sína þágu – á næstu hundrað dögum, fyrst þeir fyrstu hundrað fóru í súginn.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRAR:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is,* Mikael Torfason *mikael@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.

ISSN 1670-3871

Borgarholtsskóli

bókmennt • handmennt • siðmennt

**Stuðningsfulltrúi óskast**

Borgarholtsskóli auglýsir laust til umsóknar ½ starf stuðningsfulltrúa við námsbraut fyrir fatlaða nemendur.

Frekari upplýsingar veitir Bryndís Sigurjónsdóttir skólameistari í síma 535 1702 eða í tölvupósti, bryndis@bhs.is.

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Enn af Jóni Baldvini

Málefni **Jóns Baldvins Hannibalssonar** eru enn milli tannanna á fólki, enda eru málavextir afar tannsæknir, ef svo mætti segja. (Mögulega má ekki segja svo, en gott og vel.) Háskóli Íslands hefur mátt þola, ekki að ósekju, mikla gagnrýni fyrir það hvernig á málum var haldið og yfirlýsingar í kjölfar þess. Gjörðir Jóns Baldvins eru sannarlega ekki til eftirbreytni en margir hafa stigið fram til að undirstrika það að Jón hafi ekki verið fundinn sekur um lögbrot. Þá hafi hann sannarlega iðrast gjörða sinna og beðist afsökunar.

### Fyrirgefning syndanna

Því er skrítið að enn sé hamast á Háskólanum og **Kristínu Ingólfsdóttur** rektor eftir að hún hefur beðið Jón afsökunar opinberlega, auk þess sem boðað hefur verið að skýra skuli verklagsreglur háskólans varðandi ráðningar gestafyrirlesara. Er afsökunarbeiðni Kristínar sumsé ekki tekin gild í málinu á meðan afsökunarbeiðni Jóns liggur því til grundvallar?

### Laun heimsins

Af málinu er það þó helst að frétta að dr. Guðbjörg Hildur Kolbeins ritar bloggfærslu þar sem hún segir að það sem ljóst sé að Jón Baldvin muni ekki kenna við HÍ, sé „rétt að skoða hver fjárhagslegur skaði ráðherrans fyrrverandi varð vegna þeirrar ákvörðunar Baldurs Þórhallssonar prófessors að afþakka starfskrafta hans". Guðbjörg gefur sér að Jóni hafi borið, miðað við menntun, um 139 þúsund krónur fyrir fimm vikna kennslu. Þá upphæð telur Guðbjörg ólíklegt að Jón hefði sætt sig við og gerir því skóna að honum hefði boðist eitthvað meira. Það er sem sagt, að hennar mati, ólíklegt að maður sem býr að öllum líkindum við fjárhagslegt öryggi (almennt miðað við lífeyrisstöðu fyrrverandi alþingismanna, ráðherra og sendiherra) afþakki tækifæri til að móta unga huga um eitt af sínum helstu hugðarefnum, vegna þess að það er svo illa borgað. Það er víst eitt sjónarmið …



thorgils@frettabladid.is

## HALLDÓR




# Þróttmikil atvinnugrein í miklum vexti

MENNING



**Hilmar Sigurðsson**

formaður SÍK – Sambands íslenskra kvikmyndaframleiðenda

Við fjárlagagerð haustið 2009 voru framlög til Kvikmyndasjóðs skorin niður um 35% frá samkomulagi greinarinnar við stjórnvöld. Þessi niðurskurður kom fram strax á árinu 2010 þegar velta í framleiðslu kvikmyndaefnis dróst verulega saman milli ára, ársverkum fækkaði umtalsvert og spekileki brast á í greininni.

Við höggið kom í ljós að tölulegar upplýsingar um greinina voru á reiki, ekki lá fyrir hvernig kvikmyndagerð var raunverulega fjármögnuð og ljóst var að gögn vantaði til að meta þann fjölda starfa sem tapaðist við niðurskurðinn.

Við þessu var brugðist, ekki síst með bókinni „Hagræn áhrif kvikmyndalistar" eftir dr. Ágúst Einarsson, þar sem hans niðurstaða er að kvikmyndagerðin verði innlend stóriðja ef framlög í Kvikmyndasjóð verði aukin, hámark á opinberum stuðningi við kvikmyndagerð verði hækkað og að menntun í kvikmyndagerð verði tekin upp á háskólastigi.

Þessi áform eru nú öll komin á góðan rekspöl. Kvikmyndasjóður var aukinn myndarlega í ár, undanþága frá ákvæði um hámark opinbers stuðnings hefur fengist og nám á háskólastigi í kvikmyndagerð er í vinnslu. Auk þess hafa lög um tímabundna endurgreiðslu verið framlengd. Og áhrifin láta ekki á sér standa.

2012 var besta ár í kvikmyndaframleiðslu frá upphafi með veltu upp á um 11,7 milljarða króna, sem er 250% aukning frá 2010. Á fyrstu fjórum mánuðum þessa árs er veltuaukningin frá sama tímabili 2012 um 23% og áhrifin af hækkun Kvikmyndasjóðs koma strax fram. Hækkunin skapar í ár um 240 ný ársverk. Framlög hins opinbera fimmfaldast í meðförum kvikmyndaframleiðenda og draga að meiri erlenda fjárfestingu en sem nemur framlögunum.

Nú þarf að tryggja að atvinnugreinin geti haldið áfram að dafna með því að verja núverandi framlög í Kvikmyndasjóð og koma í gang námi á háskólastigi, svo greinin geti raunverulega orðið næsta stóriðja sem beislar hugarafl og skapi fjölmörg ný skapandi störf. Kvikmyndatökur fara síðan fram um allt land og hafa mikil efnahagsleg áhrif á nærsamfélagið þar sem þær ber niður.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRI:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Kjartan Guðmundsson *kjartan@frettabladid.is* **MENNING:** Friðrika Benónýsdóttir *fridrikab@frettabladid.is* **DÆGURMÁL:** Sara McMahon *sara@frettabladid.is* **VÍSIR:** Kristján Hjálmarsson, *kristjan@visir.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Sjónarmið í óboðlegri umræðu

Í Fréttablaðinu 3. september birtist leiðari Ólafs Stephensen ritstjóra með yfirskriftinni „Óboðleg umræða“. Vegna leiðarans er eftirfarandi sjónarmiðum komið á framfæri. Sjónarmiðin eru almenn en stundum er vísað í mál Jóns Baldvins Hannibalssonar (JBH) eins og ritstjórinn gerir í sínum leiðara.

KYNFERÐISLEGT OFBELDI



**Gyða Margrét Pétursdóttir**
lektor í kynjafræði við HÍ

**Að skapa þolendavænt umhverfi**

Á undanförnum árum hefur sjónum í auknum mæli verið beint að kynferðislegri áreitni og kynferðislegu ofbeldi, tíðni þess, afleiðingum fyrir þolendur og stöðu gerenda. Í fræðunum er fjallað um þolendavænt umhverfi, að samfélagið leggi sig fram um að skapa aðstæður og umhverfi þar sem þolendum er sýnd tillitssemi og skilningur.

Í rannsókn sem framkvæmd var árið 2008 fyrir atbeina félags- og tryggingamálaráðuneytisins kom fram að rétt tæplega fjórðungur kvenna á aldrinum 18-80 hafði einhvern tímann frá 16 ára aldri orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi. Þolendur einhvers konar kynferðislegs ofbeldis eru því víða í samfélaginu og stofnanir samfélagsins þurfa að vera meðvitaðar um það og haga starfsemi sinni þannig að þolendur fái notið vafans og því þarf að huga vel að vali á starfsmönnum. Rev. Dr. Marie M. Fortune hélt árið 2011 fyrirlestur í Háskóla Íslands þar sem hún fjallaði um viðbrögð samfélagsins við kynferðislegu ofbeldi. Hún sagði að viðbrögðin væru oft á þá vegu að samfélagið brygðist ekki við og þá með þeim formerkjum að það vildi ekki taka afstöðu í málinu. Fortune heldur því fram að meint afstöðuleysi sé í raun afstaða með þeim sem brotið fremur, viðkomandi haldi stöðu sinni í samfélaginu á meðan þolendur hrekist á brott.

**Viljum við trúa þolendum?**

Samfélagið hvetur þolendur til að stíga fram og greina frá því ofbeldi sem þeir hafa orðið fyrir. Ef þeir síðan gera það eigum við þá að leyfa skilgreiningum gerenda á því sem átti sér stað að vega þyngra en frásagnir þolenda og þeirra upplifun? Í leiðaranum kemur fram: „Það er heldur engin leið að leggja yfirsjónir hans að jöfnu við brot barnaníðinga sem ástæða þykir til að hafa sérstakar gætur á – þótt í umræðu undanfarinna daga virðist það stundum gert.“ Í viðtali við Guðrúnu Harðardóttur í Nýju lífi (2. tbl. 2012) lýsir hún hegðun JBH gagnvart sér þegar hún var barn að aldri. Ég hvet alla til þess að kynna sér frásögn Guðrúnar Harðardóttur.

**Vald og valdastöður**

Kennarar eru í valdastöðu gagnvart nemendum sínum og í kennslustofunni gangast nemendur undir vald kennarans. Það er rétt sem fram kemur í leiðaranum að við Háskóla Íslands stundar fullorðið fólk nám. En eins og lýst var hér að framan þá hefur fjöldi kvenna orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi. Þess vegna er ástæða til þess að velta fyrir sér stöðu nemenda. Hvernig líður nemanda að sitja í tíma hjá kennara sem orðið hefur uppvís að þeirri háttsemi sem um ræðir? Getur nemandi treyst viðkomandi? Hvað ef í nemendahópnum eru einstaklingar sem orðið hafa fyrir einhvers konar kynferðislegu ofbeldi eða einstaklingar sem eru nánir fólki sem orðið hefur fyrir slíku?

Ég hef nokkur undanfarin ár kennt í Háskóla Íslands og hef upplifað það að þegar rætt er um kynferðislegt ofbeldi eða kynferðislega áreitni í kennslu þá eru alltaf einhverjir nemendur sem annað hvort í tíma eða í samtölum við kennara greina frá reynslu sinni eða reynslu einhvers sem er þeim nákominn. Umræðan ein um málefnið vekur hjá þessum hópi nemenda mjög erfiðar tilfinningar jafnvel þótt reynsla þeirra eða reynsla einhvers sem þeim er nákominn sé áratuga gömul eða eldri.

Það er ekki ástæða til að ætla að þessir nemendahópar séu endilega frábrugðnir öðrum nemendahópum og því er mikilvægt að allir nemendur njóti þess eins og framast er unnt að kennari þeirra, sem eðli málsins samkvæmt er í ákveðinni valdastöðu gagnvart nemendum, hafi ekki gerst uppvís að háttsemi sem er til þess fallin að valda þeim vanlíðan og grafa undan því trausti sem á að ríkja og þeirri virðingu sem kennarinn ætti að njóta.

**Skrímslavæðing**

Ég er sammála því að við sem samfélag þurfum að ræða hvað sé boðlegt og hvað ekki, eins og fram kemur í leiðaranum: „Hvað þurfa menn að hafa gert af sér til að vera ekki gjaldgengir í störf sem þeir hafa klárlega reynslu og hæfni til að gegna?“ Í fræðunum er sjónum beint að svokallaðri skrímslavæðingu. Það gerir engum gott og leysir engan vanda að útmála kynferðisbrotamenn sem skrímsli. Það er oft í óþökk þolenda, sem eru nátengdir viðkomandi og þekkja viðkomandi einnig að góðu, og oft gleymist að kynferðisbrotamenn eins og aðrir eiga fjölskyldur sem verða þá þolendur í málinu.

Hér þarf því að vega og meta ólíka hagsmuni og samfélagið, við, þurfum að finna leiðir til að koma til móts við þolendur án þess að útskúfa gerendum. Sérstaklega þarf að huga að valdastöðum og þeim aðstæðum, sem eðli aðstæðnanna samkvæmt, bjóða upp á misnotkun valds. Og í því sambandi þarf einnig að vera val. Val um að sækja sér eða hafna þeirri menntun/þjónustu o.s.frv. sem viðkomandi geranda er ætlað að veita.

> **➜ Þess vegna er ástæða til þess að velta fyrir sér stöðu nemenda. Hvernig líður nemanda að sitja í tíma hjá kennara sem orðið hefur uppvís að þeirri háttsemi sem um ræðir? Getur nemandi treyst viðkomandi? Hvað ef í nemendahópnum eru einstaklingar sem orðið hafa fyrir einhvers konar kynferðislegu ofbeldi eða einstaklingar sem eru nánir fólki sem orðið hefur fyrir slíku?**

## AF NETINU

### Óvissa á fasteignamarkaði

Það er skrítin staða á fasteignamarkaði. Þeir sem hugsa sér að kaupa eða selja eignir búa við allnokkra óvissu.Í kosningunum voru gefin loforð um mikla lækkun fasteignaskulda. Enn er óvíst hvort af því verður og þá hvernig.

Verði af þessu gæti það gerst að fólk sem býr í skuldsettum eignum eignist stærri hlut í þeim, eignastaðan batnar sem sagt, og þá gæti verið gott að selja með smá hagnaði.

Og líklega myndu margir vilja selja sem fyrst – áður en verðbólgan fer í gang aftur og étur upp skuldaniðurfellinguna. Eða er ekki líklegt að það gerist?

Það gæti sem sagt orðið handagangur í öskjunni á fasteignamarkaðnum eftir skuldalækkun, en þangað til heldur fólk að sér höndum – eðlilega?

http://eyjan.pressan.is

*Egill Helgason*

### Eitt rekst á annars horn

Ferillinn er sérstæður. Aðra vikuna skera stjórnarflokkarnir tekjur ríkisins og hina vikuna kenna þeir fyrri stjórn um peningaleysið. Svona tekur hver vikan við af annarri. Ríkisstjórnin lækkar auðlindarentuna um tíu milljarða og auðlegðarskattinn um átta milljarða. Í næstu viku segist hún ekki geta borgað velferð fátækra vegna gerða fyrri stjórnar! Þetta er náttúrlega út í hött og sýnir blindgötu hinnar pólitísku umræðu. Menn gera bara í hverri viku það, sem þeim þóknast í þeirri viku. Og kenna forverunum í næstu viku á eftir um vandræðin, sem af því hljótast. Ábyrgðarleysið er í boði kjósenda.

http://www.jonas.is/

*Jónas Kristjánsson*




**Nýr FORD KA á frábæru verði**

Skiptu í ferskan, fíman, ferlega skynsaman Ford Ka á frábæru verði. Veldu sparneytinn borgarbíl og lækkaðu rekstrarkostnaðinn. Ford Ka er líka þekktur fyrir afburða akstursEiginleika, gott notagildi og litríkan persónuleika.
Komdu bara og prófaðu!

FORD **KA**
FRÁ
**1.850.000** KR.

brimborg
Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

ford.is

Nýir og notaðir bílar: Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16
Aukin þjónusta Bíldshöfða 6: Varahlutaverslun og verkstæðismóttaka er einnig opin laugardaga kl. 12-16

Ford Ka Trend Plus 3 dyra 1,2i bensín, 69 hö, beinskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 4,9 l/100 km. Losun koltvísýrings $CO_2$ 115 g/km. Fær frítt í stæði í Reykjavík í 90 mín. í senn. Tökum allar tegundir bíla upp í nýja. Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður og gerð getur verið frábrugðin mynd í auglýsingu.

# Freistaðu gæfunnar 5. - 9. september!

# Casino DAGAR




229.989,-




89.989,-

**Íslenskur leiðarvísir og 2,5 klst. ljósmyndanámskeið fylgir. Einnig fáanleg með öðrum linsum.**

**Nikon D3100KIT1855VR**
StafrænSLR myndavél með 14.2 milljón punkta upplausn, 23,1x 15,4 mm CMOS flögu, EXPEED 2, ISO 100-3200 (fer í 12800), 3" LCD skjá, Active D-Lighting, D-Movie FHD hreyfimynd, ítarlegri lagfæringavalmynd, hraðri raðmyndatöku, tvöföldu rykhreinsikerfi, HDMI C út ofl.



29.989,-

**Panasonic TXP42ST60**
42" Full HD 3D 1080p NeoPlasma sjónvarp með Vreal 3D Pro. 2D-3D conversion. Infinite Black Pro skerpa. Pro 24p Smooth Film/Play Back. SMART VIERA nettenging og opinn vafri. Wi-Fi. Skype. Háskerpu HDTV DVB-T/T2 stafrænn móttakari. iPhone/Android fjarstýringar App. 2x USB, 3x HDMI, kortalesari o.fl. 3D gleraugu og snertipenni fylgja.

**Philips HTS2511**
300w RMS heimabíósett með 5 hátölurum og bassaboxi. DVD spilari með Progressive Scan. Dolby Digital, Dolby Prologic. Video uppskölun í 720p/1080i/1080p - Skerpir mynd og liti. RDS FM útvarp með 40 stöðvaminni. USB 2.0 Flash drif - afspilun beint af USB. USB og MP3 line-in o.fl.




99.989,-



94.989,-

**Samsung UE32F5000**
32" LED Full HD 1920x1080p. 100 Hz Clear Motion Rate. Ljósnemi. Mega Contrast. Stafrænn DVB-T móttakari. Heyrnatólatengi. USB, 2 x HDMI o.fl.



**TOS-L50TA124**
Ein með öllu. Létt og þunn fartölva úr nýju L-línunni frá Toshiba með Intel Pentium. Fullkominn snertiskjár sem býður upp á nýja og skemmtilega notkunarmöguleika.

**Whirlpool AZB8670**
Tvíátta barkalaus þurrkari. Carisma design. Tekur 8 kg. Rakaskynjari með 6th Sense. 9 þurrkstillingar. LCD skjár. Stafræn niðurtalning á þurrktíma. Vatnstankur uppi. Hægt að tengja beint við niðurfall. Kaldur blástur og krumpuvörn. Orkuflokkur B.

89.989,-

## 0% VEXTIR Í 12 MÁNUÐI !

Aðeins 3,5% lántöku-
kostnaður og 340 kr.
í færslugjald á mánuði.

# Teningakast ræður afslættinum!

MAXAÐU AFSLÁTTINN!

OKKAR LÁGA VERÐ PLÚS ALLT AÐ 36% AUKAAFSLÁTTUR!



79.989,-

**Whirlpool AWOD6114**
1400 snúninga og 7kg þvottavél með stafrænu kerfisvali. 50L tromla. 6th Sense. Rafeindastýrður kerfisveljari og hitastillir. LCD skjár. Clean+ blettakerfi.15 þvottakerfi ásamt 30 mín hraðkerfi. Stafræn niðurtalning á þvottatíma. Íslenskt stjórnborð og leiðarvísir. Þvotthæfni A. Vinduhæfni B. Orkunýting A+.



11.989,-

**Hoover TCP2005**
2000W Capture ryksuga. 2,3 lítra poki. Microfilter.

## Teningakast ræður aukaafslættinum!

**Þegar búið er að stimpla inn vörurnar færðu að kasta þremur teningum á Casino borðinu okkar – samtalan sem kemur upp er aukaafslátturinn þinn.**

**Dæmi:**

= 15% AUKAAFSLÁTTUR

= 13% AUKAAFSLÁTTUR

**Ef þú færð þrjá eins þá tvöfaldast afslátturinn!**

**Dæmi:**

= 36% AUKAAFSLÁTTUR

= 30% AUKAAFSLÁTTUR

Aðeins eitt kast á mann.

***Max er risa raftækjamarkaður með 2.000 fermetra stútfulla af heimilistækjum, sjónvörpum, tölvum og öðrum raftækjum fyrir heimilið á lægra verði!***

MAX RAFTÆKI

| | |
|---|---|
| Opið mán.- fös. | kl. 11-19 |
| Laugardaga | kl. 11-18 |
| Sunnudaga | kl. 12-18 |

MAX Kauptúni 1 - Garðabæ
Sími 412 2200 - www.max.is

**BEINT Á MÓTI IKEA**

# Sjóðir Vísinda- og tækniráðs: Undirstaða rannsókna og nýsköpunar á Íslandi

VÍSINDI



**Þórarinn Guðjónsson**
prófessor við Háskóla Íslands

Þekkingarsköpun er dýrmætt auðlind sem stuðlar að hagvexti þjóða. Þetta hafa margar alþjóðlegar skýrslur bent á. Á Íslandi er mikill áhugi á þekkingarsköpun og hagnýtingu þekkingar. Háskólar, vísinda- og fræðasamfélagið, frumkvöðlar sprotafyrirtækja, fulltrúar fullvaxta þekkingarfyrirtækja og stjórnmálamenn eru sammála um mikilvægi þekkingarsköpunar.

Þrátt fyrir þetta er tregða í kerfinu hvernig við fjármögnum þekkingarsköpun. Það er engum vafa undirorpið að háskólar og rannsóknastofnanir þurfa grunnfjárveitingu til rekstrurs. Hins vegar erum við ekki að hlúa nægjanlega vel að stuðningi við einstök rannsókna- og nýsköpunarverkefni sem leiðir til þess að framsækin og lofandi verkefni dagar uppi vegna fjárskorts og nýjar hugmyndir fá ekki brautargengi. En hvernig er best að fjármagna slík verkefni? Það er margsannreynt að samkeppnissjóðir eru besta leiðin til að fjármagna grunnrannsóknir og nýsköpun.

Vísindamenn sækja um styrki úr samkeppnissjóðum í samkeppni við aðra vísindamenn. Allar umsóknirnar eru sendar í jafningjamat og aðeins bestu verkefnin fá brautargengi. Samkeppnissjóðir Vísinda- og tækniráðs eru grundvöllur fjármögnunar grunnrannsókna, tækniþróunar og uppbyggingar innviða við íslenska háskóla og rannsóknastofnanir. Ríkisstjórn Samfylkingar og Vinstri grænna beitti sér fyrir eflingu þessara sjóða á síðasta kjörtímabili og er mikilvægt að núverandi stjórnvöld standi vörð um þessa sjóði í næstu fjárlögum.

**Sjóðir Vísinda- og tækniráðs**

RANNÍS – Rannsóknamiðstöð Íslands er umsýslustofnun fyrir sjóði sem heyra undir Vísinda- og tækniráð. Stofnunin hefur gegnt veigamiklu hlutverki í faglegri umgjörð sjóðanna og sinnt því af mikilli fagmennsku.

En hvaða sjóðir eru þetta og hvaða hlutverki sinna þeir? Helstu samkeppnissjóðir Vísinda- og tækniráðs eru Rannsóknasjóður, Tækniþróunarsjóður og Tækjasjóður (nú Innviðasjóður). Þessir sjóðir styrkja grunnrannsóknir, nýsköpun og tækniþróun í landinu og eru grundvöllur þess að Ísland hefur náð fótfestu sem þekkingarsamfélag á undanförnum áratugum. Það er afar brýnt að þessir sjóðir verði efldir enn frekar á næstu árum í samræmi við stefnu Vísinda- og tækniráðs síðustu ár, en hluti rannsóknafjármagns sem veitt er til samkeppnissjóða á Íslandi er enn mun lægra en gerist t.d. annars staðar á Norðurlöndum.

Efling sjóðanna eykur þekkingar- og nýsköpun og opnar leiðir fyrir hagnýtingu nýsköpunar, sem svo leiðir til aukinnar verðmætasköpunar, auk þess að styrkja menningarlegar stoðir samfélagsins.

**Rannsóknasjóður**

Rannsóknasjóður er opinn samkeppnissjóður sem veitir styrki samkvæmt almennum áherslum Vísinda- og tækniráðs og á grundvelli faglegs mats á gæðum rannsóknarverkefna. Hlutverk Rannsóknasjóðs er að styrkja vísindarannsóknir á Íslandi.

Fjarðanet hf rekur alhliða veiðarfæraþjónustu í Neskaupstað, Akureyri, Ísafirði og Fáskrúðsfirði. Í Neskaupstað og á Ísafirði rekur Fjarðanet einnig Gúmmíbátaþjónustu. Fjarðanet er eina sérhæfða fyrirtækið í þjónustu við fiskeldi á Íslandi með rekstri á þvottastöð og framleiðslu og sölu á fiskeldispokum og tengdum búnaði. Fjarðanet er hluti af Hampiðjan Group.

**Fjarðanet óskar að ráða yfirverkstjóra/rekstrarstjóra yfir netaverkstæði sitt í Neskaupstað**

Netaverkstæði Fjarðanets í Neskaupstað byggir fyrst og fremst á þjónustu við uppsjávarflotann, framleiðslu, viðhaldi og viðgerðum á loðnunótum, síldarnótum og flottrollum. Ásamt framleiðslu á fiskitrollum og þjónustu við fiskeldi.

Starfið felur í sér vinnu á netaverkstæði ásamt ábyrgð á rekstri verkstæðisins; skipulagning framleiðslu og þjónustu, gerð teikninga, tilboða, pantana og samskipti við viðskiptavini og birgja. Starfið felur einnig í sér yfirumsjón með netaverkstæði Fjarðanets á Fáskrúðsfirði. Viðkomandi vinnur í nánu samstarfi við aðra verkstjóra Fjarðanets og Hampiðjuna.

Við leitum að lærðum netagerðarmanni eða manni með langa reynslu af veiðarfæragerð. Við leitum að, sjálfstæðum, jákvæðum, og þjónustuliprum einstaklingi sem á gott með mannleg samskipti. Æskilegt er að viðkomandi hafi góða almenna tölvukunnáttu.

**Nánari upplýsingar gefur Jón Einar Marteinsson í síma 4 700 802 eða 856 0802. Umsóknir ásamt starfsferilskrá skulu sendar, fyrir 15. september til Fjarðanets hf, Strandgötu 1, 740 Neskaupstað eða í tölvupósti á joneinar@fjardanet.is**

HÖFÐI FASTEIGNASALA

Suðurlandsbraut 20
Sími 533 6050
Faxnr. 533 6055
www.hofdi.is

**Unnarbraut 7 – 170 Seltjarnarnes**

**OPIÐ HÚS Í DAG MILLI KL. 17-18**




Gullfalleg 84,2fm 4 herb.íbúð á jarðhæð/kjallari í mjög mikið endurnýjuðu þríbýli á þessum vinsæla stað. Eignin skiptist í: forstofu, gang, 2 herb, fataherb, bað, stofu, borðstofu/eldhús og geymslu. Útgengt út á verönd.

**V-29,5millj.**

**Helgi Jónsson sölumaður tekur vel á móti ykkur í dag milli kl : 17-18.**

**Opið hús í dag!**
**kl. 17.15 – 18.00**

**EINARSNES 56A – EINBÝLI**




Sýnum í dag þetta glæsilega tvílyfta 161 fm einbýlishús á 605 fm lóð. Um er að ræða járnklætt timburhús allt endursmíðað árið 2005 á mjög vandaðan hátt utan sem innan af viðurkenndu verktakafyrirtæki. Húsið skiptist þannig að neðri hæðin er 81 fm, risið 54 fm og frístandandi bílskúr við hlið hússins 26 fm. Mjög fallegur suðurgarður með miklum sólpöllum, skjólgirðingu og heitum potti. Stórt hellulagt bílaplan með hitalögnum.Fallegar stofur, rúmgott og glæsilegt eldhús, þvottahús og gesta wc á neðri hæð. Þrjú rúmgóð herbergi á efri hæð og glæsilegt baðherbergi Sjón er sögu ríkari.

**Verð 66,9 millj.**

**Ólafur B Blöndal lgf. sýnir húsið í dag kl. 17,15 – 18,00.**

FASTEIGNASALAN fasteign.is
Suðurlandsbraut 18 • Reykjavík • Sími 5 900 800
Ólafur B. Blöndal Lögg. fasteigna- fyrirtækja og skipasali.

Barnaheill
Save the Children á Íslandi

Vissir þú að...
börn eiga rétt á nægum svefni


## SUDOKU

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | | | 4 | | | 6 | | 1 |
| | | | | | 5 | | | 4 |
| | | | 6 | | 2 | | 8 | |
| | 1 | | 2 | | | 9 | | 7 |
| | | | | | 3 | | | 5 |
| 6 | | 3 | | 7 | | | | |
| 9 | | | 1 | | | 4 | | |
| 1 | 7 | | | 5 | | 8 | 9 | |
| 2 | | 8 | | 6 | | | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | | 1 | | | | | 5 | |
| 2 | | | | 3 | | | | |
| | | 7 | 6 | 8 | 9 | 1 | | |
| 1 | 4 | | | 5 | | 2 | | |
| 9 | | | 1 | | | | | 7 |
| 3 | | 8 | | | 4 | | | |
| | 8 | 5 | 2 | 4 | | | 9 | |
| | 2 | | | | | | | 5 |
| | | 3 | 7 | | | 6 | | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 8 | 6 | | | 5 | | 3 | |
| 7 | | | | | | 9 | | |
| 3 | 5 | 4 | | | | 6 | | |
| | 9 | | | 8 | 1 | 7 | 2 | |
| 6 | | | | | 7 | | 5 | 4 |
| | | | | | | | | |
| | | | 1 | | | | | 8 |
| 5 | | 9 | 2 | 4 | | | | 6 |
| | | 1 | 5 | | | | 7 | |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | 5 | 6 | 3 | 9 | 7 | 8 | 4 | 1 |
| 8 | 4 | 3 | 6 | 1 | 5 | 2 | 9 | 7 |
| 7 | 9 | 1 | 8 | 2 | 4 | 3 | 5 | 6 |
| 4 | 2 | 7 | 9 | 5 | 1 | 6 | 8 | 3 |
| 3 | 6 | 5 | 7 | 4 | 8 | 9 | 1 | 2 |
| 9 | 1 | 8 | 2 | 3 | 6 | 4 | 7 | 5 |
| 5 | 7 | 9 | 4 | 6 | 3 | 1 | 2 | 8 |
| 6 | 8 | 2 | 1 | 7 | 9 | 5 | 3 | 4 |
| 1 | 3 | 4 | 5 | 8 | 2 | 7 | 6 | 9 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | 9 | 5 | 8 | 4 | 6 | 7 | 3 | 1 |
| 3 | 4 | 1 | 7 | 5 | 2 | 8 | 9 | 6 |
| 6 | 7 | 8 | 9 | 1 | 3 | 2 | 4 | 5 |
| 7 | 5 | 9 | 2 | 3 | 4 | 6 | 1 | 8 |
| 4 | 6 | 3 | 5 | 8 | 1 | 9 | 2 | 7 |
| 8 | 1 | 2 | 6 | 7 | 9 | 4 | 5 | 3 |
| 9 | 2 | 7 | 1 | 6 | 5 | 3 | 8 | 4 |
| 1 | 8 | 4 | 3 | 9 | 7 | 5 | 6 | 2 |
| 5 | 3 | 6 | 4 | 2 | 8 | 1 | 7 | 9 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 4 | 5 | 9 | 8 | 6 | 7 | 1 | 2 |
| 1 | 2 | 9 | 3 | 7 | 4 | 6 | 8 | 5 |
| 6 | 7 | 8 | 1 | 5 | 2 | 4 | 3 | 9 |
| 5 | 3 | 2 | 6 | 9 | 7 | 8 | 4 | 1 |
| 4 | 1 | 6 | 2 | 3 | 8 | 9 | 5 | 7 |
| 8 | 9 | 7 | 4 | 1 | 5 | 3 | 2 | 6 |
| 7 | 5 | 4 | 8 | 2 | 9 | 1 | 6 | 3 |
| 9 | 8 | 1 | 5 | 6 | 3 | 2 | 7 | 4 |
| 2 | 6 | 3 | 7 | 4 | 1 | 5 | 9 | 8 |

**LAUSN SÍÐUSTU SUDOKU**

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

# Myndasögur

**PONDUS** Eftir Frode Øverli




**HANDAN VIÐ HORNIÐ** Eftir Tony Lopes




**BARNALÁN** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




**SPAKMÆLI DAGSINS**

**Sá sem talar illa um aðra í návist þinni talar illa um þig þegar þú ert fjarri.**

*Arabískur málsháttur.*

## KROSSGÁTA



**LÁRÉTT**
**2.** land, **6.** hæð, **8.** kraftur, **9.** framkoma, **11.** stór, **12.** orðrómur, **14.** glingur, **16.** mun, **17.** röst, **18.** tryllingur, **20.** frá, **21.** djamm.

**LÓÐRÉTT**
**1.** hæfileika, **3.** samtök, **4.** ofþyngja, **5.** slagbrandur, **7.** ómerkilegur samsetningur, **10.** stykki, **13.** örn, **15.** heiti, **16.** náinn, **19.** gangþófi.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** laos, **6.** ás, **8.** afl, **9.** fas, **11.** há, **12.** umtal, **14.** skran, **16.** ku, **17.** iða, **18.** æði, **20.** af, **21.** rall.
**LÓÐRÉTT: 1.** gáfu, **3.** aa, **4.** ofhlaða, **5.** slá, **7.** samsuða, **10.** stk, **13.** ari, **15.** nafn, **16.** kær, **19.** il

## SKÁK

**Gunnar Björnsson**

**Guðmundur Agnar Bragason (1319) vann góðan sigur á Atla Steini Hilmarssyni (1657) í fjórðu umferð Meistaramóts Hellis.**

**Hvítur á leik**



21. Rxh8! (tryggir hvítum unnið tafl) 21...Hxb7 22. axb7 Db8 23. Ba6 Bd6 24. Hc1 Bc7 25. Bb4 Bxg3+ 26. Ke2 Bc7 27. Bd6! Rc5 28. dxc5 og svartur gafst upp. Oliver Aron Jóhannesson var efstur eftir fimm umferðir á mótinu. **www.skak.is.** Undanúrslit Hraðskákkeppni taflfélaga fara fram í kvöld.


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
GOTT VERÐ Í BÓNUS GOTT VERÐ Í BÓNUS GOTT VERÐ Í BÓNUS GOTT VERÐ Í
Haustslátrun 2012
98
krónur kg
Frosin lambalifur
Haustslátrun 2012
2998
krónur kg
Frosið lambafillet
AROMATIC CRISPY DUCK
2998
kr. pk.
FROSIN FORELDUÐ ÚRBEINUÐ PEKINGÖND
U.Þ.B. 600g 24 PÖNNUKÖKUR OG HOISIN SÓSA
FERSKUR GRÍSABÓGUR
Ali
698
krónur kg.
ÍSLANDS LAMB
1998
krónur kg.
ÍSLANDSLAMB ÚRBEINAÐ LAMBALÆRI
ÍSLANDSNAUT FERSKT 100% ÍSLENSKT UNGNAUTAKJÖT
ÍSLANDS NAUT
2298
krónur kg.
UNGNAUTAGÚLLAS
ÍSLANDS NAUT
2298
krónur kg.
UNGNAUTASNITSEL
ÍSLANDS NAUT
1498
krónur kg.
UNGNAUTAHAKK
ARIEL ACTILIFT
1998
krónur 45 þvottar
ARIEL ÞVOTTAEFNI 45 ÞVOTTAR
ÍSLANDS NAUT
3598
krónur kg.
UNGNAUTARIBEY
Kolsýrt vatn
BÓNUS
Coca-Cola
NICKY Elite
3 Free Rolls
12 Rolls for the Price of 9
898
krónur 12 rl
NICKY SALERNISPAPPÍR 12 RÚLLUR
Gatorade
179
krónur 500ml
129
krónur 2 ltr.
198
krónur 1.5 ltr
AFGREIÐSLUTIMI
FIMMTUDAGUR
11:00-18:30
BÓNUS EKKERT BRUÐL
VISA



**EFTIRLÍKING AF BÁT SEM NOTAÐUR VAR Í LEIÐANGRI 2011** Um er að ræða sameiginlegt sýningarverkefni Kunsthalle Emden og Listasafns Íslands. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Tvær sýningar í Listasafni ASÍ

Önnur á verkum Kees Visser en hin sýningin nefnist Leiðangur 2011.

Sýningin Leiðangur 2011 fjallar um Sísyfosarþraut tveggja þýskra listamanna, Thomasar Huber og Wolfgangs Aichner, þegar þeir draga rauðan bát yfir ríflega þrjú þúsund metra hátt fjallaskarð í Zillertal í Ölpunum niður á sléttur Ítalíu handan fjallgarðsins.

„Ásamt fararkostinum fylgja heimildir um þessa raun sem telja verður einstætt listrænt afrek, enda vakti það sérstaka athygli á listamönnunum á Tvíæringnum í Feneyjum,“ segir Halldór Björn Runólfsson, safnstjóri á Listasafninu. „Verkið vekur spurningar um tengsl listar og náttúru, átök og sigra,“ heldur Halldór áfram. Sýningin samanstendur af málverkum, ljósmyndum, grafíkverkum, klippimyndum, bókverkum og vídeóinnsetningu.

Sýningin er undir stjórn Christians Schoen.

Kees Visser hefur átt langan feril í myndlist. Ferill hans tengist náið þróun íslenskrar listar á 8. og 9. áratugnum þegar strauma hugmyndalistar og póstmódernisma gætti hvað mest. „Yfirveguð og marksækin nálgun hans hefur að undanförnu aflað honum mikils álits í evrópskri list, þar sem hann er álitinn einn af eftirtektarverðustu fulltrúum geómetrískrar og hugmyndalegrar aðferðafræði,“ segir Halldór að lokum. Sýning Listasafns Íslands leitast við að veita



**VERK EFTIR KEES VISSER** Kees Visser hefur átt mikill velgengni að fagna í myndlistargeiranum undanfarið.

yfirgripsmikla innsýn í feril Kees Visser.

Sýningarnar opna laugardaginn sjöunda september klukkan 11. - ósk






**LEIKSTJÓRINN** Unnar Geir Unnarsson útskrifaðist frá ASAD fyrir tveimur árum og segist alls ekki hafa orðið var við það að íslenska leiklistarklíkan sé lokuð þeim sem læra erlendis. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Ekki enn rekist á íslensku klíkugrýluna

Blik er heitið á nýju leikriti eftir Phil Porter sem leikhópurinn Arctic frumsýnir í Gamla bíói á sunnudaginn. Unnar Geir Unnarsson, leikstjóri verksins, segir það meinfyndinn harmleik um félagslega hegðun sinnar kynslóðar.

Verkið, sem á ensku heitir Blink, var frumsýnt á Edinborgarhátíðinni í fyrra og síðan flutt í Soho Theatre í London þar sem það sló hressilega í gegn,“ segir Unnar Geir Unnarsson leikstjóri. „Við tryggðum okkur réttinn núna í vor, Súsanna Svavarsdóttir þýddi það fyrir okkur í sumar og svo fórum við bara að æfa á fullu.“

Leikarar í verkinu eru Jenný Lára Arnórsdóttir og Hafsteinn Þór Auðunsson og um tónlistina sér Grímur Gunnarsson. Einungis verða fjórar sýningar og Unnar Geir segir það helgast af því að leikhópurinn sé lítill, án allra styrkja og allir aðstandendur sýningarinnar séu í annarri vinnu meðfram leiklistinni. „Dæmið gengur einfaldlega ekki upp öðruvísi,“ segir hann. „Við sýnum fjórar sýningar á tveimur vikum og höfum bara ekki bolmagn til að halda úti lengra sýningartímabili. Það gengur ekki að fjárhagsáhyggjur hefti listrænt frelsi.“

Þau Unnar, Jenný og Hafsteinn eru öll menntuð í leiklist við ASAD-leiklistarskólann í London og því liggur beint við að spyrja hvort ekki hafi verið erfitt að koma sér á framfæri í íslenska leiklistarheiminum? „Þegar maður kom heim úr námi hafði maður heyrt mikið talað um þessa stóru grýlu; leiklistarklíkuna miklu á Íslandi,“ segir Unnar. „Ég hef nú ekki hitt þá grýlu enn og get ekki betur séð

> **Það er verið að skoða félagslega hegðun minnar kynslóðar sem finnst að einn status á Facebook uppfylli samskiptaþörf dagsins.**

en fólk sé alveg tilbúið að gefa manni jafnmikinn séns og öðrum ef maður hefur eitthvað fram að færa. Auðvitað hafa nemendur úr Listaháskóla Íslands forskot, fólk er kannski búið að fylgjast með þeim alveg frá fyrsta ári, en það þýðir bara að við þurfum aðeins lengri tíma til að sanna hver við erum og fyrir hvað við stöndum. Við leggjum alla áhersluna á að gera eins góðar sýningar og við getum, leggjum okkar framlag á borðið og svo verður framhaldið bara að koma í ljós.“

Unnar segir Blik vera nútímaástarsögu sem gerist í London. Hann segir umfjöllunarefnið taka á nýjum háttum í samskiptum sem orðið hafi til með aðstoð tækninnar. „Það er verið að skoða félagslega hegðun minnar kynslóðar sem finnst að einn status á Facebook uppfylli samskiptaþörf dagsins. Þetta er meinfyndinn harmleikur um samskipti og samskiptaleysi.“

Frumsýningin verður á sunnudag og hinar sýningarnar þrjár verða 11., 13. og 15. september, allar í Gamla bíói.

fridrikab@frettabladid.is

# BORG RESTAURANT

## BORG RESTAURANT

**Morgunverðar-hlaðborð**
alla daga frá 6.00-10.00



**Hádegisverður**
virka daga frá 11.30-14.00



**Helgarbrunch**
helgar frá 11.30-15.00



**Kvöldverður**

**Happy Hour**
daglega frá 17-19

## GYLLTI SALURINN

**Árshátíðir**



**Afmæli**



**Brúðkaup**
30-150 manns



**Erfisdrykkjur**
30-300 manns



**Fundaraðstaða**
30-150 manns

## SKUGGA-SVÍTAN
4-30 manns

**Fundaraðstaða**
4-30 manns





**Einkakvöldverður**
4-30 manns

# BORG RESTAUARANT

**Hótel Borg - Pósthússtræti 11 - 101 Reykjavík**

**s: 578-2020 - info@borgrestaurant.is - www.borgrestaurant.is**




Gildir til 11. september á meðan birgðir endast.




HAGKAUP
Ein ferð betra verð



## TÓNNINN GEFINN

Freyr Bjarnason

# Nostalgía níunda áratugarins

Nýverið kom ég auga á safnplötu með tónlist úr Rocky-myndunum á tónlistarmarkaði og ákvað að kaupa hana, nostalgíunnar vegna.

Þarna voru eitís-slagarar á borð við No Easy Way Out, Burning Heart, Living in America og síðast en ekki síst Eye of the Tiger. Gonna Fly Now er einnig ódauðlegt, að sjálfsögðu.

Á níunda áratugnum tíðkaðist það að lög voru samin sérstaklega fyrir kvikmyndir og oft náðu þau vinsældum. Til dæmis komust bæði Eye of the Tiger og Power of Love í efsta sæti bandaríska Billboard-listans og sat hið fyrrnefnda í sex vikur í toppsætinu. Tímarnir breytast og markaðurinn með og því miður er mun minna um það en áður að lög séu samin með kvikmyndir í huga. Ef það er gert vekja þau litla sem enga athygli.



Örfáar undantekningar eru á því, þar á meðal Circle of Life með Elton John úr The Lion King og Lose Yourself með Eminem úr 8 Mile.

En aftur að níunda áratugnum því lög úr myndunum sem maður sá á þeim tíma eru enn þann dag í dag ótrúlega eftirminnileg í huga manns. Nostalíunnar vegna væri ég alveg til í að eiga eina plötu þar sem öllum bestu lögunum er safnað saman.

**Lagalistinn yrði eftirfarandi**

- **1.** Eye of the Tiger - **Survivor** (Rocky III)
- **2.** Burning Heart - **Survivor** (Rocky IV)
- **3.** Glory of Love - **Peter Cetera** (Karate Kid Part II)
- **4.** Ghostbusters - **Ray Parker Jr.** (Ghostbusters)
- **5.** Take My Breath Away - **Berlin** (Top Gun)
- **6.** Danger Zone - **Kenny Loggins** (Top Gun)
- **7.** Footloose - **Kenny Loggins** (Footloose)
- **8.** The Power of Love - **Huey Lewis & the News** (Back to the Future)
- **9.** When the Going Gets Tough, the Tough Get Going - **Billy Ocean** (The Jewel of the Nile)
- **10.** The Heat is On - **Glenn Frey** (Beverly Hills Cop)
- **11.** The Neverending Story - **Limahl** (The Neverending Story)
- **12.** A View to a Kill - **Duran Duran**.

Skotheldur tólf laga pakki, leyfi ég mér að fullyrða.

## Í spilaranum





**Múm** - Smilewound
**Pixies** - EP-1
**Grísalappalísa** - Ali

# Syngur um vélmenni

**Bandaríska söngkonan Janelle Monáe gefur út plötuna The Electric Lady eftir helgi. Þar heldur hún áfram sem frá var horfið með Metropolis-þemað sitt.**

Önnur hljóðversplata bandarísku R&B- og sálarsöngkonunnar Janelle Monáe, The Electric Lady, kemur út eftir helgi á vegum Wondaland Arts Society og Bad Boy Records, sem Sean „Diddy“ Combs stofnaði.

Monáe fæddist í Kansas árið 1985 og var lengi heilluð af Dórótheu úr kvikmyndinni Galdrakarlinn í Oz. Eftir að hafa stundað leiklistarnám í New York og í Fíladelfíu flutti hún til Atlanta 2001 . Þar kynntist hún Big Boi úr OutKast og söng síðar á plötu sveitarinnar, Idlewild.

Monáe stofnaði fyrirtækið Wondaland Arts Society sem gaf út EP-plötuna The Audition árið 2003. Monáe er hugfangin af vísindaskáldskap og þarna byrjaði hún að syngja um borgina Metropolis og var þar undir áhrifum frá hinni samnefndu sígildu mynd Fritz Lang frá árinu 1927.

Hún hélt áfram með þemað á fyrstu opinberu EP-plötu sinni, Metropolis: Suite I (The Chase), sem kom út 2007 hjá Bad Boy Records. Þar söng hún um vélmennið Cindi Mayweather sem er fjöldaframleitt árið 2719. Platan fékk góðar viðtökur og var Monáe tilnefnd til Grammy-verðlaunanna fyrir lagið Many Moons.

Árið 2010 gaf Monáe út sína fyrstu breiðskífu, The ArchAndroid, þar sem hún hélt áfram með Metropolis-þemað. Gagnrýnendur hrifust af plötunni, sem var tilnefnd til Grammy-verðlaunanna, og einnig lagið Thightrope. Hún náði einnig sautjánda sæti Billboard-listans.

Á síðasta ári var Monáe svo gestasöngvari í hinu vinsæla lagi hljómsveitarinnar Fun, We Are Young. Lagið fór á topp Billboard-listans, sem er það hæsta sem söngkonan hefur náð til þessa.

Á The Electric Lady heldur Monáe áfram með útópíuþemað sitt. Lögin eru nítján talsins og stjórnaði hún upptökunum sjálf í samstarfi við Deep Cotton og Roman GianArthur, kollega sína úr Wondaland Arts Society. Góðir gestir koma einnig við sögu, þar á meðal Erykah Badu, sem syngur með henni í smáskífulaginu Q.U.E.E.N, Prince, Big Boi, Cee-Lo Green, Miguel, Solange og Esperanza Spalding.

freyr@frettabladid.is



**NÝ PLATA** Janelle Monáe gefur út sína aðra breiðskífu, The Electric Lady, eftir helgi. NORDICPHOTOS/GETTY

## Þekkt fyrir að klæðast smóking

Monáe er þekkt fyrir að klæðast smókingjakka á opinberum vettvangi og þykir hafa góðan fatasmekk. „Þegar ég hóf tónlistarferilinn var ég hreingerningakona og vann við að þrífa hús. Mamma mín var húsvörður, stjúpfaðir minn starfaði hjá póstinum og pabbi var öskukarl. Þau klæddust öll einkennisbúningum og þess vegna stend ég hér í dag, í svörtu og hvítu og klæðist mínum einkennisbúningi þeim til heiðurs,“ sagði Monáe þegar Black Girls Rocks-verðlaunin voru afhent. „Fötin minna mig á að ég hef verk að vinna.“

## 29.8.2013 → 4.9.2013






### LAGALISTINN

| | | | |
|---|---|---|---|
| ▶ | 1 | Avicii / Aloe Blacc | Wake Me Up |
| ▲ | 2 | Dikta | Talking |
| ▼ | 3 | Dr.Gunni og Friðrik Dór | Glaðasti hundur í heimi |
| ▶ | 4 | Pink / Lily Allen | True Love |
| * | 5 | Katy Perry | Roar |
| ▼ | 6 | Olly Murs | Dear Darlin' |
| ▶ | 7 | Hjaltalín | Halo |
| ▼ | 8 | Naughty Boy / Sam Smith | La La La |
| ▼ | 9 | Áhöfnin á Húna | Sumardagur |
| ▲ | 10 | Sálin hans Jóns míns | Gefðu mér bros (þú um það) |

### TÓNLISTINN

| | | | |
|---|---|---|---|
| ▶ | 1 | Ýmsir | This Is Icelandic Indie Music |
| ▲ | 2 | Of Monsters And Men | My Head Is An Animal |
| ▼ | 3 | Ásgeir Trausti | Dýrð í dauðaþögn |
| ▼ | 4 | Samaris | Samaris |
| ▼ | 5 | Sigur Rós | Kveikur |
| ▲ | 6 | Hjaltalín | Enter 4 |
| ▼ | 7 | Ýmsir | Inspired by Harpa |
| * | 8 | Hjalti og Lára Sóley | Hjalti og Lára Sóley |
| ▼ | 9 | Ýmsir | Hot Spring: Askja |
| ▼ | 10 | Ýmsir | Acoustic Iceland |

**Skýringar** ▶ Stendur í stað síðan í síðustu viku ▼ Fellur um sæti síðan í síðustu viku ▲ Hækkar á lista síðan í síðustu viku * Nýtt á lista

Listarnir eru teknir saman fyrir Félag hljómplötuframleiðenda. Listarnir eru birtir í heild sinni á Vísir.is. vísir

**Þátttakendur í Lagalistanum** Bylgjan, FM957, Xið 977, Rás 2, K100,5, tonlist.is. **Verslanir í Tónlistanum** Skífan, Hagkaup, Penninn/Eymundsson, 12 tónar, Harpa, Smekkleysa plötubúð, Elko, tonlist.is.

NPA MIÐSTÖÐIN VELFERÐARRÁÐUNEYTIÐ

**Fræðslufundur um notendastýrða persónulega aðstoð (NPA) og sjálfstætt líf fatlaðs fólks**

Laugardaginn 7. september, kl. 10 - 14 í húsnæði NPA miðstöðvarinnar í Nýsköpunarmiðstöð Íslands, Keldnaholti, Grafarvogi

**Við hvetjum fatlað fólk, aðstandendur, fagfólk og sveitarstjórnarfólk til að mæta**

*Fundurinn er fyrst og fremst ætlaður íbúum, starfsfólki og sveitarstjórnarfólki í Garðabæ, Kópavogi og Hafnarfirði.*



SAFT

KOMDU UPPLÝSINGUM UM ÞAÐ SEM ÞÚ TELUR ÓLÖGLEGT EFNI Á NETINU TIL RÉTTRA YFIRVALDA



www.saft.is






Frumherji

Sími: 570 9090 · Netfang: frumherji@frumherji.is · www.frumherji.is

# Leikur geimveru

## Scarlett Johansson leikur geimveru í Under the Skin.



Stikla fyrir vísindatryllinn Under the Skin er nú aðgengileg á netinu. Myndin er í leikstjórn Jonathans Glazer og skartar leikkonunni Scarlett Johansson í hlutverki geimveru.

Handrit myndarinnar er byggt á samnefndri skáldsögu Michels Faber frá árinu 2000 og segir frá ferðalagi geimverunnar Isserley um Skotland.

Veran hefur tekið á sig mynd ungrar konu og tælir puttaferðalanga til lags við sig áður en hún byrlar þeim ólyfjan og sendir þá til heimaplánetu sinnar þar sem þeir eru aldir sem fóður. Skáldsagan var tilnefnd til Whitbread verðlaunanna árið 2000.

Með önnur hlutverk í myndinni fara Paul Brannigan, Krystof Hádek og Jessica Mance. Glazer hefur áður leikstýrt kvikmyndunum Sexy Beast frá árinu 2000 og Birth frá árinu 2004.

**GEIMVERA** Scarlett Johansson leikur geimveru í næstu kvikmynd sinni, Under the Skin. NORDICPHOTOS/GETTY





**RÁÐIN** Dakota Johnson og Charlie Hunnam fara með aðalhlutverkin í kvikmynd sem byggð er á 50 gráum skuggum. NORDICPHOTOS/GETTY

# Steele og Grey fundin

## Búið er að ráða í aðalhlutverkin í 50 Shades of Grey.

Dakota Johnson og Charlie Hunnam munu fara með hlutverk Anastasiu Steele og Christian Grey í kvikmynd sem byggð er á skáldsögunni Fimmtíu gráir skuggar. Sam Taylor Johnson mun leikstýra myndinni, en hún leikstýrði myndinni Nowhere Boy frá árinu 2009.

Fyrir þá sem ekki þekkja til Dakota Johnson, þá er stúlkan fyrrverandi fyrirsæta og dóttir leikaranna Dons Johnson og Melanie Griffith. Hún hefur áður leikið í myndum á borð við 21 Jump Street, The Social Network og The Five-Year Engagement.

Hunnam er hvað þekktastur fyrir hlutverk sitt sem Jackson „Jax“ Teller í sjónvarpsþáttunum Sons of Anarchy. Hann fór einnig með aðalhlutverkið í stórmyndinni Pacific Rim í leikstjórn Guillermo del Toro.

# Fjölbreyttar sýningar

## Þrjár kvikmyndir eru frumsýndar í þessari viku.

Gamanmyndin The Kings of Summer er frumsýnd í Bíó Paradís annað kvöld. Myndin er í leikstjórn Jordan Vogt-Roberts og segir frá þremur piltum sem ákveða að yfirgefa foreldrahúsin og lifa þess í stað í villtri náttúrunni. Myndinni hefur verið líkt við klassíkina The Goonies og hefur hlotið einróma lof gagnrýnenda.

Einnig verður myndin The World's End frumsýnd annað kvöld. Sú skartar breska gamanleikaranum Simon Pegg í aðalhlutverki og segir frá fimm vinum sem ætla sér í ævintýralegt barrölt sem endar með ósköpum.

Að lokum má nefna heimildamyndina One Direction: This is Us. Í myndinni er hljómsveitinni One Direction fylgt eftir á tónleikaferðalagi sínu auk þess sem áhorfendur fá að kynnast fjölskylduhögum piltanna.



**ONE DIRECTION** Hljómsveitinni er fylgt eftir í heimildamyndinni One Direction: This is us.



**SKUGGAVEIÐARI** Lily Collins fer með hlutverk Clary Fray í kvikmyndinni Mortal Instruments: City of Bones.

# Unglingsstúlka berst við óvætti og djöfla

## Kvikmyndin Mortal Instruments: City of Bones verður frumsýnd annað kvöld.

Ævintýramyndin Mortal Instruments: City of Bones er byggð á samnefndri metsölubók rithöfundarins Cassöndru Clare, en bókin er sú fyrsta í bókaflokknum um skuggaveiðarann Clary Fray.

Myndin segir frá unglingsstúlkunni Clary Fray sem býr ásamt móður sinni í Manhattan. Kvöld eitt ákveður hún að sækja skemmtistað ásamt besta vini sínum, Simon Lewis, og verður þar ein vitni að morði. Sama kvöld er móður Clary rænt og í kjölfarið kemst stúlkan að því að móðir hennar, og hún sjálf, tilheyra hópi svokallaðra skuggaveiðara. Skuggaveiðarar eru hópur fólks sem hefur það hlutverk að halda djöflum og öðrum yfirnáttúrulegum óvættum í skefjum. Skuggaveiðarinn Jace Wayland, sá er Clary sá deyða djöfulinn inni á skemmtistaðnum umrætt kvöld, leiðir hana í sannleikann um skuggaveiðarana og aðstoðar hana við að hafa uppi á móður sinni.

Leikkonan Lily Collins fer með hlutverk Clary Fray og með önnur hlutverk fara leikararnir Jamie Campbell Bower, Robert Sheehan, Kevin Zegers og Lena Headey, sem mörg eru að stíga sín fyrstu skref innan leiklistarinnar.

Leikstjóri myndarinnar er hinn norski Harald Zwart sem á að baki myndir á borð við sænsku hasarmyndina Hamilton frá árinu 1998 með Peter Stormare í aðalhlutverki og The Karate Kid með Jaden Smith og Jackie Chan í aðalhlutverkum. Zwart hefur einnig leikstýrt tveimur tónlistarmyndböndum hljómsveitarinnar a-ha. Leikstjórinn er þekktur fyrir að reyna að lauma kennimerkjum norska fótboltaliðsins Fredrikstad F.K. í kvikmyndir sínar.

Cassandra Clare, höfundur bókanna um Clary Fray, átti í miklum erfiðleikum með að selja söguna til kvikmyndaframleiðenda. Fyrirtækin höfðu ekki áhuga á að framleiða kvikmynd þar sem höfuðrullan væri í höndum konu og óskuðu sum þeirra eftir því að kyn söguhetjunnar yrði breytt. Því neitaði Clare staðfastlega og úr varð að Clary fékk að halda sínu rétta kyni.

Breski leikarinn Alex Pettyfer átti upphaflega að fara með hlutverk Jace Wayland en afþakkaði boðið. Alexander Ludwig, Ed Speleers, Xavier Samuel, Nico Tortorella, Max Irons, sonur leikarans Jeremy Irons og Douglas Booth, sem fer með hlutverk í stórmyndinni Noah, föluðust allir eftir hlutverki Wayland, en Bower hreppti loks hnossið.

Myndin hefur fengið heldur slaka dóma frá gagnrýnendum vefsíðunnar Rottentomatoes, þeir gefa myndinni aðeins 12 prósent í einkunn. Hinn almenni áhorfandi er töluvert ánægðari með afraksturinn og gefur henni 71 prósent í einkunn. - sm



### Efnilegt ungviði

- **Lily Jane Collins**, fædd þann 18. mars árið 1989, leikur Clary Fray. Hún er dóttir tónlistarmannsins Phils Collins og þekktust fyrir hlutverk sín í kvikmyndunum The Blind Side, Abduction og Mirror Mirror, þar sem hún fer með hlutverk Mjallhvítar.
- **James Metcalfe Campbell Bower**, fæddur þann 22. nóvember 1988, fer með hlutverk Jace Wayland. Bower hefur áður farið með smærri hlutverk í myndum á borð við Sweeney Todd: The Demon Barber of Fleet Street, Twilight og Harry Potter and the Deathly Hallows – Part 1.
- **Robert Michael Sheehan** er fæddur þann 7. janúar árið 1988 og leikur Simon Lewis. Hann er írskur og á móðurmálinu heitir hann Roibeárd Mícheál Ó Siodhacháin. Sheehan er þekktastur fyrir hlutverk sín í myndunum Misfits og Killing Bono.

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA

Fitulítil og próteinrík…

… og passar með öllu




www.ms.is

Lífskorn Myllunnar er til í tveimur gerðum. Veldu þitt uppáhalds.







„Æskilegt er að landsmenn borði meira af grófum heilkornabrauðum og öðrum heilkornavörum til að stuðla að bættri heilsu."
*- http://www.landlaeknir.is/um-embaettid/frettir/frett/item20911/-Heilkornabraud-%E2%80%93-holla-valid*

Lestu meira um heilnæmi og hollustu heilkorns á vef Embættis landlæknis *(http://www.landlaeknir.is)*

# Mundu eftir heilkornabrauðinu
# **Veldu Lífskorn Myllunnar**

Lífskorn Myllunnar er trefjaríkt heilkornabrauð frá Myllunni með hátt hlutfall heilkorns. Það er ríkt af próteinum og inniheldur B-vítamín og steinefni sem eru líkamanum nauðsynleg. Lífskorn er líka bragðgott og því tilvalið í skólanestið. Það er gott bæði með morgunkaffinu og í hádeginu eða bara þegar næringar er þörf. Með neyslu heilkorna fær líkami þinn nauðsynleg næringarefni, steinefni og vítamín sem stuðla að styrk hans og heilbrigði. Mundu eftir Lífskorni í næstu matvöruverslun. Veldu Lífskorn, trefjaríka heilkornabrauðið.







*Lífskorn Myllunnar uppfyllir öll skilyrði Skráargatsins sem einungis hlotnast hollustu vörunum í sínum flokki.*

**Lífskorn frá Myllunni uppfyllir öll skilyrði sem sett eru fyrir því að teljast heilkornabrauð og gott betur. Kynntu þér innihald Lífskorns.**

trefjaríkt



*Kynntu þér heilsustefnu Myllunnar á **myllan.is** og fylgstu með okkur á **facebook.com/Myllubraud***

MYLLAN
ALLTAF NÝ BAKAÐ

# Fær síður vinnu

## Yfirmenn vilja síður ráða fólk með áberandi húðflúr.

Húðflúr, sem svo margir eru með, geta skapað þó nokkur vandræði. Rannsókn sem var gerð af bresku félagsmálastofnuninni leiddi í ljós að fólk með áberandi húðflúr á frekar á hættu að vera neitað um vinnu. Í rannsókninni voru yfirmenn úr ólíkum starfsgreinum spurðir hvort þeir myndu síður ráða fólk með húðflúr til starfa.

Svörin voru afgerandi og voru þeir allir sammála um að fólk með áberandi húðflúr gæti haft neikvæð áhrif á ímynd fyrirtækisins, sérstaklega ef húðflúrin væru af hauskúpum, skordýrum, blóði eða öðru ógnvekjandi. Aftur á móti skipti það minna máli ef viðkomandi væri með falleg húðflúr, eins og af fiðrildum eða blómum.



**VILJA SÍÐUR FÓLK MEÐ ÁBERANDI HÚÐFLÚR** Fólk með áberandi húðflúr frekar neitað um vinnu. NORDICPHOTOS/GETTY

# Sjúga höku og sleikja tennur

**?** Takk fyrir frábæra pistla og þarfa umræðu! Mig langar til að bera undir þig eitt lítið vandamál mitt og kærasta míns, en þannig er mál með vexti að okkur gengur illa að kyssast! Kynlífið, faðmlögin og kelerí er fínt, en þegar kemur að því að kyssast með tungunni þá erum við hreinlega vandræðaleg. Við elskum bæði að kyssa með tungunni, myndum liggja og gera það tímunum saman ef það væri ekki þessi taktleysa í tungufiminni á milli okkar. Honum finnst ég kjánaleg, mér finnst hann kjánalegur en bæði eigum við fyrri elskhuga og höfum aldrei lent í þessu áður. Við elskum hvort annað og samveruna (en erum svo sem ekki yfir okkur ástfangin á bleiku skýi)… Getur verið að þetta sé skortur á líffræðilegri hrifningu, kemistríu? Að taugarnar í tungunum séu að mótmæla? Elsku Sigga, ég vona að þú hafir svar fyrir okkur.

•••

**SVAR** Ég þakka kærlega hólið, það er alltaf gott að vera vel metin. Varðandi krísuna ykkar þá dettur mér helst í hug atriði úr bíómyndinni Paradise: Love þar sem konan er að leiðbeina bólfélaga sínum hvernig hún fíli að láta kyssa sig. Hún biður hann vinsamlegast um að beita tungunni blíðlega og kyssa sig rólega. Lýsingin vekur smá kjánahroll en þetta er samt það sem þið þurfið að gera, tala saman og leiðbeina hvort öðru.



**KOSSAFLENS** Góður koss er gulli betra. NORDICPHOTOS/GETTY

Ég hef lent í slæmum sleik og það er frekar glatað. Leiðbeiningar svínvirka. Ef þig á annað borð langar í sleik með viðkomandi, og hann með þér, þá ætti hrifning ekki að vera vandamál. Þið þurfið bara að samræma tæknina og finna hvað hentar ykkur. Kannski minni tunga, fleiri kossar eða alveg öfugt? Fyrri saga kossaflens hefur ekkert með þetta að gera því öll erum við einstök með ólíkar langanir. Ég hef heyrt af fólki sem fílar að láta sjúga á sér hökuna og sleikja tennurnar. Slíkt væri alls ekki vænlegt til vinnings í mínum bókum og rökin að öðrum elskhugum hefði þótt það æsandi myndi ekki gera það að verkum að ég sæi villu míns vegar. Það má æfa sleiktækni og finna ykkar takt, rétt eins og með annað í samlífinu. Gangi ykkur vel.

**KYNLÍF TAKTU ÞÁTT!**
Sendu Siggu Dögg póst og segðu henni frá vandamáli úr bólinu. Lausnin gæti birst í Fréttablaðinu.
kynlif@frettabladid.is



# Misheppnast sjaldan

## Vala Ólafsdóttir segir að sultur misheppnist sjaldan. Hún hreppti annað sætið í sultukeppni á vegum sveitamarkaðarins Mosskógar um síðustu helgi.

„Ég stefni á að fara í berjamó næstu helgi, ég frétti af tveimur stöðum á Suðurlandinu sem ég ætla að prófa. Sprettan hefur verið svo lítil í ár að það hvílir pínu leynd yfir berjastöðum núna, sem gerir þetta bara skemmtilegra,“ segir Vala Ólafsdóttir, verslunarstjóri í safnbúð Þjóðminjasafns Íslands.

Vala er mikil áhugakona um berjatínslu og sultugerð og tók meðal annars þátt í árlegri sultukeppni á vegum sveitamarkaðarins Mosskóga um síðustu helgi. Hún hreppti annað sætið með heimalöguðu rifsberjahlaupi sem þótti, að mati dómnefndar, bragðgott, fallega rautt, mátulega þétt í sér og hæfilega sætt.

„Það voru rúmlega tuttugu manns sem skiluðu inn sultu og ég lenti þar í öðru sæti með rifsberjahlaup úr berjum úr garðinum mínum. Dómnefndin sat við langborð, mjög fagleg, og smakkaði sulturnar til og frá og veitti umsögn um gæði og útlit. Þetta var mjög skemmtilegt,“ útskýrir Vala.

Þótt berjasprettan í ár hafi verið með slakara móti var sprettan í fyrra góð og tíndi Vala þá mikið magn af bláberjum í Skorradal. Hún segist nota berin meðal annars í sultur, kökur og morgunverðarþeytinga. „Ég byrjaði að prófa mig áfram í sultugerð fyrir fjórum eða fimm árum og ég fæ alltaf meiri á meiri áhuga á þessu. Fólk á alls ekki að vera hrætt við að prófa að sulta, þótt sulturnar verði misgóðar hef ég aldrei lent í því að þær misheppnist,“ segir hún að lokum.

sara@frettabladid.is



**SULTAR** Vala Ólafsdóttir verslunarstjóri hefur mikinn áhuga á berjatínslu og sultugerð. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Sultuuppskriftir frá Völu




### Rifsberjahlaup

*1.200 gr rifsber, helst vel rauð (berin á stilkunum)*
*800 gr sykur*

Hella saman í pott, hræra af og til meðan suðan er að koma upp og sjóða við meðalhita í 10 mínútur eftir að suðan er komin upp, halda áfram að hræra á meðan.
**Algjörlega bannað að tala í síma eða vera á Facebook á meðan maður sultar!**
Svo hella í gegnum sigti og kreista vel úr berjunum/hratinu. Hella sjóðandi heitu í krukkur og setja lokið á. Síðan inn í ísskáp eftir um 15 mínútur.

### Stikilsberja- og eplasulta

*1 kg stikilsber*
*1 dl vatn*
*3 græn epli*
*750 gr sykur*

Stikilsber sett í pott með vatninu og soðin í 10 mínútur. Epli afhýdd og söxuð mjög smátt. Eplin sett í pottinn ásamt stikilsberjum og sykrinum bætt út í. Soðið í 5 mínútur. Hellt sjóðandi heitu í krukkur og lokað, inn í ísskáp eftir 15 mínútur. Að sulta er auðvelt en það tekst auðvitað best ef það er gert með hjartanu eins og svo margt annað.






TOYOTA
RÁS 2
Miðasala fer fram á Miði.is, Harpa.is, í miðasölu Hörpu og í síma 528-5050.
sena

# Vildu ekki sitja þrír að tónleikum

Hljómsveitin Sykur spilar á mánaðarlegu kvöldi Funkþáttarins á Boston í kvöld.

Funkþátturinn á X-inu stendur fyrir mánaðarlegum tónleikum á Boston á Laugavegi í kvöld.

„Kvöldin snúast um sýna það besta sem er að eiga sér stað í raftónlist á Íslandi að hverju sinni, að okkar mati,“ segir Baldur Baldursson, einn stjórnenda Funkþáttarins. Ásamt Baldri koma að þættinum þeir Sveinbjörn Pálsson og Símon Guðmundsson, betur þekktir sem Don Balli Funk, Terrordisco og Símon Fknhndsm. „Kvöldin byrjuðu þannig að við vorum með livekvöld einu sinni í mánuði í þættinum. Þá komu hljómsveitir og spiluðu líkt og á tónleikum. Sumir gengu meira að segja svo langt að klæða sig í þau föt sem farið er í þegar spilað er live, þrátt fyrir að við værum bara þrír að horfa.

Eftir hartnær ár af þessu uppgötvuðum við að þetta væri bara eigingirni, að við sætum þrír að tónleikum einu sinni í mánuði! Þá var þetta fært á Boston,“ útskýrir Baldur.

Kvöldið er það fimmta í röðinni og hljómsveitin Sykur kemur til með að spila. Áður hafa Samaris, Oculus, Hermigervill og Viktor Birgis spilað á kvöldunum.

„Við hvetjum alla raftónlistarmenn sem eru að grúska í bílskúrum, svefnherbergjum eða á kaffihúsum að hafa samband við okkur,“ bætir Baldur við. „Við erum samt frekar latir að svara útsendingarsímanum, þannig að Facebook er besta leiðin til að ná sambandi,“ segir Baldur léttur í bragði. - ósk



**LATIR AÐ SVARA Í ÚTSENDINGARSÍMANN** Þeir Baldur Baldursson, Sveinbjörn Pálsson og Símon Guðmundsson stjórna Funkþættinum. MYND/BRYNJAR SNÆR

# Miley Cyrus: Úr barnastjörnu í kyntákn?

Söng- og leikkonan Miley Cyrus er ein umtalaðasta kona heims um þessar mundir, þrátt fyrir ungan aldur. Hún er dóttir kántrísöngvarans Billy Ray Cyrus.

Hún hóf leikferil sinn fyrir alvöru í Disney-þáttaröðinni Hannah Montana aðeins þrettán ára gömul. Þar lék hún Miley Stewart, unga stúlku sem lifði eðlilegu lífi á daginn en brá sér í gervi poppstjörnunnar Hannah Montana á kvöldin. Síðan hefur mikið vatn runnið til sjávar og Miley unnið sér margt til frægðar. Hún hefur gefið út smelli á borð við Party in the USA og We don't stop, sem hafa selst í milljónum eintaka. Miley Cyrus verður tuttugu og eins árs á árinu og náði að öllum líkindum hápunkti frægðar sinnar eftir framkomu sína á VMA-hátíðinni á vegum MTV í síðustu viku þar sem hún kom fram með Robin Thicke, söngvara smellsins Blurred Lines, á heldur kynferðislegan máta.



**LÍTIL OG SÆT** Miley Cyrus og kántrísöngvarinn Billy Ray Cyrus, faðir Miley, á tónleikum til heiðurs Elvis Presley í Memphis í Tennessee.

**1994**



**MILEY OG BILLY RAY** Eiga náið feðginasamband. Billy Ray lék meðal annars föður Miley í Disney-þáttaröðinni Hannah Montana, sem kom Miley á kortið.

**2005**



**STÓRSTJARNA** Miley Cyrus heldur tónleika, aðeins 14 ára gömul, í San Jose í Kaliforníu við gríðarlega góðar undirtektir. Þúsundir mæta á alla tónleika sem Miley Cyrus heldur.

**2006**



**HANNAH MONTANA** Hér eru feðginin í hlutverki Miley og Robby Ray Stewart í þætti af Hannah Montana sem helgaður var fjölskyldum hermanna í Írak. Miley helgaði tvö lög fjölskyldum hermanna, Been Here All Along og I'm Still Good. Samkvæmt slúðurmiðlum vestanhafs hefur Billy Ray sagt opinberlega frá því að hann sjái eftir að hafa leyft dóttur sinni að leika í þáttunum.

**2011**



**ÁSTFANGIN** Óskarsverðlaunapartí Vanity Fair í Vestur-Hollywood. Hér er Miley Cyrus ásamt kærasta sínum, ástralska leikaranum Liam Hemsworth sem hefur meðal annars leikið í Hungurleikunum.

**2012**



**VMA-FÍASKÓIÐ** Miley Cyrus ásamt Robin Thicke. Saman tóku þau lagið Blurred Lines á VMA-hátíðinni sem haldin var í Brooklyn í New York í lok ágúst. Flutningur Miley þótti helst til kynferðislegur á köflum og margir hafa opinberlega lýst yfir hneykslan sinni á tilburðum Miley á sviðinu. Þá var slegið met í tístum á samfélagsmiðlinum Twitter um atburðinn og flest voru þau á neikvæðum nótum. Miley lætur þó ekkert slá sig út af laginu og segir alla umfjöllun vera góða umfjöllun. AFP/NORDIC PHOTOS

**2013**

NÝTTU TÆKIFÆRIÐ
FRÁBÆR KAUP
TAXFREE-DAGAR Í DORMA
TAXFREE-AFSLÁTTUR Í SEPTEMBER
20,32% AF ÖLLUM VÖRUM!
Holtagörðum
Pöntunarsími 512 6800
DORMA
DORMA er einnig í HÚSGAGNAHÖLLINNI
Dalsbraut 1 á Akureyri og í Reykjavík
OPIÐ: Virka daga frá kl. 10.00-18.00 • Laugardaga frá kl. 11.00-17.00 • Sunnudaga: 13.00-16.00 (Akureyri lokað á sunnudögum)

# DEBENHAMS

# SENSAI




Förðunarlínur SENSAI frá Kanebo bjóða upp á nýja og áhrifaríka grunnmeðferð undir hvers konar förðun þar sem sameinaðir eru tveir dýrmætustu rakagjafar náttúrunnar, vatn og silki. Þeir viðhalda nauðsynlegum rakabúskap húðarinnar og sjá henni fyrir lýtalausri áferð.

Lift Up Base grunnurinn fyllir upp í litlar misfellur í húðinni svo hún öðlast fullkomna áferð, rétt eins og hún hafi verið sveipuð fínasta slöri, á meðan hálfgegnsæ áferðin jafnar mislit svæði. Grunnurinn gefur raka sem teygir sig niður í neðstu lög húðarinnar og veitir henni fyllingu og gerir hana stinna.

Skin Focus Corrector er mýkjandi viðgerðarstifti sem með einni stroku jafnar út línur og opnar svitaholur.

Lead a life of beauty. With SENSAI.

**SENSAI kynning í Debenhams 6. – 11. september**

**Fallegur kaupauki fylgir þegar keyptar eru tvær eða fleiri vörur í SENSAI.**

Finndu okkur á facebook

Gerðu lífið skemmtilegra

DEBENHAMS – Lífstílsbúð í SMÁRALIND

KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR




**SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA**

| | | |
|---|---|---|
| THE CONJURING | KL. 5:30 - 8 - 9 - 10:30 | 16 |
| THE CONJURING VIP | KL. 5:40 - 10:40 | VIP |
| FLUGVÉLAR ÍSL TAL 3D | KL. 5:50 | L |
| FLUGVÉLAR ÍSL TAL 2D | KL. 6 | L |
| THE BLING RING | KL. 8 | 16 |
| WE'RE THE MILLERS | KL. 5:40 - 8 - 10:30 | 12 |
| RED 2 | KL. 8 - 10:30 | 12 |
| SKRÍMSLA HÁSKÓLINN ÍSL TAL 2D | KL. 5:40 | L |
| WORLD WAR Z 2D | KL. 10:10 | 12 |

**SAMBÍÓIN AKUREYRI**

| | | |
|---|---|---|
| THE CONJURING | KL. 8 - 10:30 | 16 |
| FLUGVÉLAR ÍSL TAL 3D | KL. 5:50 | L |
| THE BLING RING | KL. 10:30 | 16 |
| WE'RE THE MILLERS | KL. 8 | 12 |
| SKRÍMSLA HÁSKÓLINN ÍSL TAL 3D | KL. 5:40 | L |

**SAMBÍÓIN EGILSHÖLL**

| | | |
|---|---|---|
| THE CONJURING | KL. 6:30 - 8 - 10:30 | 16 |
| FLUGVÉLAR ÍSL TAL 3D | KL. 5:50 | L |
| KICK-ASS 2 | KL. 5:40 - 8 - 10:20 | 16 |
| WE'RE THE MILLERS | KL. 5:30 - 8 - 9 - 10:30 | 12 |

**SAMBÍÓIN KRINGLUNNI** NÚMERUÐ SÆTI

| | | |
|---|---|---|
| THE CONJURING | KL. 8 - 10:40 | 16 |
| FLUGVÉLAR ÍSL TAL 3D | KL. 5:50 | L |
| FLUGVÉLAR ÍSL TAL 2D | KL. 5:50 | L |
| THE BLING RING | KL. 8 - 10 | 16 |
| WE'RE THE MILLERS | KL. 10:30 | 12 |
| SKRÍMSLA HÁSKÓLINN ÍSL TAL 3D | KL. 5:40 | L |

**SAMBÍÓIN KEFLAVÍK**

| | | |
|---|---|---|
| THE CONJURING | KL. 10:30 | 16 |
| ÖLLI | KL. 8 | L |
| ELYSIUM | KL. 10 | 16 |
| WE'RE THE MILLERS | KL. 10:10 | 12 |




**SMÁRABÍÓ** 5%

| | | |
|---|---|---|
| THIS IS US 3D | KL 3.30 - 5.45 - 8 - 10.15 | L |
| THIS IS US 3D LÚXUS | KL. 3.30 - 5.45 | L |
| JOBS | KL. 8 - 10.40 | 12 |
| FLUGVÉLAR 2D ÍSL TAL | KL 3.20 - 5.50 | L |
| ELYSIUM | KL. 8 - 10.25 | 16 |
| ELYSIUM LÚXUS | KL. 10.25 | 16 |
| PERCY JACKSON | KL. 3.20 - 5.40 | 10 |
| 2 GUNS | KL. 8 - 10.30 | 14 |
| 2 GUNS LÚXUS | KL. 8 | 14 |
| STRUMPARNIR 2D ÍSL TAL | KL. 3.20 - 5.40 | L |

Miðasala á: midi.is og eMiði

**HÁSKÓLABÍÓ** 5%

| | | |
|---|---|---|
| THIS IS US 3D | KL. 5.45 - 8 - 10.15 | L |
| HROSS Í OSS | KL. 6 - 8 - 10 | 12 |
| ELYSIUM | KL. 10.20 | 16 |
| PERCY JACKSON | KL. 5.40 - 8 | 10 |
| 2 GUNS | KL. 8 - 10.30 | 14 |
| STRUMPARNIR 2D ÍSL TAL | KL. 5.40 | L |

**BORGARBÍÓ** NÁNAR Á MIÐI.IS

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| THIS IS US 3D | KL. 6 - 8 | | | | L |
| JOBS | KL. 8 | 12 | / HROSS Í OSS | KL. 6 | 12 |
| 2 GUNS | KL. 10.15 | 14 | / ELYSIUM | KL. 10 | 16 |







| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar | |
|---|---|---|
| ELYSIUM | 5.30, 8, 10.30(P) | 16 |
| THE WORLD'S END | 8 | 16 |
| KICK ASS 2 | 8, 10.30 | 16 |
| 2 GUNS | 10.30 | 14 |
| STRUMPARNIR 2 | 5.30 2D | L |
| PERCY JACKSON | 5.30 | 10 |


# Óður til stúku við Laugardalslaug

**BAKÞANKAR**
Bergs Ebba Benediktssonar



Kæra stúka við Laugardalslaug. Til að byrja með vildi ég óska þess að þú bærir betra nafn sem hæfir listaverki eins og þér. Því þú ert jú listaverk, einhvers konar skúlptúr því ekki ertu mikið „notuð" á hefðbundinn hátt. Það er að vísu til marks um að veðrið sé afbragð þegar maður sér bleika líkama strengda á pöllum þínum, en það er gerist sjaldan í okkar gráu Reykjavík. Í gamla daga voru víst búningsklefarnir inni í þér en nú eru innviðir þínir að mestu lokaðir almenningi ef frá er talið eimbaðið sem hefur myndrænt yfirbragð senu úr Kubrick-mynd. Innviðir þínir eru mér spennandi leyndardómur, eins og völundarhús pýramídanna í Egyptalandi eða súlnagöngin undir Hippódróminu í Istanbúl, sem mér finnst viðeigandi enda ert þú okkar Kólosseum, Parþenon og Panþeon. Gaman væri og klikkað ef framúrskarandi Íslendingar yrðu í framtíðinni geymdir inni í þér, að þeim gengnum.

**ÞÚ,** kæra stúka, gerir það sama fyrir íslenska þjóðarvitund og leiðtogafundurinn og einvígi Fischers og Spasskís. Á einhvern undarlegan hátt minnir hönnun þín bæði á sörf-kvikmyndir frá Suður-Kaliforníu og sovéskan áætlunarbúskap. Stærð þín, sérstaklega þitt mikla sætaframboð umfram eftirspurn er áminning um ofáætlanir stjórnmálamanna sem héldu sundáhuga Íslendinga ekki bara bundinn við að vera ofan í laugum heldur einnig að horfa á fólk ofan í laugum. Að sama skapi er stærð þín samt svo tignarleg – grand – yfirlýsing um að metnaður gangi framar hagnýtingu og að ekkert skuli til sparað þegar fegurð á í hlut.

**ELSKU** stúkan mín. Ég væri til í að enda þennan pistil á hvatningarorðum til þeirra sem fara með umsjón þína. Bón um að þér verði vel við haldið og fáir betri nýtingu í framtíðinni. En ég óska í raun einskis. Ég elska þig ásamt sérhverri steypuskemmd, og líklega ertu fríðust nakin, með ekkert hlutverk annað en að skýla okkur fyrir vindi og vera það glæsilega listaverk sem þú ert. Megir þú lengi lifa og endurfæðast þegar Indiana Jones framtíðarinnar grefur þig upp og hugsar upp hvers kyns menningarástand sköp þig. Vertu bara eins og þú ert, Rauðhetta okkar og Bláskjár, Gunnarshólmi og pólstjarna í annars reikulli tilveru.

# Sáu heimildarmynd um Örlyg Sturluson

## Heimildarmynd um körfuboltakappann Örlyg Sturluson var sýnd í Háskólabíói.

Heimildarmyndin um Örlyg Aron Sturluson, körfuboltamann Njarðvíkur, sem lést af slysförum í byrjun ársins 2000 aðeins átján ára að aldri, var frumsýnd í Háskólabíói á þriðjudagskvöld.

Leikstjóri myndarinnar er Garðar Örn Arnarson. Sýningin var jafnframt styrktarsýning og rennur allur ágóði í minningarsjóð Örlygs, eða Ölla, sem hefur verið stofnaður af fjölskyldu hans. Í stjórn sjóðsins eru Ólafur Stefánsson, handknattleiksmaður, Margrét Sanders, framkvæmdastjóri Deloiette, og Halla Heimisdóttir, íþrótta- og lýðheilsufræðingur. Verndari sjóðsins er Þorgrímur Þráinsson.



**FJÖLSKYLDA LEIKSTJÓRANS** Foreldrar og systir leikstjórans, þau Örn Garðarsson, Íris Guðjónsdóttir og Sigga Dögg.



**GÓÐIR GESTIR** Margrét Sanders, Erna Agnarsdóttir og Andrea Gunnarsdóttir voru á meðal gesta.



**LEIKSTJÓRI** Leikstjóri heimildarmyndarinnar, Garðar Örn Arnarson, á frumsýningunni ásamt Heiðdísi Ástu.



**ÁSTÞÓR OG ÁGÚST** Rapparinn Ástþór Óðinn ásamt Ágústi Dearborn.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**Á FRUMSÝNINGU** Sigurjón Gauti Friðriksson, Friðrik Ingi Rúnarsson körfuboltaþjálfari og Karen Elísabet Rúnarsdóttir.



**Í HÁSKÓLABÍÓI** Birta Rún Ármannsdóttir, Gunnar Örlygsson og Guðrún Hildur Jóhannsdóttir voru í Háskólabíói.





SJÁ SÝNINGARTÍMA Á WWW.BIOPARADIS.IS - Miðasala: 412 7711 - Hverfisgata 54 - bioparadis.is - Hluti af Europa Cinemas

# 20-50% afsláttur af öllum heilsurúmum







**CLASSIC - rafstillanlegt**
Einbreið heilsurúm á verði frá **190.049,-**
Tvíbreið heilsurúm á verði frá **346.995,-**

**DRAUMEY**
Einbreið heilsurúm á verði frá **70.224,-**
Tvíbreið heilsurúm á verði frá **129.360,-**

**ROYAL - rafstillanlegt**
Einbreið heilsurúm á verði frá **302.391,-**
Tvíbreið heilsurúm á verði frá **566.991,-**

**Frí heimsending á hjónarúmum eða tökum gamla rúmið upp í nýtt!**



## FAGLEG RÁÐGJÖF OG FRÍ LEGU-GREINING

Komdu í heimsókn, prófaðu legugreininguna, og fáðu faglega ráðgjöf um val á heilsudýnum, án skuldbindinga!

## LAGERHREINSUN
## Á ARINELDSTÆÐUM







**EINUNGIS 3 VERÐ!**

**19.900,-**

**29.900,-**

**39.900,-**

**RúmGott** · Smiðjuvegi 2 (við hliðina á Bónus) · Kópavogi · Sími 544 2121
Opið virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga kl. 11-16 · www.rumgott.is

VERSLUNIN Rúm Gott ÍSLENSK HEILSURÚM

## Allir heilir hjá Sviss



Eitt af því sem fær íbúa í Sviss til þess að trúa því að leikurinn gegn Íslandi verði frekar auðveldur er sú staðreynd að allir leikmenn svissneska liðsins eru heilir heilsu. Sviss getur því teflt fram sínu besta liði í leiknum á morgun.

Samkvæmt svissneskum blaðamönnum er byrjunarlið liðsins klárt. Liðið verður þannig skipað að Diego Benaglio verður í markinu í 4-2-3-1 liðsuppstillingu.

Í vörninni verður þeir Stephan Lichsteiner, Fabian Schär, Steve von Bergen og Ricardo Rodriguez.

Valon Behrami og Blerim Dzemaili verða djúpir á miðjunni. Fyrir framan þá eru síðan Xherdan Saquiri, Granit Xhaka og Valentin Stocker. Haris Seferovic er svo fremstur.

Liðið er gríðarlega öflugt og hefur spilað nokkuð lengi saman. Þarna eru margir menn með mikla reynslu til að mynda úr Meistaradeildinni.

## Mikil stemning fyrir leiknum

**FÓTBOLTI** Þeir svissnesku blaðamenn sem blaðamaður Fréttablaðsins hitti fyrir í Bern í gær voru borubrattir fyrir leikinn. Þeir sögðust ekki hafa miklar áhyggjur af íslenska liðinu og búast við frekar auðveldum sigri sinna manna.

Það er mikill áhugi fyrir leiknum hér í Bern og í upphafi vikunnar var búið að selja yfir 20 þúsund miða á leikinn. Stade de Suisse er næststærsti leikvangur Sviss en hann rúmar um 32 þúsund manns í sæti.

Fastlega er búist við því að allt að 30 þúsund manns verði á leiknum og það gæti vel farið svo að það verði uppselt.

Þessi glæsilegi leikvangur var tekinn í notkun árið 2005 en hann var byggður á rústum Wankdorf-vallarins sem var eyðilagður árið 2001. Völlurinn er heimavöllur Young Boys og þessi völlur var einnig notaður á EM 2008.



**ALLT UNDIR** Stade De Suisse-völlurinn í Bern tekur 32 þúsund í sæti. Það má fastlega gera ráð fyrir rosalegri stemningu á vellinum annað kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



**LEIKUR Á ÍSLANDI** Pavel Ermolinskij mun spila með KR á næsta tímabili í Dominos-deild karla. Mikill hvalreki fyrir Vesturbæjarliðið. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

## Kominn heim í KR

**KÖRFUBOLTI** Pavel Ermolinskij er genginn til liðs við KR og skrifaði undir tveggja ára samning við vesturbæjarfélagið í gær.

Leikmaðurinn hefur verið án liðs í sumar en nú er hann kominn heim eins og Böðvar Eggert Guðjónsson, formaður körfuknattleiksdeildar KR, tjáði Fréttablaðinu í gær.

„Þetta eru stórkostlegar fréttir fyrir klúbbinn," segir Böðvar.

„Við erum gríðarlega ánægðir að fá drenginn aftur heim og er þetta mikill liðsstyrkur fyrir okkur en hann passar eins og flís inn í þetta lið."

Pavel lék með KR tímabilið 2010-2011 og varð Íslands- og bikarmeistari með liðinu. - sáp




# Ætlum okkur sigur

Lars Lagerbäck ber mikla virðingu fyrir svissneska landsliðinu og segir að íslenska liðið sé ekki með neina minnimáttarkennd gagnvart Svisslendingunum. Ísland muni mæta óhrætt til leiks á Stade de Suisse á morgun og leika til sigurs.

Henry Birgir
henry@frettabladid.is
Valgarður Gíslason
valli@365.is
Frá Bern í Sviss



**FÓTBOLTI** Landsliðsþjálfarinn Lars Lagerbäck var borubrattur á blaðamannafundi íslenska landsliðsins. Sá sænski var eldhress og opnaði fundinn á léttum brandara sem fór ágætlega ofan í svissneska blaðamenn.

„Svisslendingar hafa verið heppnir hingað til. Nei, ég er bara að grínast," sagði Lagerbäck og glotti við tönn. „Við berum mikla virðingu fyrir svissneska liðinu. Það er mjög öflugt og með reyndan þjálfara í Ottmar Hitzfeld. Við efumst ekkert um að við erum að fara í gríðarlega erfiðan leik hérna í Bern."

Lars hefur mikið talað um hversu ánægður hann væri með fyrri leikinn gegn Sviss þó svo að hann hafi tapast. Hann tekur það jákvæða með sér í þennan leik en fyrri leikurinn sýndi honum að Ísland getur gert Sviss skráveifu.

„Miðað við hvernig við spiluðum áttum við skilið að minnsta kosti eitt stig. Stefnan er að endurtaka leikinn núna og koma þeim á óvart. Við stefnum alltaf á sigur, sama hver andstæðingurinn er. Við mætum samt Sviss af mikilli virðingu en í fótbolta getur allt gerst og við stefnum á sigur."

Lars ræddi á fundinum í gær að það væri ekki sama breidd í íslenska liðinu og því svissneska. Íslenska liðið mætti mjög illa við því að missa fjóra til fimm lykilmenn. Alfreð Finnbogason tók þátt í æfingu liðsins í gær en ekki hefur verið reiknað með honum hingað til.

„Hann er enn spurningarmerki. Hann getur hlaupið en við getum ekkert sagt nema kvöldið fyrir leik. Það er erfitt að spá í hvað verður. Það er mikið til komið undir Alfreð og lækninum. Það er hægt að sprauta hann svo hann finni ekki til. Það er ekki búið að ákveða hvort við gerum það. Við munu ræða málin," sagði Lars en þeir Sölvi Geir Ottesen og Gunnar Heiðar Þorvaldsson gátu ekki tekið þátt í æfingunni og eru tæpir. „Gunnar er meiddur í lærinu og Sölvi í bakinu. Læknaliðið heldur að þeir geti æft á morgun [í dag]."

Svíinn veit sem er að þó svo að þessi leikur tapist er baráttunni ekki lokið. Það væri þó gríðarlega sterkt fyrir íslenska liðið að ná í eitt stig eða fleiri á morgun.

„Í svona leikjum er gríðarlega mikilvægt að halda einbeitingu allan tímann. Það má aldrei gefa færi á sér. Við þurfum að vera rosalega skipulagðir í þessum leik og verjast sem lið. Þó að við töpum þessum leik eigum við enn möguleika á því að komast í umspil með því að vinna síðustu þrjá leikina okkar. Þar eru tveir heimaleikirnir þannig að möguleikarnir ágætir. Ef allir okkar leikmenn geta tekið þátt þá erum við með sterkt lið sem getur gert fína hluti. Liðið er alltaf að mótast og þetta landslið í dag er betra en það var í fyrra."



**BJARTSTÝNN** Lars Lagerbäck hræðist ekki Svisslendingana og ætlar sér ekkert annað en sigur í leiknum gegn heimamönnum annað kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Þurfum algjöran toppleik

Aron Einar og Kolbeinn eru nokkuð bjartsýnir fyrir leikinn

**FÓTBOLTI** Aron Einar Gunnarsson fyrirliði og Kolbeinn Sigþórsson sátu fyrir svörum á blaðamannafundi íslenska liðsins í gær. Þeir taka undir þau orð þjálfarans að Ísland geti unnið sigur á gríðarlega sterkum útivelli.

„Við komum í alla leiki til þess að vinna þá en því er ekki að neita að þetta er gríðarlega sterkur völlur. Við spiluðum vel á móti þeim heima en við vitum að þetta verður erfiðari leikur núna. Við ætlum að reyna að sækja til sigurs en hvort okkur tekst það verður að koma í ljós," sagði Aron Einar.

„Þetta lið er bara þannig að það hugsar ekkert um að taka eitt stig. Við viljum alltaf fá þrjú stig sama hver andstæðingurinn er," bætti Kolbeinn við.

Það verður klárlega við ramman reip að draga. Svissneska liðið er gríðarlega vel spilandi og heldur boltanum ákaflega vel.

„Við þurfum fyrst og fremst að vera mjög skipulagðir. Við munum fá færi eins og í síðasta leik og ef við nýtum þau færi erum við í fínum málum. Varnarleikur alls liðsins er þó lykilatriði og við verðum að stoppa þá," segir Aron Einar. Kolbeinn segir strákana meðvitaða um að meðalmennska muni ekki skila neinu. „Við þurfum að eiga algjöran toppleik. Við erum með gott lið og góða einstaklinga. Ef vörnin heldur og við í sókninni skorum er allt hægt," sagði Kolbeinn Sigþórsson. - hbg



**FYRIRLIÐIN KLÁR** Leikmenn íslenska landsliðsins gera sér fyllilega grein fyrir því að liðið þarf að spila frábærlega til að eiga möguleika annað kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# FRÁBÆR KAUP FRÁ

# EPSON






**Epson EBX12LW**

**119.990**

## HÁGÆÐA SKJÁVARPI

**Vandaður skjávarpi sem er okkar bestu kaup. Hentar frábærlega í skóla eða fundarherbergi. Skjávarpinn er lítill og meðfærilegur og auðveldur í uppsetningu.**

**Langur líftími peru**
Peran lifir í 5.000 klukkustundir ef skjávarpinn er stilltur á eco stillinguna.

**Mjög notendavænn**
Auðveldur í uppsetningu með HDMI og USB 3 í 1, sem þýðir að aðeins þarf einn kapal fyrir hljóð, mynd og stýringu.

**Hágæða myndgæði**
Epson 3LCD örgjörvinn tryggir náttúrulega og góða liti. 2.800 lumens tryggir bjarta mynd og 3000:1 skerpa gerir myndina mjög skarpa og góða.

**Valmöguleiki**
Hægt er að bæta við USB myndavél og varpa upp myndum úr t.d. kennslubókum með einföldum hætti.

HDMI · 3-in-1 USB display · 2800 lm · PC free · XGA · kg 2.3

No.1 SINCE 2001 EPSON WORLD LEADER IN PROJECTORS

# Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • **WWW.SM.IS**

EPSON®
EXCEED YOUR VISION

# Eins gott að Ragna Lóa haldi partí

## Fylkir tryggði sér í vikunni sæti í efstu deild kvenna í knattspyrnu á ný. Anna Björg Björnsdóttir hefur raðað inn mörkunum í sumar.

**FÓTBOLTI** „Þetta voru erfiðir leikir og mesta mótspyrnan sem við höfum fengið í sumar. Þær voru baráttuglaðar og góðar. Við þurftum að hafa fyrir þessu,“ segir Anna Björg Björnsdóttir, framherji Fylkis. Anna Björg skoraði þrennu fyrir Árbæjarliðið þegar liðið vann 3-2 sigur á Grindavík í undanúrslitum 1. deildar. Fylkir vann 3-1 sigur í fyrri leiknum og því 6-3 sigur samanlagt. Fylkir féll nokkuð óvænt úr efstu deild síðastliðið sumar. Þrír leikmenn héldu á braut en aðrir stóðu vaktina í deild þeirra næstbestu.

„Við erum svo margar uppaldar og með stórt Fylkishjarta,“ segir framherjinn 31 árs gamli sem átti þess kost að ganga til liðs við sterk félög í efstu deild. „Það eru spennandi tímar fram undan í Árbænum,“ segir Anna Björg. Hún hefur skorað 32 mörk í 21 leik með Fylki í öllum keppnum í sumar.

Þrátt fyrir að hafa raðað inn mörkunum undanfarin ár hafa tækifæri í íslenska landsliðinu verið af skornum skammti. Hún var þó í fjörutíu manna æfingahópi Sigurðar Ragnars um áramótin en var mikið meidd í vetur og gat ekki hafið æfingar af krafti fyrr en í apríl. Því gat hún ekki sýnt sig á æfingum með landsliðinu.

„Ef ég hefði spilað í allan vetur hefði ég kannski getað komist í EM-hópinn. Maður veit aldrei.“

Anna Björg segir ekki í spilunum að taka þátt í fallbaráttu í efstu deild á næstu leiktíð hvað sig varðar. Fylkir hafi verið í efstu deild frá árinu 2006 þar til liðið féll í fyrra.

„Við þurfum að bæta við okkur fjórum til fimm sterkum leikmönnum,“ segir framherjinn. Liðið missti Heiðu Dröfn Antonsdóttur í FH og Rúnu Sif Stefánsdóttur í Stjörnuna, auk þess sem Eyrún Rakel Agnarsdóttir skipti yfir í Fram. Anna Björg hlær þegar hún er spurð hvort Fylkisstelpurnar séu búnar að fyrirgefa svikin.

„Maður skilur vel að leikmenn vilji leika í efstu deild,“ segir Anna Björg og segir þær allar velkomnar aftur. Reyndar séu allir velkomnir í Árbæinn, enda gerist stemmningin ekki betri en þar.



**KOMNAR UPP** Leikmenn Fylkis fögnuðu að vonum sigrinum á Grindavík á þriðjudagskvöldið. MYND/EINAR ÁSGEIRSSON

Fylkir mætir ÍA í úrslitaleik 1. deildar á laugardaginn. Bæði lið hafa tryggt sæti sitt í deild þeirra bestu og leikurinn því aukaatriði að mati sumra. Því er markadrottning Fylkis ekki sammála.

„Við viljum vinna bikar og ætlum að klára þetta með stæl,“ segir Anna Björg. Hún minnir á að með sigri hafi Fylkir farið ósigraður í gegnum Íslandsmótið. Þá geti Árbæjarstelpurnar, sem þekktar hafa verið fyrir að kunna að skemmta sér, slett úr klaufunum um kvöldið fáist leyfi hjá Rögnu Lóu Stefánsdóttur, þjálfara liðsins.

„Það er eins gott að Ragna haldi fyrir okkur almennilegt partí. Hún var búin að lofa því.“

kolbeinntumi@frettabladid.is

Tökum til á lagernum

15-50%
stgr. afsláttur



Einungis í tvo daga: 4. og 5. september frá kl. 10:00-18:00

LIEBHERR GE elica COLLECTION Miele

EIRVÍK

Suðurlandsbraut 20, Reykjavík | Sími 588 0200 | www.eirvik.is



**STEFNA HÁTT** Snorri Steinn og félagar í GOG setja stefnuna á úrslitakeppnina í dönsku úrvalsdeildinni. Leikmaðurinn telur það raunhæft. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Of þunnskipaðir

## Snorri Steinn verður frá keppni næstu vikurnar.

**HANDBOLTI** Snorri Steinn Guðjónsson byrjar tímabilið ekki vel í Danmörku en leikmaðurinn fór úr lið og virðist einnig hafa fingurbrotnað á æfingu hjá liði sínu GOG í vikunni.

GOG er nýliði í dönsku úrvalsdeildinni og fór vel af stað í fyrstu umferðinni er liðið bar sigur úr býtum gegn Nordsjælland, 35-23, en nú er staðan sú að leikstjórnandi liðsins verður frá næstu vikurnar og óvíst hvenær Snorri Steinn verður kominn aftur á völlinn.

„Þetta gerðist þegar ég átti síðasta skot æfingarinnar,“ segir Snorri Steinn í samtali við Fréttablaðið í gær. Snorri var upptekinn við eldamennsku þegar blaðamaður Fréttablaðsins náði tali af leikmanninum en eldhúsverkin höfðu vafist örlítið fyrir honum, enda mikið meiddur á fingri.

„Ég varð fyrir því óláni að fylgja skotinu of mikið eftir með þeim afleiðingum að puttinn á mér fór einhvern veginn í ennið á manninum fyrir framan mig.“

Snorri fór því næst úr lið á fingrinum og líklega brotnaði hann einnig lítillega.

„Það á eftir að skoða þetta betur og læknir liðsins hefur áframsent röntgenmynd til sérfræðings. Það er því ekki ljóst hversu lengi ég verð frá.“

GOG Håndbold komst á ný í úrvalsdeildina í ár eftir þriggja ára fjarveru en félagið varð gjaldþrota árið 2010 og varð að hefja keppni í dönsku C-deildinni eftir fjárhagsvandræðin. Snorri Steinn lék áður með liðinu á árunum 2007-2009.

„Ég átti von á því að liðið myndi styrkja sig meira fyrir komandi tímabil og það hafði verið gefið sterklega til kynna við mig þegar ég skrifaði undir við GOG,“ segir Snorri en leikmaðurinn gerði þriggja ára samning við félagið í lok árs 2012.

„Við ætlum okkur samt sem áður að komast í úrslitakeppnina og ég tel það raunhæft markmið. Þetta verður fróðlegur vetur fyrir félagið enda margir ungir strákar að stíga sín fyrstu skref í handboltanum.“

Snorri Steinn lék einnig áður með danska félaginu AG København, sem var stjörnum prýtt lið og eigandinn vel efnaður. Félagið fór í gjaldþrot en nú er komið nýtt risalið í Danmörku, KIF Kolding København.

„Þeir verða gríðarlega sterkir í vetur og eiga sennilega eftir að fara alla leið í dönsku deildinni. Ég sé ekkert annað lið eiga í raun möguleika í Kolding. Það er bara spurning hversu langt þeir fara í Meistaradeild Evrópu. Ég efast um það að liðið fari eins langt og við náðum í AG á sínum tíma en maður veit aldrei, þeir geta verið heppnir með drátt og annað.“ -sáp

# Hártækjadagar

## ÖLL HÁRSNYRTITÆKI Á 20-50% AFSLÆTTI

**Hártæki frá Babyliss, Remington, Philips og fleirum**



**SLÉTTUJÁRN | BYLGJUJÁRN**
**HÁRKLIPPUR | KRULLUJÁRN**
**NEFHÁRASNYRTAR | BLÁSARAR**
**HITABURSTAR | RAKVÉLAR | KEILUJÁRN**
**HITARÚLLUR | HÁRSNYRTAR**
**| OG MARGT FLEIRA**

**byggtogbúið**

568 9400 byggtogbuid.is | Kringlunni

# Var komin með upp í kok af frjálsum

Helga Margrét Þorsteinsdóttir hefur hafið æfingar á ný eftir árs hlé. Íslandsmeistarinn í sjöþraut greindist með brjósklos í baki um áramótin en er nú meiðslalaus. Hún hlakkar til að mæta efnilegasta sjöþrautarhópi Íslandssögunnar en stillir væntingum í hóf.

Kolbeinn Tumi Daðason
kolbeinntumi@frettabladid.is



**FRJÁLSAR** Helga Margrét Þorsteinsdóttir hefur þrátt fyrir ungan aldur verið ein bjartasta von Íslands í frjálsum íþróttum undanfarin ár. Íslandsmet hennar í sjöþraut frá árinu 2009, 5.878 stig, stendur enn óhaggað en undanfarin ár hafa reynst henni erfið. Meiðsli settu strik í reikninginn og gerðu henni erfitt fyrir árið 2012. Ólympíulágmarkið náðist ekki og um jólin var hún greind með brjósklos í baki.

„Á tímabili var ég hætt. Ég var algjörlega búin á því,“ segir sjöþrautarkempan úr Hrútafirði. „Ég var komin með algjörlega upp í kok af frjálsum og keppnismiðaðri þjálfun bæði líkamlega og andlega. Eina leiðin fyrir mig var að taka mér hlé.“

Helga Margrét segist þó fljótlega hafa áttað sig á því að hún yrði ekki hamingjusamari ef hún skildi við frjálsíþróttirnar. Hún tók sér þó gott hlé til að ná sér af meiðslunum og dvaldi meðal annars í London í sumar og naut lífsins.

„Kærastinn minn var að vinna úti svo ég nýtti tækifærið og var hjá honum í júní og ágúst að leika mér,“ segir Helga Margrét. Hún segist ekki finna fyrir neinum meiðslum í dag þökk sé meðferð hjá sjúkraþjálfaranum Pétri Einari Jónssyni. Smátt og smátt hafi verkurinn aftan í lærinu horfið og sömuleiðis tak sem hún hafði fundið fyrir í tvö til þrjú ár. Hún veit þó að hún verður að passa sig og hlusta vel á líkamann.

„Ég hef rekið mig svo oft á það að líkaminn ræður förinni. Ég ætla ekki það geyst af stað að ég meiðist strax og fari aftur á byrjunarreit. Ég nenni því ekki.“

### Tók á því í réttunum

Helga Margrét segist hafa haft það afar gott á árinu. Dvölin í London hafi gert henni gott og mjög gaman að eiga eitt sumar þar sem frjálsar íþróttir hafi ekki skipt öllu máli. „Það hefur ekki gerst frá því ég man eftir mér.“

Hún hafi þó iðað í skinninu af að koma heim og hefja æfingar á nýjan leik. Hún kom til landsins á miðvikudag fyrir viku og stökk beint upp í rútu til að taka þátt í réttum í sveitinni. Litlu hafi munað að hún missti af herlegheitunum sem fóru fram á fimmtudeginum en ekki um helgina eins og ráðgert var. Slæm veðurspá varð til þess að réttunum var flýtt.

„Það var fámennara en vanalega fyrir vikið en maður fékk þá heldur betur að svitna við það að draga,“ segir Helga Margrét og hlær. Hún hefur alltaf verið stolt af uppruna sínum úr sveitinni fyrir norðan líkt og systir hennar, körfuknattleikskonan Guðrún Gróa Þorsteinsdóttir. Nánari systur eru vandfundnar og hafa þær meðal annars búið saman á höfuðborgarsvæðinu. Nú er Guðrún Gróa flutt í Stykkishólm en Helga Margrét hefur þó litlar áhyggjur af aðskilnaðinum.

„Ég ætla að vera dugleg að fara í Hólminn, æfa þar og læra. Svo mætumst við eitthvað á miðri leið. Sjálf nemur Helga Margrét næringarfræði við Háskóla Íslands sem hún kann vel við. „Námið er mjög áhugavert og nátengt íþróttunum. Íþróttir, sálfræði og næring er það sem maður hefur langmestan áhuga á.“

### Frábær andi hjá Ármanni

Helga Margrét æfir ein þessa dagana en bíður spennt eftir því að æfingar hefjist hjá Guðmundi Hólmari Jónssyni og frábærum hópi íþróttafólks hjá Ármanni um miðjan mánuðinn. Þar komi saman einstaklingar úr ýmsum félögum sem æfi ýmsar greinar.

„Það hentar mér vel að æfa bæði með hlaupurum, kösturum og stökkvurum,“ segir Helga Margrét. Hjá Ármanni hittir hún fyrir Maríu Rún Gunnlaugsdóttur sem á fimmta besta árangur íslenskra kvenna í sjöþraut.

„Ég hef verið í mörgum góðum æfingahópum með flottum einstaklingum en andinn í þessum hópi kom mér á óvart,“ segir Helga Margrét. Þótt þar sé ekki endilega allt sterkasta frjálsíþróttafólk landsins og minni spámenn inn á milli sé stemningin í hópnum frábær.

„Ég hlakka mikið til að hitta þau aftur.“

### Væntingum stillt í hóf

Þótt Helga Margrét sé mætt aftur til leiks og stefni ótrauð á keppni passar hún upp á að fara ekki fram úr sér í væntingum.

„Ég verð að passa mig á því að ætlast ekki til þess að ég komi aftur til leiks á sama stað og áður,“ segir Íslandsmethafinn. Hlutirnir horfi öðruvísi við henni eftir árshlé og annað ár þar á undan þar sem ekkert hafi gengið. Hugarfarið sé annað og hún farin að meta hlutina upp á nýtt.

„Maður þarf að átta sig á því að þetta er ekki allt sjálfgefið og maður getur ekki ætlast til alls af sjálfum sér. Stundum ganga hlutirnir ekki upp og þá verður maður að gera það besta úr aðstæðum hverju sinni.“

Eitt skref verði tekið í einu og ekki á áætlun að sigra heiminn strax.

„Markmiðið er að komast aftur í keppnisstand og þá fyrst og fremst á Íslandsgrundvelli.“ Hún reiknar með að keppa á æfingamótum í kringum jólin og mæta svo klár í slaginn þegar keppnistímabilið hefst um mánaðamótin janúar febrúar.

„Mesti sigurinn fyrir mig verður að klára fyrsta mótið, sama hvernig það gengur.“




> **Ég var komin með algjörlega upp í kok af frjálsum og keppnismiðaðri þjálfun bæði líkamlega og andlega**
>
> *Helga Margrét Þorsteinsdóttir*

## GEFAST EKKI UPP FYRR EN Í FULLA HNEFANA

Þótt Helga Margrét hafi verið fjarri góðu gamni á árinu hefur hún fylgst vel með afrekum íslensks frjálsíþróttafólks á hliðarlínunni og fyllst aðdáun.

„Stelpurnar í sjöþrautinni hafa bætt sig rosalega og ég hlakka mikið til að taka þátt í þeim hópi,“ segir Helga Margrét. Nú eigi Ísland öflugt lið fyrir næsta Evrópubikar í fjölþraut. Þá segist Hrútfirðingurinn ekki eiga orð til að lýsa árangri Anítu Hinriksdóttur á alþjóðavettvangi.

„Svo er líka svo ótrúlega gaman að sjá Hafdísi (Sigurðardóttur) sem hefur verið í þessu svo lengi og er orðin ótrúlega góð.“ Bæði sé gaman að sjá unga og efnilega íþróttamenn og einnig þá sem hafa verið lengi í frjálsum og gengið í gegnum súrt og sætt.

„Þá sér maður að fólk gefst ekki upp fyrr en í fulla hnefana.“



**#2 Sveinbjörg Zophaníasdóttir, FH**
FÆDD 27. apríl 1992
BESTI ÁRANGUR
5.479 stig



**#3 Kristín Birna Ólafsd. Johnson, ÍR**
FÆDD 5. janúar 1985
BESTI ÁRANGUR
5.402 stig



**#4 Arna Stefanía Guðmundsdóttir, ÍR**
FÆDD
1. september 1995
BESTI ÁRANGUR
5.383 STIG



**#5 María Rún Gunnlaugsdóttir, Ármanni**
FÆDD
19. febrúar 1993
BESTI ÁRANGUR
5.321 stig




RAFVÖRU MARKAÐURINN
FLÚRLAMPAR OG KASTARAR
Við Fellsmúla - Reykjavík
FLÚRLAMPAR
10W
15W
18W
30W
36W
Verð frá 2.595
FLÚRLAMPAR
14W
21W
28W
Verð frá 2.995
IÐNAÐARLAMPAR M/ SKERM
2.995
1 x 36W
4.995
2 x 36W
SPEGLALAMPAR
Verð frá 4.995
Verð frá 5.595
Með tengli
Verð frá 4.995
Með tenglum
INNF. FLÚRLAMPAR Í LOFT
6.995
4 x 14W
5.995
4 x 18W
20% afsláttur
RAKAÞÉTTIR FLÚRLAMPAR MEÐ ELECTRONIC BALLAST
T8
1 x 18W 3.595 2.876
2 x 18W 4.595 3.676
1 x 36W 5.995 4.796
2 x 36W 6.995 5.596
1 x 58W 6.595 5.276
2 x 58W 7.595 6.076
T5
1 x 14W 4.595 3.676
2 x 14W 4.995 3.996
1 x 28W 5.495 4.396
2 x 28W 5.995 4.796
INNRÉTTINGALAMPAR
3.995
8W
4.595
13W
FLÚRLAMPAR Á LOFT
5.995
4 x 18W
5.995
2 x 36W
ÚTIKASTARI M/ KLEMMU
150W
2.595
150W
1.990
ÚTIKASTARI
FLÚRLAMPI Á LOFT
2 x 36W
4.959
ÚTIKASTARAR M/ HREYFISKYNJARA
400W
150W
4.595
3.995
ÚTIKASTARAR M/ HREYFISKYNJARA
400W
150W
4.595
3.995
ÚTIKASTARAR, LED OG 12V
LED 5.995
12V 3.590
12V 2.995
FLÓÐKASTARAR - MÁLMHALOGEN
250W & 400W
150W
14.995
9.995
ÚTIKASTARAR Litir: svart, hvítt, grátt
150W 1.995
500W 2.495
1000W 3.729
ÚTIKASTARAR M/ SPARPERU
9W
24W
3.995
4.595
ÚTIKASTARAR Á STANDI
150W
500W
3.495
3.995
RAFVÖRU MARKAÐURINN
VIÐ FELLSMÚLA - 108 REYKJAVÍK - SÍMI: 585 2888
OPIÐ ALLA DAGA
Mán. til fös. kl. 9 - 18
Laugard. kl. 10 - 16
Sunnud. kl. 12 - 16

# DAGSKRÁ

## Í KVÖLD

### Stöð 2 kl 20.10
**Masterchef USA**



Stórskemmtilegur matreiðsluþáttur með Gordon Ramsey í forgrunni þar sem áhugakokkar keppast við að vinna bragðlauka dómnefndarinnar yfir á sitt band. Ýmsar þrautir eru lagðar fyrir í eldamennskunni og þar reynir á hugmyndaflug, úrræði og færni þátttakenda. Að lokum eru það þó dómararnir sem kveða upp sinn dóm og ákveða hverjir fá að halda áfram og eiga möguleika á að standa uppi sem Meistarakokkurinn.



### NCIS: Los Angeles
**STÖÐ 2 KL 20.55** Þriðja þáttaröð þessarar vinsælu spennaþáttaraðar um starfsmenn sérstakrar deildar innan bandaríska hersins sem hafa það sérsvið að rannsaka glæpi sem tengjast sjóhernum eða strandgæslunni á einn eða annan hátt. Með aðalhlutverk fara Chris O'Donnell og LL Cool J.

**TV.COM** 7,4 **IMDb** 6,4



### Hulli
**SJÓNVARPIÐ KL 21.35** Hulli er teiknuð útgáfa af höfundi þáttanna, Hugleiki Dagssyni. Hann býr í Reykjavík og er listamaður á niðurleið. Dónalegar myndasögur hans, sem hafa notið töluverðrar velgengni, eru hættar að seljast. Skrautlegur vinahópur hjálpar Hulla í hamingjuleitinni. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.



### Dexter
**SKJÁR EINN KL 22.50** Raðmorðinginn viðkunnanlegi Dexter Morgan snýr aftur. Dexter segir Debru ekki frá nýju sambandi sínu sem á eftir að draga dilk á eftir sér.

**TV.COM** 9,1 **IMDb** 9,0

### X-ið 977 kl 07.00
**Harmageddon**

Harmageddon er hrikalegur útvarpsþáttur sem tekur púlsinn á öllu því helsta sem gerist í þjóðfélaginu í dag. Harmageddon er eins alvarlegur og hann er fyndinn. Í þættinum er allt milli himins og jarðar tekið fyrir. Hver er ríkur, frægur, samkynhneigður, íþróttamaður, eiturlyfjaneitandi eða klæðskiptingur.








## STÖÐ 2

**07.00** **Barnatími Stöðvar 2**
**08.10** **Malcolm In the Middle**
**08.30** **Ellen**
**09.15** **Bold and the Beautiful**
**09.35** **Doctors**
**10.15** **Human Target**
**11.00** **Hell's Kitchen**
**11.45** **Kingdom of Plants - special**
**12.35** **Nágrannar**
**13.00** **The New Normal**
**13.25** **Puss N'Boots**
**14.50** **The Glee Project**
**15.35** **Ofurhetjusérsveitin**
**16.00** **Tasmanía**
**16.25** **Ellen**
**17.10** **Bold and the Beautiful**
**17.32** **Nágrannar**
**17.57** **Simpson-fjölskyldan**
**18.23** **Veður**
**18.30** **Fréttir**
**18.47** **Íþróttir**
**18.54** **Ísland í dag**
**19.06** **Veður**
**19.15** **Ástríður** *(7:12)* Tilhugalífið er byrjað. Ástríður og Sveinn Torfi máta sig við hvort annað.
**19.40** **Hlemmavídeó** *(4:12)*
**20.10** **Masterchef USA** *(9:20)* Stórskemmtilegur matreiðsluþáttur með Gordon Ramsey í forgrunni þar sem áhugakokkar keppast við að vinna bragðlauka dómnefndarinnar yfir á sitt band.
**20.55** **NCIS: Los Angeles** *(4:24)* Þriðja þáttaröð þessarar vinsælu spennaþáttaraðar.
**21.40** **Person of Interest** *(6:22)*
**22.25** **Breaking Bad** *(4:8)*
**23.10** **Grimm** *(22:22)* Spennandi þáttaröð þar sem persónur úr ævintýrum Grimm-bræðra hafa öðlast líf og eru færðar í nútímabúning.
**23.55** **Harry's Law** *(15:22)*
**00.40** **Rizzoli & Isles**
**01.25** **Broadchurch**
**02.15** **Crossing Lines**
**03.00** **Harold & Kumar Escape From Guantanamo**
**04.35** **Kingdom of Plants - special**
**05.25** **Fréttir og Ísland í dag**

## POPP TÍVÍ

**19.00** **Friends**
**19.25** **Two and a Half Men**
**19.45** **Simpson-fjölskyldan** *(8:22)*
**20.10** **The Carrie Diaries**
**20.50** **The Carrie Diaries** Í þessum glænýju þáttum er fylgst með Carrie Bradshaw, sem áhorfendur þekkja úr þáttaröðinni Sex and the City.
**21.35** **The Carrie Diaries**
**22.15** **Glory Daze** *(6:10)*
**23.00** **Glory Daze** *(7:10)* Gamanþættir sem gerast árið 1986 og fjalla um hóp háskólanema.
**23.45** **Friends** *(22:23)* Monica og Chandler komast að því að þau muni að öllum líkindum ekki geta getið barn náttúrulega og fara því að leita sæðisgjafa.
**00.10** **Two and a Half Men**
**00.30** **Simpson-fjölskyldan**
**00.55** **The Carrie Diaries**
**03.00** **Glory Daze**
**03.45** **Glory Daze**
**04.30** **Tónlistarmyndbönd**

## ÍNN

**20.00** Hrafnaþing **21.00** Auðlindakistan **21.30** Fiskikóngurinn

## SPORT *besta sætið*

**17.25** **Sumarmótin 2013**
**18.10** **Spænsku mörkin 2013/14**
**18.40** **Þýski handboltinn: Balingen - Fuchse Berlin**
**20.00** **HM íslenska hestsins**
**20.30** **GS#9**
**21.35** **Liverpool - Notts County**
**23.15** **Real Madrid - Athletic**

## SPORT 2 *enski boltinn*

**15.40** **Messan**
**16.40** **Liverpool - Man. Utd.**
**18.20** **Newcastle - Fulham**
**20.00** **Premier League World**
**20.30** **Ensku mörkin - úrvalsdeildin**
**21.25** **Football League Show 2013/14**
**21.55** **Cardiff - Everton**
**23.35** **WBA - Swansea**

## krakkar

**07.15** Kai Lan **07.40** Svampur Sveinsson **08.00** Könnuðurinn Dóra **08.25** Ljóti andarunginn og ég **08.45** Strumparnir **09.10** Waybuloo **09.30** Fjörugi teiknimyndatíminn **09.55** Lukku láki **10.20** Histeria! **10.40** Doddi litli og Eyrnastór **10.50** Ofuröndin **11.15** Lína langsokkur **11.40** Lalli **11.50** Refurinn Pablo **12.00** Kai Lan **12.25** Svampur Sveinsson **12.45** Könnuðurinn Dóra **13.10** Ljóti andarunginn og ég **13.30** Strumparnir **13.55** Waybuloo **14.15** Fjörugi teiknimyndatíminn **14.35** Lukku láki **14.55** Histeria! **15.20** Doddi litli og Eyrnastór **15.30** Ofuröndin **15.55** Lalli **16.00** Refurinn Pablo **16.05** Kai Lan **16.30** Svampur Sveinsson **16.50** Könnuðurinn Dóra **17.15** Ljóti andarunginn og ég **17.35** Strumparnir **18.00** Waybuloo **18.20** Fjörugi teiknimyndatíminn **18.40** Lukku láki **19.00** Histeria! **19.25** Doddi litli og Eyrnastór **19.35** Ofuröndin

## GULL

**20.00** **Fóstbræður**
**20.25** **Mið-Ísland**
**20.55** **Steindinn okkar**
**21.20** **Curb Your Enthusiasm**
**22.05** **The Drew Carey Show**
**22.30** **Fóstbræður**
**22.55** **Mið-Ísland**
**23.25** **Steindinn okkar**
**23.50** **Curb Your Enthusiasm**
**00.35** **The Drew Carey Show**
**01.00** **Tónlistarmyndbönd**

## BÍÓ

**11.50** **Space Chimps 2: Zartog Strikes Back**
**13.05** **Dolphin Tale**
**14.55** **The Pursuit of Happyness**
**16.50** **Space Chimps 2: Zartog Strikes Back**
**18.05** **Dolphin Tale**
**20.00** **The Pursuit of Happyness**
**22.00** **Your Highness**
**23.40** **Another Earth**
**01.10** **What's Your Number**
**02.55** **Your Highness**

## RÚV

**16.30** **Ástareldur**
**17.20** **Franklín og vinir hans**
**17.43** **Hrúturinn Hreinn**
**17.50** **Dýraspítalinn**
**18.25** **Táknmálsfréttir**
**18.35** **Melissa og Joey**
**19.00** **Fréttir**
**19.30** **Veðurfréttir**
**19.35** **Kastljós**
**20.05** **Gunnar á völlum** Í þáttunum Gunnar á völlum fara þeir Gunnar Sigurðarson og Fannar Sveinsson um víðan völl.
**20.15** **Fagur fiskur** *(1:8)* Matreiðslumaðurinn Sveinn Kjartansson og Áslaug Snorradóttir sýna það og sanna að það er leikur einn að elda gómsætt sjávarfang.
**20.50** **Sönnunargögn** *(8:13) (Body of Proof)* Bandarísk sakamálaþáttaröð.
**21.35** **Hulli** *(2:8) (Annar þáttur)*
**22.00** **Tíufréttir**
**22.15** **Veðurfréttir**
**22.20** **Glæpahneigð** *(23:24) (Criminal Minds VII)* Bandarísk þáttaröð um sérsveit lögreglumanna. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
**23.05** **Hálfbróðirinn** *(1:8) (Halvbroren)* Norskur myndaflokkur byggður á sögu eftir Lars Saabye Christensen sem hlaut Bókmenntaverðlaun Norðurlandaráðs fyrir hana.
**23.50** **Kynlífsráðuneytið** *(6:15) (Sex ministeriet)*
**00.20** **Kastljós**
**00.45** **Fréttir**
**00.55** **Dagskrárlok**

## SKJÁREINN

**06.00** **Pepsi MAX tónlist**
**07.35** **Everybody Loves Raymond**
**08.00** **Cheers**
**08.25** **Dr. Phil**
**09.05** **Pepsi MAX tónlist**
**16.50** **Once Upon A Time**
**17.30** **Gordon Ramsay Ultimate Cookery Course**
**18.00** **Dr. Phil**
**18.40** **America's Funniest Home Videos**
**19.05** **Everybody Loves Raymond**
**19.30** **Cheers**
**19.55** **Solsidan** *(4:10)* Endursýningar á þessum frábæru sænsku gamanþáttum.
**20.20** **Men at Work** *(8:10)* Þrælskemmtilegir gamanþættir sem fjalla um hóp vina sem allir vinna saman á tímariti í New York borg.
**20.45** **The Office**
**21.10** **Happy Endings** *(2:22)* Bandarískir gamanþættir.
**21.35** **Parks & Recreation** *(2:22)* Geggjaðir gamanþættir með Amy Poehler í aðalhlutverki.
**22.00** **Flashpoint** *(12.18)* Spennandi þáttaröð um sérsveit lögreglunnar sem er kölluð út þegar hættu ber að garði.
**22.50** **Dexter** *(8:12)* Raðmorðinginn viðkunnanlegi Dexter Morgan snýr aftur.
**23.40** **Law & Order: UK**
**00.30** **Excused**
**00.55** **Olivia Lee: Dirty, Sexy, Funny**
**01.20** **Flashpoint**
**02.10** **Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00** ESPN America **11.10** Deutsche Bank Championship - PGA Tour **2013 14**.10 Deutsche Bank Championship - PGA Tour **2013 18**.40 PGA Tour - Highlights **19.35** Inside the PGA Tour **20.00** Deutsche Bank Championship - PGA Tour **2013 01**.00 Eurosport

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** Kaninn
**FM 102,2** Útv. Latibær
**FM 102,9** Lindin
**FM 105,5** Útvarp Boðun

Verslun
Ármúla 26

522 3000

hataekni.is

Opið:
virka daga
9.30–18
laugardaga
12–17

# ÚTSALA ÚTSALA ÚTSALA ÚTSALA



Útsöluverð: **129.995**
Verð áður: 189.995

LG 42LN5708

## 42“ LG
Full HD LED Smart TV með Dual Core örgjörva, opnum HTML 5 netvafra, Wi-Fi, USB afspilun og Smart Share, Miracast, NFC, MHL og fleiri spennandi möguleikum.

## 42" LG
Plasma HDready 600Hz, USB, Razor Frame, T2 móttakari, 2xHDMI.



Útsöluverð: **99.995**
Verð áður: 149.995

42PN450D

# ÚTSALA

**B vörur**
Úrval sýningartækja á lækkuðu verði, símar, tölvur og sjónvörp



## DELL Inspiron fartölva
15,6“ skjár, Windows8, 3 ára ábyrgð, Intel Celeron 1007U, 4Gb vinnsluminni, 500Gb harður diskur.

Útsöluverð: **79.995**
Verð áður: 89.995

INSPIRON3521#04




Útsöluverð: **179.995**
Verð áður: 279.995

42LA641V

## 42" LG
EdgeLED, Cinema 3D, SmartTV, 3xHDMI, FullHD, 200Hz, NFC, USB, Dual Core örgjörvi, 1,25 Gb vinnsluminni, T2 móttakari og gervihnattamóttakari.

# ÚTSALA ÚTSALA

PIPAR\TBWA • SÍA • 132439



TSX112

Útsöluverð: **39.995**
Verð áður: 59.995

## Yamaha smástæða
CD, iPod/iPhone, USB, útvarp, aux, 5 litir.

A00003636 og A00003635



Útsöluverð: **14.995**
Verð áður: 19.995

## Nokia Asha 300 Touch and Type
3G, 1Ghz, snertiskjár, 5MP myndavél, FM útvarp, rauður og dökkgrár.

Útsöluverð: **34.995**
Verð áður: 44.995



## Nokia Lumia 620
WP8, 5MP myndavél, 3,8“ ClearBlack skjár, 3G WIFI, Skiptanlegar skeljar, HERE Maps, 3 litir

A00010496, A00010499, A00010497

# SALA

**Heyrnartól á 25% afslætti** | **Yamaha á 20% afslætti** | **10% afsláttur af nýjum símum**

Hátækni

SJÓNVARPSPÁTTURINN



**„Ég hef séð hvern einasta þátt af öllum nítján seríunum af Americas Next Top Model.“**

Kristín Soffía Jónsdóttir, formaður heilbrigðisnefndar

# Fyrrverandi meðlimir Dire Straits til Íslands

Hljómsveitin The Straits sem er skipuð fyrrverandi meðlimum Dire Straits spilar í Hörpu í nóvember.

„Þetta verða frábærir tónleikar,“ segir tónleikahaldarinn Guðbjartur Finnbjörnsson. Hljómsveitin The Straits, sem er skipuð tveimur fyrrverandi meðlimum hinnar heimsfrægu Dire Straits, spilar í Eldborgarsal Hörpu 25. nóvember.

Í hljómsveitinni eru Alan Clark, fyrrverandi hljómborðsleikari Dire Straits, og saxófónleikarinn Chris White, sem spilaði með sveitinni á tónleikum í tíu ár. Terence Reis stendur vaktina í staðinn fyrir söngvarann og gítarleikarann Mark Knopfler, sem lagði hljómsveitina niður árið 1995 og ákvað að einbeita sér að sólóferli sínum.

„Rödd stráksins er ótrúlega lík rödd Marks Knopfler, þú heyrir varla mun,“ segir Guðbjartur. Einnig eru í The Straits þeir Steve Ferrone, sem hefur spilað með Tom Petty, Mickey Féat, Adam Philips og Jamie Squire. Saman flytja þeir öll bestu lög Dire Straits á borð við Sultans of Swing, Romeo and Juliet, Brothers in Arms og Money For Nothing.

The Straits spilaði fyrst opinberlega í Royal Albert Hall í London fyrir um tveimur árum. „Ég er búinn að kíkja á umsagnir fólks á hljómleikum sem þeir hafa verið að halda og fólk bara tárast yfir því hvað þetta er flott hjá þeim,“ segir Guðbjartur.

Miðasala á tónleikana hefst á miðvikudaginn í næstu viku. - fb



**Í FÓTSPOR KNOPFLERS** Terence Reis, sem fetar í fótspor Marks Knopfler, á tónleikum með The Straits í London. NORDICPHOTOS/GETTY

➜ Plata Dire Straits, Brothers in Arms, hefur selst í yfir þrjátíu milljónum eintaka.

# Hannar á söngkonu

Sævar Markús Óskarsson hannar á Melody Prochet.

„Við eigum sameiginlegan vin í París sem kynnti okkur. Eftir að hafa spjallað komumst við að því að við eigum ansi mikið sameiginlegt,“ segir fatahönnuðurinn Sævar Markús Óskarsson, sem sérhannar kjóla fyrir frönsku söngkonuna Melody Prochet. Hún er meðlimur frönsku poppsveitarinnar Melody‘s Echo Chamber, sem hlotið hefur frábæra dóma fyrir samnefnda plötu sína í tónlistartímaritunum Q Magazine og Drownd In Sound.

„Hún er einstaklega hrifin af hönnun minni og kjólarnir sem ég er að gera fyrir hana eru með aðeins öðruvísi mynstrum en ég hef venjulega verið að gera. Hún mun klæðast kjólunum á tónleikum og ýmsum öðrum viðburðum,“ segir Sævar, sem vinnur nú að gerð nýrrar fatalínu sem verður fáanleg í versluninni Kiosk innan skamms.



**HANNAR Á FRANSKA SÖNGKONU** Sævar Markús Óskarsson hannar kjóla fyrir söngkonu frönsku hljómsveitarinnar Melody's Echo Chamber. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Aðspurður segir Sævar að það sé mikið hrós fyrir sig sem fatahönnuð að fá að hanna flíkur á Melody. „Hún hefur fengið mikið lof fyrir sína fyrstu plötu og það verður áhugavert að sjá hvernig okkar samstarf mun þróast í nánustu framtíð,“ segir hann að lokum. - áo



**OF MONSTERS AND MEN** Hljómsveitin vinsæla á upphafslagið á safnplötunni This Is Icelandic Indie Music.






# Útlendingar kaupa íslenskt indí

Safnplatan This Is Icelandic Indie Music seldist mest allra á Íslandi í sumar.

Vinsælasta platan hér á landi í sumar var This Is Icelandic Indie Music. Hún hefur setið í efsta sæti Tónlistans undanfarnar vikur og hefur, að sögn útgefandans Haralds Leví Haraldssonar hjá Record Records, selst í um þrjú þúsund eintökum.

Aðspurður segir Haraldur að erlendir ferðamenn hafi helst keypt plötuna en margir Íslendingar hafi þó einnig fengið sér eintak. „Ég vissi að þetta gæti svínvirkað en bjóst ekki við því að hún yrði mest selda platan yfir allt sumarið,“ segir hann.

Eins og oft vill verða seljast „gamlar“ plötur vel yfir sumartímann vegna allra ferðamannanna sem hingað koma. Þar má nefna plötur með Of Monsters and Men, Retro Stefson og Hjaltalín, sem allar komu út í fyrra. Mest hefur samt Dýrð í dauðaþögn með Ásgeiri Trausta selst, eða í um tvö þúsund eintökum, samkvæmt útgefandanum Senu. Á þessu ári hefur hún selst í um fjögur þúsund eintökum. Samanlagt hefur hún selst í rétt innan við þrjátíu þúsund eintökum síðan hún kom út fyrir um ári síðan.

Vinsælustu plöturnar í sumar sem komu út á þessu ári hafa verið Kveikur með Sigur Rós og Samaris með rafpoppsveitinni Samaris, auk safnplötunnar Tíminn flýgur áfram. -fb

➜ Upphafslag This Is Icelandic Indie Music er King and Lionheart með Of Monsters and Men.




# Málmhaus sýnd á BIFF í S-Kóreu

Kvikmyndin Málmhaus verður sýnd á BIFF-hátíðinni í Suður-Kóreu í október.

Kvikmyndin Málmhaus hefur fengið inngöngu á eina af virtustu og stærstu kvikmyndahátíðum Asíu, BIFF, eða Busan International Film Festival.

Leikstjórinn Ragnar Bragason verður viðstaddur hátíðina, sem er haldin í átjánda sinn í Suður-Kóreu 3. til 12. október. Á meðal annarra íslenskra mynda sem hafa verið sýndar á hátíðinni eru Sveitabrúðkaup, The Good Heart og Englar alheimsins.

BIFF-hátíðin leggur áherslu á að að kynna nýja leikstjóra til sögunnar, oftast frá Asíulöndunum. Málmhaus verður því ein af fáum myndum á hátíðinni sem hefur enga tengingu við Asíu. Hátíðin er einnig vinsæl á meðal ungs fólks enda leggja skipuleggjendur hennar áherslu á ungt hæfileikafólk. Stærsti kvikmyndasölumarkaður Asíu fer fram á hátíðinni og því er mikil gleði innan herbúða Málmhauss yfir að hafa komist þangað inn. Kvikmyndin verður frumsýnd á Íslandi 11. október.



**MÁLMHAUS** Kvikmyndin Málmhaus verður sýnd á BIFF-hátíðinni í Asíu í október.

➜ Málmhaus verður einnig sýnd á kvikmyndahátíðinni í Toronto sem hefst í dag og þar kallast hún Metalhead.

# Uppselt á Haustráðstefnu Advania

## 6. september 2013




# Þökkum frábærar viðtökur!

## Haustráðstefna Advania

Ráðstefnan verður haldin föstudaginn **6. september á Nordica Hilton hóteli**. Hún fjallar meðal annars um snjallar lausnir, nýsköpun og upplýsingaöryggi.

Við bjóðum **fjórar fyrirlestralínur** sem innihalda flest það sem skiptir máli í upplýsingatækni og stjórnun nútímafyrirtækja:

- Stafræn útgáfa og framt...
- Reynslusö...

...nn og skoðaðu dagskrána.
...raning á **advania.is/haustradstefna**

**Skrá...**

**...00 kr.**

**Ef þú skráir þig fyrir 31. ágúst.**

# UPPSELT!

Guðrúnartún 10 | 105 Reykjavík | Sími 440 9000 | advania@advania.is | www.advania.is

advania
Welcome to IT

HVÍTA HÚSIÐ/SÍA 13-2326

# FRÉTTABLAÐIÐ

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** • SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 **VÍSIR**

**RITSTJÓRN** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **AUGLÝSINGADEILD** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN** Ísafoldarprentsmiðja

Póst dreifing

**DREIFING:** dreifing@postdreifing.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060



Tískudagar 5.–8.sept. Smáralind


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Hrafn býður aftur í bíó

Heimabíó **Hrafns Gunnlaugssonar** er orðið að föstum lið á Alþjóðlegri kvikmyndahátíð í Reykjavík, RIFF. Í fyrra bauð hann fólki heim til sín á Laugarnestanga til að horfa á eigin mynd, Hrafninn flýgur, og var eftirspurnin eftir sæti í stofunni hans langt umfram framboð. Hrafn hefur því ákveðið að bjóða gestum RIFF aftur til sín og í þetta sinn verður mynd hans Óðal feðranna frá árinu 1980 sýnd. Viðburðurinn fer fram 29. september og munu vafalítið færri komast að en vilja.

- fb



### Lögin höfðu sætaskipti

„Eat your heart out Emiliana!“ skrifar **Gunnar Lárus Hjálmarsson** (dr. Gunni) á Facebook-síðu sína í gærmorgun. Var þá nýbirtur Vinsældarlisti Rásar 2 og fyrir lá að doktorinn hafði haft fyrsta sæti listans af **Emilíönu Torrini**. Á íslensku gæti kveðjan útlagst: „Vertu öfundsjúk Emilíana!“

Bæði lögin hafa verið á listanum í sex vikur en höfðu nú sætaskipti. Lag Gunna, Glaðasti hundur í heimi, fór í það fyrsta og lag Emilíönu, Speed of Dark, datt niður í annað sæti.

Nýrri plötu Emilíönu hefur verið tekið vel á alþjóðavísu og lagið sem missti toppsætið á Rás 2 var lag dagsins hjá bandarísku útvarpsstöðinni KCRW í fyrradag. Ekki er því loku fyrir það skotið að með enn auknum frama Emilíönu á alþjóðavísu kunni lögin enn að hafa sætaskipti á íslenskum vinsældarlistum.

- óká



## Mest lesið Vísir

1. Ómetanlegum hring stolið: „Eina sem ég erfði eftir mömmu“
2. Þór Óliver ákærður fyrir að hóta lögreglumönnum
3. Hafði aðgang að símum foreldra
4. Walcott: Rooney leit út eins og leikari í hryllingsmynd
5. Þráðormur í líkama Ríkharðs III





